GESTUR RÚNARSSON

*Ánægðastur í hóptímum*

heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



NORÐURLAND

*Líflegt heimilishald*

Félagsheimili breytt í íverustað listamanna

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar 1. -10 júní

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. maí 2006 — 144. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Það var stúlka

Stjörnuparið Angelina Jolie og Brad Pitt er eitt vinsælasta umfjöllunarefnið hjá slúðurblöðum heimsins um þessar mundir og ágangurinn á síst eftir að minnka nú þegar nýr erfingi er kominn í heiminn.



FÓLK 28

## Kveður við nýjan tón



Baggalútur verður í Hawaii-stuði á sinni næstu plötu sem lokið verður við á Flúðum.

FÓLK 38

## Kosningavaka

„Sveitarstjórnarkosningar eru að mörgu leyti miklu skemmtilegri en alþingiskosningar enda birtist þar mun fjölbreyttari spegill," segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 18

## Engar morðhótanir

Markvörðurinn Bjarni Þórður Halldórsson játar að hafa kallað „slátrið þeim" inn á völlinn í leik Fylkis og FH en ummælin fóru mikið fyrir brjóstið á þjálfara FH. Bjarni segir of mikið gert úr málinu.



ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNINGIN AÐ KOMA** Í dag verður vaxandi suðaustlæg átt, 10-15 m/s síðdegis, hvassast syðst. Fer að rigna með landinu sunnan- og vestanverðu þegar líður á daginn en bjart með köflum á Norður- og Austurlandi. Hiti 7-14 stig.

VEÐUR 4








**MEIRIHLUTI MYNDAÐUR Í REYKJAVÍK** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, verðandi borgarstjóri, og Björn Ingi Hrafnsson, sem tekur við formennsku í borgarráði, eftir meirihlutamyndunina í gær. „Við eigum eftir að útfæra önnur atriði en það sem er komið og það sem er eftir hefur einkennst af þeirri jákvæðni sem hefur einkennt viðræðurnar fram að þessu," sagði Björn Ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Nýir tímar eru að hefjast í Reykjavík

**Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa myndað meirihluta í Reykjavík. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, verður næsti borgarstjóri. Björn Ingi Hrafnsson verður formaður borgarráðs.**

**REYKJAVÍK** Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn náðu samkomulagi um myndun meirihluta síðdegis í gær. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, verður borgarstjóri. Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokksins, verður formaður borgarráðs. Björn Ingi lætur af störfum sem aðstoðarmaður forsætisráðherra.

„Við eigum eftir að útfæra önnur atriði en það sem er komið og það sem er eftir hefur einkennst af þeirri jákvæðni sem hefur einkennt viðræðurnar fram að þessu. Við erum bjartsýnir og viljum hefjast þegar handa," sagði Björn Ingi Hrafnsson í gær.

Gróf drög liggja fyrir um skiptingu annarra embætta milli flokkanna. Ekki fást upplýsingar um það hvernig skiptingin verður og segja menn að tíminn sé nægur og að ekki hafi verið gengið frá því. Það verði gert næstu daga. Það er þó ljóst að samkomulag er um jafnræði í nefndum milli flokkanna. Litlir flokkar, sem eru í þeirri stöðu sem Framsóknarflokkurinn er, fá gjarnan hlutfallslega stóran hlut í þeim.

Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að Framsóknarflokkurinn fái formennsku í Faxaflóahöfnum fyrstu tvö árin og stjórn Orkuveitunnar seinni tvö árin. Ekki hefur verið gefið upp hver þykir líklegastur í embætti forseta borgarstjórnar en Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, þykir koma sterklega til greina. Þá er ljóst að Óskar Bergsson hefur áhuga á skipulagsnefnd en hann er húsasmíðameistari og rekstrarfræðingur að mennt.

„Okkar málefnaskrá grundvallast á mjög góðri framtíðarsýn fyrir Reykjavík, metnaðarfullri framtíðarsýn, þar sem tekið er á brýnustu hagsmunamálum Reykvíkinga á sviði málefna eldri borgara og fjölskyldumála, skipulags-, samgöngu- og lóðamála," sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í blaðamannafundi fyrir utan heimili sitt í gær.

„Það ríkir mjög gott traust á milli okkar og það er enginn ágreiningur. Við erum sammála um það sem þarf að gera. Við ætlum að beita okkur, vera dugleg og framkvæma og auka lífsgæðin í borginni á næstu árum. Við erum mjög ánægð með þessa niðurstöðu og okkar fólk líka og ég vona að borgarbúar getri treyst því að nú hefjist nýr tími í Reykjavík," sagði hann.

ghs@frettabladid.is

Niðurstöður í Fjarðabyggð:

## Meirihluti L-lista og B-lista

**KOSNINGAR** Í gærkvöldi komust Fjarðarlistinn og Framsóknarflokkur að samkomulagi um áframhaldandi samstarf í bæjarstjórn í Fjarðabyggð. Samanlagt eru þeir með sex bæjarfulltrúa af níu.

Í dag kalla oddvitar listanna saman sína félagsmenn til fundar þar sem málefnasamningurinn verður lagður fyrir til samþykktar. Oddvitarnir vildu ekkert gefa upp hvað fælist í málefnasamningnum að svo stöddu.

Flokkarnir tveir sátu saman í meirihluta á liðnu kjörtímabili og voru Sjálfstæðisflokkur og Biðlisti í minnihluta. Biðlistinn hlaut engan fulltrúa núna og mun Sjálfstæðisflokkur því sitja einn í minnihluta með þrjá fulltrúa. - sdg

Sprengingar í Bagdad:

## Fréttamenn CBS drepnir

**ÍRAK, AP** Bílsprengja sprakk nærri fréttamannateymi CBS-sjónvarpsstöðvarinnar í Bagdad í gær, með þeim afleiðingum að myndatöku- og hljóðmaðurinn létu lífið en fréttamaðurinn, Kimberley Dozier, liggur alvarlega sár á sjúkrahúsi.



KIMBERLY DOZIER

Minnst átta bílsprengjur sprungu í Írak í gær, og virtust þær flestar vera liður í skærum sjía- og súnnímúslima. Myndatökumaðurinn, Paul Douglas, og hljóðmaðurinn, James Brolan, voru báðir Bretar en höfðu lengi starfað fyrir CBS. Þeir, og hermaður úr herdeildinni sem fréttamennirnir voru að fylgja eftir á Minningardegi Bandaríkjahers, dóu í sprengingunni. Að minnsta kosti 37 manns til viðbótar létu lífið í sprengingum gærdagsins, flestir í Bagdad.

Tugir fréttamanna hafa særst, verið drepnir eða rænt í Írak frá innrásinni vorið 2003. - aa

Heilbrigðisstofnun Austurlands vantar svæfingalækni í fasta stöðu:

# Fæðingardeild lokar í sumar

**HEILBRIGÐISMÁL** Fæðingardeild Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað hættir starfsemi í tíu daga í byrjun júní. Ástæðan er sú að ekki tekst að ráða svæfingalækni til sjúkrahússins á þessu tímabili. Fastráðinn svæfingalæknir hefur ekki verið við Heilbrigðisstofnun Austurlands, sem Fjórðungssjúkrahúsið tilheyrir, síðan í haust.

Stefán Þórarinsson hjúkrunarforstjóri segir að vegna skorts á fastráðnum svæfingalækni hafi áður orðið tímabundin truflun á bráðaþjónustu sjúkrahússins. „Þetta er auðvitað ekki nógu gott en samt óviðráðanlegt. Svæfingalæknar á Íslandi eru of fáir en við erum þó búin að ráða lækni frá 11. júní og út sumarið." Stefán segir að svæfingalæknar séu aðallega fengnir frá Landspítalanum en nú fari í hönd tími sumarleyfa og því erfitt að fá lækna til starfa tímabundið.



**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Í NESKAUPSTAÐ** Starfsemi fæðingardeildarinnar mun liggja niðri í tíu daga í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA

Ljósmóðir við fæðingardeildina í Neskaupstað segir að þetta snerti sex til átta konur beint. Þessar konur séu tilneyddar að sækja þjónustu norður á Akureyri eða til Reykjavíkur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að nokkrar þeirra séu búnar að gera slíkar ráðstafanir og kostnaður fjölskyldna þeirra við flug, gistingu og uppihald geti numið um og yfir hundrað þúsund krónum eftir atvikum.

- shá






## SPURNING DAGSINS

*Ragnheiður, voru þetta gúmmítékkar sem þú sendir út?*

„Nei alls ekki, þeir flögruðu upp."

Fasteignaeigendur í Mosfellsbæ fengu glaðning í formi endurgreiðsluávísunar frá bænum undirritaða af bæjarstjóranum rétt fyrir kosningar. Ragnheiður Ríkharðsdóttir er ennþá bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Jafnréttisstofa fagnar auknum hlut kvenna í sveitarstjórnarkosningum:

# Konum fjölgar um 4 prósent

**KOSNINGAR** Hlutur kvenna í sveitarstjórnum landsins jókst í nýafstöðnum kosningum um tæp fjögur prósent frá kosningunum árið 2002. Í dag er hlutfall kvenna í sveitarstjórnum komið í 35,9 prósent. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi jafnt og þétt síðustu áratugi. Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri Jafnréttisstofu, segir að áberandi mikil fjölgun hafi verið árið 1978, í fyrstu kosningunum eftir Kvennafrídaginn, og svo aftur árið 1982, eftir að Vigdís Finnbogadóttir varð forseti.

Jafnréttisstofa fagnar þessari þróun og telur nauðsynlegt að sambærileg kynjahlutföll verði í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum sveitarfélaganna. „Þó hlutur kvenna sé að aukast í sveitarstjórnum er það ekki að skila sér jafn vel í nefndarhlutföllum. Það á sérstaklega við málaflokka á borð við skipulagsmál og fjármál. Þarna viljum við sjá breytingu," segir Silja.



**SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR, SVIÐSSTJÓRI JAFNRÉTTISSTOFU** Nokkuð vantar upp á að sveitarfélög framfylgi lögum um að koma sér upp jafnréttisáætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Jafnréttisstofa minnir á að öllum sveitarstjórnum ber skylda til að fela nefnd á vegum sveitarfélagsins umsjón með jafnréttismálum á kjörtímabilinu. Sveitarfélög eiga samkvæmt lögum að vera komin með jafnréttisáætlun innan árs frá kosningum.

Jafnréttisstofa mun í haust halda námskeið um jafnréttisstarf á þeim vettvangi fyrir nefndarmenn. **- sdg**

Kauphöll Íslands:

# Hlutabréf hækka á ný

**HLUTABRÉF** Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,83 prósent í gær og stendur í 5.649 stigum. Vísitalan hefur ekki verið hærri í tæpar tvær vikur. Hlutabréf Alfesca og Straums hækkuðu mest eða um 4,2 prósent, Landsbankinn hækkaði um 3,7 prósent og Dagsbrún um 3,6 prósent.

Mikil velta var á markaði, um 13,8 milljarðar króna, en þar af voru ein viðskipti í TM upp á 10,4 milljarða króna. Á föstudaginn var tilkynnt um kaup Blátjarnar, félags í eigu Björgólfsfeðga og Sunds, á þriðjungshlut í TM og fóru þau í gegnum viðskiptakerfið í gær. **- eþa**

Þreifingar á Akureyri:

# S-listi og D-listi hefja viðræður

**KOSNINGAR** Í gær sleit Samfylkingin meirihlutaviðræðum við vinstri græna og L-lista en þessir þrír flokkar sátu saman í minnihluta á seinasta kjörtímabili.

„Þegar leið á viðræðurnar varð okkur ljóst að þessi meirihluti þriggja flokka yrði of veikur til að geta gengið til þeirra verka í bænum sem til þarf," sagði Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar.

Eftir að slitnaði upp úr viðræðunum hafði Samfylkingin samband við Sjálfstæðisflokkinn og munu viðræður þeirra á milli hefjast í dag. **- sdg**

Vestmannaeyjar:

# Nauðgun kærð

**LÖGREGLUMÁL** Ung stúlka kærði rúmlega þrítugan karlmann fyrir nauðgun í heimahúsi í Vestmannaeyjum um helgina en rannsókn málsins stendur enn yfir hjá lögreglu.

Var stúlkan við gleðskap ásamt manninum aðfaranótt laugardags þegar atvikið átti sér stað að sögn stúlkunnar. Var maðurinn yfirheyrður strax í kjölfar þess að kæra barst en látinn laus að þeim loknum. Neitaði maðurinn sök og stendur rannsókn enn yfir. **- aöe**

Akureyrin EA-110:

# Lést í eldsvoða

Annar mannanna sem létust í eldsvoðanum um borð í Akureyrinni EA-110 á laugardag hét Birgir Bertelsen og bjó í Skessugili 9 á Akureyri. Birgir var 27 ára gamall, ókvæntur og barnlaus.

Ekki er unnt að greina frá nafni hins mannsins að svo stöddu. **- sh**

# Eyþór stýrir starfi Sjálfstæðisflokksins

**Eyþór Arnalds mun stýra starfi Sjálfstæðisflokksins í Árborg næstu tólf mánuði þrátt fyrir að hann taki sér frí frá setu í bæjarstjórn þar til hann endurheimtir ökuleyfi sitt. Hann segist með þessu standa fyllilega við fyrri yfirlýsingu sína.**

**KOSNINGAR** Eyþór Arnalds, fyrsti maður á lista sjálfstæðismanna í Árborg, mun stýra starfi flokksins sem efsti maður á lista þótt hann taki ekki sæti í bæjarstjórn fyrr en hann hefur tekið út refsingu fyrir ölvunarakstur. Lögregla handtók Eyþór fyrir ölvunarakstur og fyrir að yfirgefa slysstað aðfaranótt 14. maí og hann hefur nú verið sviptur ökuleyfi í 12 mánuði og gert að greiða 150 þúsund krónur í sekt.

Lengd ökuleyfissviptingarinnar gefur til kynna að áfengismagn í blóði Eyþórs hafi mælst á bilinu 1,2 til 1,5 prómill, en það varðar við fjársektir og ökuleyfissviptingu að aka með yfir 0,5 prómill í blóði.

Eyþór ætlar ekki að taka sæti í bæjarstjórn fyrr en hann hefur endurheimt ökuleyfið að ári liðnu en segist þó munu stýra flokksstarfi Sjálfstæðisflokksins. „Ég stend að fullu við yfirlýsinguna sem ég gaf út fyrir tveimur vikum um að ég taki mér frí frá bæjarstjórn á meðan ég tek út refsinguna. Það breytir því ekki að ég er réttkjörinn efsti maður og vinn sem slíkur með mínu fólki. Ég er örugglega fyrsti stjórnmálamaðurinn sem þarf ökuleyfi til að sitja í bæjarstjórn á Íslandi."

Þórunn Jóna Hauksdóttir, sem skipar annað sætið á lista Sjálfstæðismanna, segist munu gegna oddvitastöðu flokksins á bæjarstjórnarfundum þar til Eyþór kemur þar inn.

Samkvæmt formanni kjörstjórnar í Árborg var talsvert um það að Eyþór hafi verið strikaður út af lista sjálfstæðismanna þótt það hafi verið langt frá því að breyta uppröðun listans. Til þess hefðu 51 prósent kjósenda flokksins þurft að strika nafn Eyþórs út.



**ODDVITAR** Eyþór Arnalds segist stýra starfi sjálfstæðismanna í Árborg en Þórunn Jóna Hauksdóttir segist verða oddviti á bæjarstjórnarfundum.

Aðspurður segir Eyþór útstrikanirnar ekki hafa áhrif á framhaldið. Hann hafi hvatt fólk til að strika sig út en haldi sæti sínu þrátt fyrir það.

Eyþór mun fara í áfengismeðferð í júní eins og hann hafði lofað í yfirlýsingu sinni.

Samfylking, Vinstri hreyfingin - grænt framboð og Framsókn funduðu um myndun meirihlutasamstarfs í gær og því bendir allt til þess að Eyþór og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum muni sitja í minnihluta bæjarstjórnar á næsta kjörtímabili. **stigur@frettabladid.is**



**DÓMKIRKJAN Í BORGÅ** Þakið brann af einni elstu kirkju Finnlands í fyrrinótt.

Eldsvoði í fornri finnskri kirkju:

# Grunur leikur á íkveikju

**FINNLAND** Lögregla í finnska bænum Borgå, um 50 km austur af Helsinki, sagði í gær að grunur léki á að íkveikja hafi valdið eldsvoða, sem í fyrrinótt olli alvarlegum skemmdum á dómkirkjunni sem þar hefur staðið frá miðöldum.

Talsmenn lögreglunnar tjáðu Hufvudstadsbladet að eldurinn hefði kviknað utan við kirkjuna. Rannsókn stendur enn yfir.

Kirkjan er ein elsta bygging Finnlands, að hluta frá 13. öld. Hún er einnig söguleg fyrir þær sakir að árið 1809 hýsti hún þing þar sem Rússakeisari féllst á að Finnland héldi undir hans stjórn trú og stjórnskipan þeirri sem hefð hafði skapast fyrir í þau 700 ár sem landið heyrði undir Svíakonung. Kirkjan er fjölsótt af ferðamönnum og vinsæl til giftinga. **- aa**

Eldurinn í Akureyrinni:

# Kviknaði í út frá ljósabekk

**SJÓSLYS** Eldurinn í Akureyrinni EA-110 sem varð tveimur mönnum að bana á laugardag kviknaði út frá rafmagni í ljósabekk á frístundarými skipsins. Svo virðist sem bilun hafi orðið í stjórnbúnaði bekkjarins sem olli því að eldur kviknaði. Bekkurinn bráðnaði í eldinum og við það mynduðust eiturgufur sem líklega hafi dregið mennina til dauða. Rannsókn á eldsupptökunum er lokið að því er lögreglan í Hafnarfirði hermir.

Samkvæmt upplýsingum frá Samherja munu sjópróf fara fram í Héraðsdómi Reykjaness á næstu dögum. **- sh**


BÍLL DAGSINS

NISSAN PATHFINDER LE IT

Nýskr 04.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 4 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Frumvarp um nýsköpun afgreitt í skyndingu í gær:

# Sumarþing hefst í dag

**STJÓRNMÁL** „Iðnaðarnefnd var gerð ómyndug í gær þegar breytingar á frumvarpi iðnaðarráðherra um byggðaþróun, tæknirannsóknir og nýsköpun voru afgreiddar frá nefndinni," segir Helgi Hjörvar, Samfylkingunni, en hann á sæti í nefndinni. Alþingi kemur saman í dag en störfum þess var frestað vegna sveitarstjórnarkosninganna.

Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki og varaformaður nefndarinnar, kaus að sitja ekki fundinn, en hann er andvígur frumvarpinu. „Á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins (í gær) var það mat ráðherra að afgreiða yrði frumvarpið úr nefnd til þess að stöðva ekki afgreiðslu annarra mála í þinginu," segir Einar Oddur. „Ég vék af þeim sökum út á hliðarlínuna."

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokknum, segir að breytingar iðnaðarráðherra á frumvarpinu séu til bóta. „Gert er ráð fyrir skýrari stjórnsýslulegri aðgreiningu byggðamála og tæknirannsókna, en auk þess verða málefni byggðasjóðs endurskoðuð í nefnd sem skilar niðurstöðum árið 2008," segir Sigurður Kári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er andstaðan síst minni en áður við frumvarpið og óvíst hvort það verður afgreitt sem lög frá sumarþinginu, sem kemur saman í dag. Þingið hefst á umræðum um frumvarp menntamálaráðherra um breytingar á rekstri Ríkisútvarpsins, en Sjálfstæðisflokkurinn leggur kapp á að það verði afgreitt. **- jh**

## ÁRBORG

**Meirihlutaviðræður** Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og vinstri grænir eiga í viðræðum um meirihlutasamstarf í Árborg. Tveir fyrrnefndu flokkarnir sátu saman í meirihluta á seinasta kjörtímabili. Vinstri grænir voru ekki með mann inni seinast en fengu einn fulltrúa nú.

www.sko.is

# Í fljótu bragði virðast þessir GSM símar allir eins.

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO, **www.sko.is**




| | **Síminn**<br>GSM frelsi | **Og Vodafone**<br>GSM frelsi | **SKO**<br>GSM þjónusta |
|---|---|---|---|
| Upphafsgjald | 4,00 kr. | 3,00 kr. | **2,90 kr.** |
| Hringt í farsíma innan sama kerfis | 11,00 kr. | 10,90 kr. | **14,90 kr.** |
| Hringt í farsíma hjá öðrum | 23,00 kr. | 23,10 kr. | **14,90 kr.** |
| SMS | 10,00 kr. | 10,70 kr. | **4,90 kr.** |

**14,90 kr.** Mínútuverð | **4,90 kr.** SMS verð | **0,00 kr.** Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.

Fiton/SÍA

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 29.05 2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,43 | 72,77 |
| Sterlingspund | 134,91 | 135,57 |
| Evra | 92,40 | 92,92 |
| Dönsk króna | 12,392 | 12,464 |
| Norsk króna | 11,814 | 11,884 |
| Sænsk króna | 9,936 | 9,994 |
| Japanskt jen | 0,6448 | 0,6486 |
| SDR | 107.66 | 108,3 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**127,9537**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn í meirihluta á Ísafirði:

# Allt óbreytt hjá bæjarstjóra

**KOSNINGAR** Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, heldur embættinu í meirihlutasamtarfi sjálfstæðis- og framsóknarmanna á næsta kjörtímabili. Í-listinn myndar minnihlutann.

Framsóknarmenn höfðu gert kröfu um ópólitískan bæjarstjóra, en létu undan. „Ég lít svo á að íbúarnir hafi viljað það, því við fengum átta prósenta fylgisaukningu,“ segir Halldór. Fulltrúi framsóknarmanna, Guðni Geir Jóhannesson, verður formaður bæjarráðs.

Flokkarnir tveir ætla að undirrita meirihlutasamning á föstudaginn. Framsóknarflokkurinn mun fara með nefndarformennsku í umhverfisnefnd, atvinnumálanefnd, hafnarstjórn og hjúkrunarheimilisnefnd. Sjálfstæðisflokkurinn mun fara fyrir fræðslunefnd, menningarmálanefnd, félagsmálanefnd, landbúnaðarnefnd, íþrótta- og tómstundanefnd, barnaverndarnefnd, byggingarnefnd GÍ og starfshópi um tölvumál. Um aðrar nefndir verður samið hverju sinni.



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Bæjarstjórinn segir fylgisaukningu við Sjálfstæðisflokksins hafa tryggt honum bæjarstjórnarstólinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sjálfstæðisflokknum hafði verið spáð fylgistapi á Ísafirði í könnunum: „Við unnum hins vegar sleitulaust og af tvöföldum krafti þegar við heyrðum niðurstöðu kannananna,“ segir Guðni Geir og bætir við að á opnum fundum hafi sterk staða flokksins umfram Í-listann orðið kjósendum ljós. **- gag**

Meirihluti D-lista í Hveragerði:

# Nýr bæjarstjóri verður ráðinn

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn myndar nýjan meirihluta í Hveragerði með fjóra bæjarfulltrúa. A-listi Framsóknarflokks, Samfylkingar og óflokksbundinna, sem sátu í meirihluta, fékk þrjá bæjarfulltrúa.

Að sögn Aldísar Hafsteinsdóttur, oddvita D-lista, hefur nýi meirihlutinn ekki hist formlega. Aldís segir að núverandi bæjarstjóri, Orri Hlöðversson, hafi lýst yfir í aðdraganda kosninganna að hann yrði bæjarstjóraefni A-listans. „Orri var kallaður til af A-lista á sínum tíma og því eðlilegt að með nýjum mönnum verði skipt um þá stöðu.“ **- sdg**

Orkumál í Evrópu:

# Kolin gegna sínu hlutverki

**BRUSSEL, AP** Kol hafa hlutverki að gegna við að mæta framtíðarorkuþörf Evrópu, að því gefnu að ný tækni geri það mögulegt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við brennslu þeirra. Þetta sagði Andris Piebalgs, sem fer með orkumál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, á ráðstefnu í Gliwice (Gleiwitz) í Póllandi.

Benti hann á að nægar birgðir væru af kolum í jörðu í Evrópu og nægilegt framboð því tryggt, ólíkt olíu og jarðgasi sem að mestu er flutt inn frá fjarlægari svæðum. Sem stendur kemur um þriðjungur allrar raforkuframleiðslu í ESB úr kolaorkuverum. **- aa**



**ATKVÆÐI TALIN** Frá talningu atkvæða í Róm í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið til borgarstjórna á Ítalíu:

# Vinstriflokkar höfðu betur

**ÍTALÍA, AP** Flokkabandalag vinstri- og miðjuflokka, sem stendur að ríkisstjórn Romanos Prodi á Ítalíu, hélt meirihluta í borgarstjórnum Rómar, Tórínó, Napolí og fleiri borgum landsins í sveitarstjórnarkosningum í gær, en í Mílanó, sem lengi hefur verið eitt helsta vígi hægrimanna, var það mjótt á mununum að erfitt var að segja fyrir um úrslit á grundvelli fyrstu talna.

Piero Fassino, leiðtogi stærsta flokksins í mið- og vinstriflokkabandalaginu sagði úrslitin „almennan sigur fyrir miðju- og vinstrimenn, en vonir Berlusconis um uppreisn æru brustu.“ Hægriflokkabandalag Berlusconis tapaði naumt í þingkosningunum í apríl. **- aa**



**GUNNAR I. BIRGISSON** Bæjarstjórinn í Kópavogi næstu fjögur árin, Gunnar I. Birgisson, hættir nú alfarið á þingi en hann sat á þingi þangað til hann settist í stól bæjarstjóra á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

# Gunnar verður áfram bæjarstjóri

**Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn halda áfram meirihlutasamstarfi í Kópavogi og verður málefnasamningur lagður fyrir fundi flokkanna annað kvöld. Gunnar I. Birgisson hættir á þingi og verður bæjarstjóri í Kópavogi.**

**KÓPAVOGUR** Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn halda áfram meirihlutasamstarfi í Kópavogi. Gunnar I. Birgisson, oddviti Sjálfstæðisflokks, verður bæjarstjóri og hættir á þingi. Ómar Stefánsson, oddviti Framsóknarflokks, verður forseti bæjarráðs.

Samkomulag flokkanna náðist seint á mánudagskvöldið og verður málefnasamningurinn lagður fyrir fulltrúaráð flokkanna annað kvöld. Ómar Stefánsson á von á því að afgreiðslan verði snögg og fundurinn frekar stuttur.

Skipting embætta og nefndaskipan flokkanna er svipuð og verið hefur. Samkomulag er um skipti á formennsku í tveimur stórum nefndum. Framsóknarflokkurinn fær formennsku í skipulagsnefnd og skólanefnd og Sjálfstæðisflokkurinn fær í staðinn formennsku í félagsmálaráði og íþrótta- og tómstundaráði.

Gunnar I. Birgisson verður bæjarstjóri Kópavogs næstu fjögur árin og er þar með hættur á þingi og í landsmálunum, í bili að minnsta kosti. „Það fellur betur að mínu skapi að vera bæjarstjóri. Ég vil sjá hlutina gerast,“ segir hann en útilokar ekki að fara í landsmálin síðar.

Gríðarleg óánægja er meðal samfylkingarfólks og vinstri grænna með framkomu framsóknarmanna síðustu daga. Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar, segir meirihlutamyndunina mikil vonbrigði. Vonir hafi staðið til að hægt yrði að mynda meirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.

„Við leituðum allra leiða til að ná fundi Ómars Stefánssonar með það að markmiði að ræða meirihlutasamstarf. Hann vildi ekki hitta okkur en óskaði eftir skriflegu tilboði með hugsanlegri skiptingu í embætti og spurði hvort við værum tilbúin til að gefa þeim eftir bæjarstjórastólinn. Við höfnum alfarið slíkum vinnubrögðum,“ segir Guðríður.

Ómar segir að samstarfið við sjálfstæðismenn hafi verið farsælt og framsóknarmenn séu sáttir við að halda því áfram. Hann segist aldrei hafa óskað eftir skriflegu tilboði frá Samfylkingunni. „Ég er oddviti framsóknarmanna. Ég stýri þessum viðræðum. Ég fór aldrei fram á neitt skriflegt tilboð frá Samfylkingunni. Samfylkingin er bara að reyna að búa sér til stöðu til að halda sér í fjölmiðlum.“ **ghs@frettabladid.is**

Svartfjallaland:

# Stefnan sett á ESB-aðild

**BRUSSEL, AP** Milo Djukanovic, forsætisráðherra Svartfjallalands, sagðist í gær vongóður um að land sitt væri á góðri leið með að geta hafið viðræður um aðild að Evrópusambandinu, eftir að Svartfellingar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu í liðinni viku að slíta ríkjasambandi við Serbíu.

Að svo stöddu vildi hann þó ekki nefna hvenær hann teldi raunhæft að ætla að af inngöngu landsins í ESB gæti orðið. En í fyrstu utanlandsferð sinni eftir sjálfstæðisatkvæðagreiðsluna, sem lá í höfuðstöðvar ESB í Brussel, áréttaði hann að það væri markmið Svartfellinga að fá sem fyrst aðild að sambandinu. **- aa**



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Forstjóri Orkuveitunnar segir virkjunina geta staðið af sér skjálfta upp á 7 á Richter.

Skjálftahrina á Hellisheiði:

# Stærsti skjálfti tæp 3 stig

**JARÐSKJÁLFTI** Jarðskjálfti, tæp þrjú stig á Richter, mældist snemma í gærmorgun á Hellisheiði um fjóra kílómetra norðvestur af Hveragerði. Um 40 minni skjálftar fylgdu í kjölfarið en að sögn jarðskjálftafræðings á Veðurstofunni var hrinunni lokið skömmu síðar.

Jarðskjálftar á þessu svæði vekja upp spurningar um öryggi Hellisheiðarvirkjunar en að sögn Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra Orkuveitunnar, mun sú virkjun geta staðið af sér jarðskjálfta allt upp í 7 á Richter og því segir hann ekkert að óttast. **- sh**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HÚN NÁLGAST** Hún er ekki langt undan lægðin sem nú nálgast landið og breytir veðrinu. Vindur vex síðdegis og í kvöld og má búast við strekkingi sunnanlands og vestan en hægur verður hann lengst af fyrir norðan og austan. Austast á landinu ætti að verða bjart fram eftir degi. Þessari lægð fylgja ágæt hlýindi og á morgun kæmi mér ekki á óvart að sjá hátt í 18 stiga hita einhvers staðar á Norðausturlandi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI** Suðaustan 5-10 m/s. Skýjað að mestu og fer að rigna síðdegis. Hiti 7-11 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | London | 14°C hálfskýjað | Alicante | 26°C hálfskýjað |
| Billund | 14°C skúrir | París | 13°C skúrir | Mallorca | 22°C hálfskýjað |
| Osló | 15°C skúrir | Frankfurt | 14°C skúrir | Algarve | 25°C skúrir |
| Stokkhólmur | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 10°C skúrir | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 14°C hálfskýjað | Berlín | 13°C skúrir | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# Fagnaðu nýrri Corollu með grillveislu




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32658 05/2006

## Góður bíll - og grillið fylgir.

Sumarið er góður tími til að gleðja vini og fjölskyldu. Þess vegna fylgir öllum seldum Corolla einstaklega veglegur grillpakki að verðmæti 130 þús. krónur: Gæða Permasteel grill frá Byko, grillábreiða, 10 kg gaskútur, hágæða grilltangasett og 10 manna grillveisla frá Nóatúni. Allt þetta færðu samansett og sent heim til þín. Það gerist varla betra. Fagnaðu nýrri Corollu með grillveislu.

**Corolla er einn** vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

**Á endanum velur þú Corolla.**
Verð frá 1.859.000 kr.



**Grillpakki að verðmæti 130 þús. krónur:**
**Gæða Permasteel grill frá Byko, grillábreiða, 10 kg gaskútur, hágæða grilltangasett og 10 manna grillveisla frá Nóatúni.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000



## KJÖRKASSI

*Fylgdistu með talningu atkvæða fram eftir nóttu í sveitarstjórnarkosningunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 71% |
| Nei | 29% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu ánægð(ur) með nýja borgarstjórann í Reykjavík?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Formennirnir ánægðir með myndun nýs meirihluta í borginni:

# Eru bjartsýnir á samstarfið

**KOSNINGAR** Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, segist fagna því að búið sé að mynda meirihluta í Reykjavík. „Ég tel að Vilhjálmur verði góður borgarstjóri og að þetta verði styrkur og samheldinn meirihluti.“

Geir segir alla möguleika hafa verið opna og ljóst að þegar viðræður við Frjálslynda flokkinn gengu ekki upp þá hafi þetta verið það næsta í stöðunni. „Ég hef fulla trú á því að þetta verði farsælt og gott samstarf Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í borginni.“



**FORMENNIRNIR** Geir og Halldór eru ánægðir með samstarf sinna manna í Reykjavík.

Halldóri Ásgrímssyni, formanni Framsóknarflokksins, líst vel á samstarf síns flokks og Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn.

„Ég tel að það sé sjálfsögð skylda að taka þátt í stjórn borgarinnar. Það lá fyrir að samstarf með öðrum gekk ekki upp eftir að það hafði verið prófað. Björn Ingi er mjög öflugur maður sem á eftir að reynast borgarbúum vel,“ segir Halldór. Margir framsóknarmenn hafi lengi komið að stjórn borgarinnar, þar á meðal Björn Ingi.

Hann segir algjörlega út í hött að samstarfið í borgarstjórn hafi að einhverju leyti tengst afgreiðslu frumvarps Valgerðar Sverrisdóttur úr iðnaðarnefnd í gær eins og Katrín Júlíusdóttir gaf í skyn. „Það er fráleitt að láta sér detta það í hug að málefnum ríkisstjórnar og borgarinnar sé blandað saman með þessum hætti.“ - bg/sdg

Klipptu fingur á Akureyri:

# Sæta varðhaldi til föstudags

**LÖGREGLA** Þrír karlmenn voru á laugardag úrskurðaðir í gæsluvarðhald til föstudags grunaðir um hrottalegar misþyrmingar í húsi á Akureyri síðastliðinn fimmtudag, þar sem meðal annars var klippt framan af fingri manns með garðklippum.

Mennirnir hafa komið áður við sögu ofbeldismála, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Lögreglan á Akureyri óskaði eftir gæsluvarðhaldi yfir mönnunum til þriðjudagsins 6. maí en Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði sem fyrr segir að þeir skyldu hafðir í varðhaldi til föstudags. - sh

Meirihlutinn hélt á Hornafirði:

# Leitað út fyrir meirihlutann

**KOSNINGAR** Úrslit kosninganna í Hornafirði voru þau að meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hélt. Þrátt fyrir það eru framsóknarmenn nú í viðræðum við Samfylkinguna um myndun nýs meirihluta.

Reynir Arnarson, oddviti Framsóknarflokksins, segir ekkert út á meirihlutasamstarfið með Sjálfstæðisflokknum að setja. „En það var bara ákveðið að fara þessa leið.“

Halldóra B. Jónsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokks, er hissa á þessum vinnubrögðum fyrrverandi samstarfsflokksins og segist ekkert hafa heyrt frá Reyni þrátt fyrir að hafa reynt að ná sambandi við hann. - sdg

Segir af sér þingmennsku:

# Sigurrós tekur við af Gunnari

**ALÞINGI** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lýst yfir að hann muni segja af sér þingmennsku.



**SIGURRÓS ÞORGRÍMSDÓTTIR**

Sigurrós Þorgrímsdóttir, fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi, mun taka við sæti Gunnars og koma inn sem aðalmaður.

Sigurrós hefur setið sem varamaður fyrir Gunnar frá því hann tók sér leyfi frá þingmennsku 1. október síðastliðinn til að sinna bæjarstjórastöðu í Kópavogi. - sdg



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, sleit viðræðum við Ólaf F. Magnússon, oddvita frjálslyndra, skyndilega eftir hádegið í gær. Nokkrum stundum síðar var hann búinn að semja við framsóknarmenn um myndun meirihluta í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Samhljóm vantaði hjá frjálslyndum

**Sjálfstæðismenn komu frjálslyndum að óvörum þegar þeir afboðuðu skyndilega meirihlutaviðræður í gær. Oddviti frjálslyndra talaði um vonbrigði en oddviti sjálfstæðismanna taldi samhljóm hafa vantað.**

**REYKJAVÍK** Sjálfstæðismenn komu öllum á óvart og slitu skyndilega viðræðum við frjálslynda eftir hádegið í gær. Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslynda flokksins, talaði um vonbrigði og var myrkur í máli yfir skugga sem hann taldi að hefði borið á farsæl samskipti þeirra Vilhjálms í borgarstjórn í 16 ár.

Atburðarásin var hröð. Þrír efstu menn Sjálfstæðisflokksins hittu efstu menn Frjálslynda flokksins í fyrrakvöld og var boðaður fundur aftur strax eftir hádegið í gær. Frjálslyndir notuðu morguninn til að undirbúa viðræðurnar og biðu svo eftir Vilhjálmi. Um tvö hringdi Vilhjálmur og afboðaði fundinn. Ástæðan? Ekki væri grundvöllur fyrir meirihlutasamstarfi, frjálslyndir væru of ósveigjanlegir í flugvallarmálinu.

Vilhjálmur sagði á blaðamannafundi í gær að „alvöruviðræður“ við framsóknarmenn hefðu hafist eftir að viðræðum við frjálslynda var slitið. Þeir Björn Ingi hefðu hinsvegar verið búnir að ræða saman áður. „Þegar flokkar hljóta ekki hreinan meirihluta þá þurfa menn að tala saman. Það höfum við verið að gera,“ sagði Vilhjálmur.

„Það fannst einfaldlega ekki nægilega mikill samhljómur með frjálslyndum. Það er mjög mikilvægt þegar nýr meirihluti er myndaður að þar ríki gagnkvæmt traust, áhugi og vilji til þess að ráðast í framkvæmdir og vinna vel. Ég treysti Birni Inga fullkomlega til að leiða þann vaska hóp sem tekur við stjórn borgarinnar 1. byrjun júní,“ sagði Vilhjálmur.

„Ég held að Framsóknarflokkurinn hafi haft einstakt tækifæri til að stíga út úr skugga Sjálfstæðisflokksins, gríðarleg pólitísk tækifæri til að endurnýja sig og laða fólk til fylgis við sig á ný í samstarfi fjögurra flokka í staðinn fyrir að vera áfram í gamalkunnu hjólfari,“ sagði Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.

„Ég er hissa á því að framboðandinn ungi hjá B-listanum sem talaði af bjartsýni og einlægni framan í sjónvarpsmyndavélarnar sé orðinn áttundi maður Sjálfstæðisflokksins,“ sagði Svandís Svavarsdóttir, oddviti vinstri grænna. „Ef endurreisn flokksins felst í því að læsa sig fastar saman við Sjálfstæðisflokkinn þá skil ég ekki þeirra pólitísku nef. Það er spurning hvort það sé verið að bjarga ríkisstjórninni.“

ghs@frettabladid.is

Þrír flokkar reyna að koma sér saman um samstarf á Dalvík:

# Samfylking ein í andstöðu

**KOSNINGAR** Samfylkingin bíður átekta á meðan Vinstri hreyfingin - grænt framboð, Sjálfstæðisflokkur og Framsókn eru í viðræðum um meirihlutasamstarf á Dalvík.

Svanfríður Jónasdóttir, efsti maður á lista Samfylkingarinnar sem hlaut 42 prósent atkvæða, segir ekki annað hægt en að bíða eftir niðurstöðu viðræðna flokkanna þriggja. Vinstri grænir hafi þegar svikið stærsta kosningaloforð sitt um að starfa ekki með hinum flokkunum tveimur.

Svanfríður segir að hún vilji engu svara um hvort Samfylkingin sé tilbúin að starfa með fulltrúa vinstri grænna, Jóhanni Ólafssyni, hætti hann við samstarfið við hina: „Þegar hlutirnir æxlast svona strax eftir kosningar og menn fara út í svona viðræður eins og þarna eru í gangi kemur upp algerlega ný staða.“ Hlutir hafi gerst sem hún, ásamt hinum tveimur fulltrúum Samfylkingarinnar, þurfi að meta vandlega.



**SVANFRÍÐUR JÓNASDÓTTIR**

Jóhann segir viðræðurnar á byrjunarstigi. Ekkert sé fast í hendi og engin kosningarloforð verið svikin.

„Okkar stefnuskrá miðar að því að auglýsa eftir bæjarstjóra. Við stöndum við það loforð. Svanfríður byrjaði á að leita til framsóknarmanna um meirihlutasamstarf, þannig að við vorum ekki fyrsti kostur í hennar samstarfi,“ segir Jóhann og bætir við: „Okkur buðust viðræðurnar og fannst sjálfsagt að kanna þær.“ - gag

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands:
Metnaður, gæði og árangur.
Allar upplýsingar í síma **525 4386** og á **www.hi.is**.
Umsóknarfrestur er til 6. júní.

TEC hjólhýsin
–hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi




www.seglagerdin.is
Eyjarslóð 5, sími 511 2200




Hún er komin já

**Ný Símaskrá er komin út.** Dreifing er hafin og mun skráin fást ókeypis á bensínstöðvum um land allt, í verslunum Símans og Og Vodafone.



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða sögufræga stað heimsótti páfinn í fyrradag?*

2 *Hvað heitir nýr formaður bæjarráðs í Kópavogi?*

3 *Hver sigraði í Mónakó-kappakstrinum?*

SVÖR Á BLS. 38

Auglýst eftir hjúkrunarfræðingum á Barnaspítalann:

# Hágæslu verður komið á í haust

**HEILBRIGÐISMÁL** Stefnt er að því að hágæsluþjónustu verði komið á á Barnaspítala Hringsins seint í sumar eða í haust, að sögn Ragnheiðar Sigurðardóttur, deildarstjóra á vökudeild spítalans.

Starfshópur hefur unnið að undirbúningi og skipulagningu hágæsluþjónustunnar. Auglýst hefur verið eftir starfsfólki til að taka þátt í þróun hennar og hefja þjálfun fyrir starfið sem fyrst. Ragnheiður segir töluverð brögð hafa verið við auglýsingunum, bæði utan úr bæ og af spítalanum.

„Ég get ekki upplýst um hve mörg stöðugildi það eru á þessari stundu.“ segir hún. Fram hefur komið að ráða þarf tvær vaktalínur hjúkrunarfræðinga, sem svarar 8-10 stöðugildum. Hágæsla felst í nákvæmu eftirliti með mjög veikum sem þó eru ekki í öndunarvél. Þurfi sjúklingur í öndunarvél er hann fluttur yfir á gjörgæslu, að sögn Ragnheiðar.

Svo sem kunnugt er gáfu Jóhannes Jónsson í Bónus, Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristín Jóhannesdóttir 300 milljónir til verkefnisins fyrir nokkru og verður upphæðin greidd í áföng-



**BARNASPÍTALINN** Starfshópur hefur unnið að undirbúningi og skipulagningu hágæsluþjónustunnar á barnaspítala Hringsins.

Maður flúði undan lögreglu:

# Með fíkniefni á ofsahraða

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík handtók aðfaranótt laugardags mann sem ók á 140 kílómetra hraða í Ártúnsbrekkunni þar sem hámarkshraði er 80 kílómetrar á klukkustund.

Maðurinn var ekki á því að hlýða fyrirmælum og stöðva bílinn heldur flúði undan lögreglu og náðist loks eftir æsilegan eltingaleik á Suðurlandsbraut við Langholtsveg.

Við leit á manninum fannst nokkuð af amfetamíni og kókaíni. Maðurinn ók fimm sinnum yfir á rauðu ljósi á meðan á eltingaleiknum stóð og má eiga von á ökuleyfissviptingu og háum fjársektum. - sh

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

**Kosningaúrslit 2006**

## TÁLKNAFJÖRÐUR

**Sjálfstæðismenn unnu í** Tálknafirði voru 194 á kjörskrá og þar af greiddu 169 atkvæði. Átta seðlar reyndust auðir og ógildir. D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut 105 atkvæði og þrjá menn kjörna og T-listi Tálknafjarðarlistans hlaut 64 atkvæði og tvo menn kjörna. Óbundin kosning var í sveitarfélaginu 2002.

## MÝRDALSHREPPUR

**Sjálfstæðisflokkur vann í** Mýrdalshreppi voru 377 á kjörskrá og þar af greiddu 323 atkvæði. Auðir seðlar og ógildir voru 21. B-listi Framsóknarflokks hlaut 144 atkvæði og tvo menn kjörna og D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut 179 atkvæði og þrjá menn kjörna. D-listi Sjálfstæðisflokks nær þar með meirhluta en D, B, og K-listi hafa starfað saman síðan 2002.

## RANGÁRÞING YTRA

**Meirihlutinn hélt velli í** Rangárþingi ytra voru 1.027 á kjörskrá og þar af greiddi 851 atkvæði. Auðir seðlar og ógildir voru 22. B-listi Framsóknarflokks hlaut 357 atkvæði og þrjá menn kjörna, D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut 428 atkvæði og fjóra menn kjörna og K-listi almennra íbúa hlaut 66 atkvæði og engan mann kjörinn. Sjálfstæðisflokkur heldur meirihluta sínum frá 2002.



**FANGABÚÐIR** Úr bandarísku fangabúðunum í Guantanamo á Kúbu. NORDICPHOTOS/AFP

Bresk samtök segja börn í haldi í Guantanamo:

# Sakaðir um að pynta börn

**BRETLAND** Mannréttindasamtök á Bretlandi telja að börnum hafi verið haldið í Guantanamo-fangabúðum Bandaríkjahers á Kúbu. Breska blaðið Independent on Sunday greindi svo frá á sunnudag.

Staðhæfa samtökin að allt að sextíu börn undir átján ára aldri hafi verið vistuð í búðunum og vísa því til staðfestingar á gögn bandaríska landvarnarráðuneytisins sem opinberaði nöfn fanganna í síðasta mánuði. Segir lögfræðingur samtakanna að ungmenni hafi sætt löngum yfirheyrslum og jafnvel pyntingum í fangelsinu, og til að mynda hafi einum fanganna ungu verið brigslað um þátttöku í sprengjutilræðinu í Lundúnum í fyrra þegar pilturinn var aðeins tólf ára gamall og búsettur í foreldrahúsum í Sádi-Arabíu.

Stutt er síðan Goldsmith lávarður, lögfræðilegur ráðunautur bresku stjórnarinnar, skoraði á ríkisstjórn Bandaríkjanna að loka fangelsinu. Á nýlegri ráðstefnu um hryðjuverk áréttaði hann að stundum væri þörf á sveigjanleika og takmörkun réttinda. Hins vegar væru ákveðnar reglur sem ekki þyldu neinar málamiðlanir og ein þeirra væri réttur manna til sanngjarnar málsmeðferðar. - khh



**VON UM FRELSI** Fangar halda í girðingu á bandarísku fangabúðunum í Guantanamo á Kúbu. Bresk mannréttindasamtök saka Bandaríkjaher um að hafa haldið börnum í búðunum og pyntað þau. NORDICPHOTOS/AFP












Ótakmörkuð
símtöl í
alla heimasíma
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is Ljósm. Svenni Speight



UPPÁKLÆDDUR Richard Vigil nefnist þessi maður, sem er af ættum frumbyggja Ameríku. Um helgina fögnuðu indjánar af ættbálkinum Jicarilla Apache árlegri „pow wow“ hátíð á verndarsvæði við Las Vegas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðræður milli Samfylkingar, Framsóknarflokks og vinstri grænna í Mosfellsbæ:

# Góður tónn í mönnum

**MOSFELLSBÆR** Viðræður um myndun meirihluta Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs hófust síðdegis í gær. Jónas Sigurðsson, oddviti Samfylkingarinnar, var bjartsýnn á að samkomulag tækist en menn myndu samt taka sér nokkra daga.

„Ég býst ekki við neinni niðurstöðu því að við eigum eftir að fara yfir ýmsa þætti,“ sagði Jónas í gær og taldi líklegt að menn myndu afla gagna og undirbúa sig vel þannig að farið yrði yfir málefnasviðið til að byrja með.

Fulltrúar flokkanna hittust fyrst á sunnudaginn og ákváðu þá að hefja umræður. Á þeim fundi kom fram að hvorki skilyrði né kröfur hefðu verið settar af hálfu flokkanna.



MOSFELLSBÆR Miklar líkur eru á meirihluta Samfylkingar, VG og Framsóknar.

„Það eru allir þættir uppi á borðinu til að semja um. Við stöndum frammi fyrir því vali að ráða ópólitískan bæjarstjóra eða setja fram einhvern pólitískan bæjarstjóra úr þessum hópi. Það er umræða sem á eftir að taka,“ sagði hann.

Marteinn Magnússon, oddviti Framsóknarflokksins, sagði að tónninn væri góður en vildi ekki gefa neitt upp um það hvort bæjarstjórinn ætti að vera pólitískur eða ekki.

„Við skorumst ekki undan neinu. Við öxlum þá ábyrgð sem þarf en það á eftir að ræða þetta. Það hefur enginn flokkur sett fram neinar kröfur,“ sagði hann. - ghs

Þrælahald viðurkennt:

# Viðgengst í Máritaníu

**MÁRITANÍA, AP** Herforinginn Ely Ould Mohamed Vall hefur stigið fram fyrir skjöldu og hvatt íbúa Norður-Afríkuríksins Máritaníu til að standa saman gegn þrælahaldi.

Þrælahald viðgengst enn í landinu þótt það hafi verið bannað með lögum í tuttugu og fimm ár.

Vall hvatti íbúa landsins til að nýta rétt sinn í komandi kosningum þar sem kosið verður um stjórnarskrárbreytingar, en gaf að öðru leyti ekki upp neinar frekari áætlanir um hvernig hægt væri að uppræta þrælahald í landinu. -khh

Óvissa á Þórshöfn:

# M-listi Xmotor í lykilaðstöðu

**KOSNINGAR** M-listinn Xmotor stendur með pálmann í höndunum í nýju sveitarfélagi Þórshafnar- og Skeggjastaðahrepps eftir kosningar á laugardag. Listinn fékk einn mann kjörinn en K-listi og O-listi þrjá menn hvor.



BJÖRN INGIMARSSON

Þórir Jónsson, einn þriggja bræðra á listanum, segir nafnið þannig tilkomið að á honum séu mótoristar af ýmsu tagi. Hann segir viðræður við O-lista þegar hafnar. Skólamál og þjónusta við íbúa séu forgangsmál. Þórir býst við að Björn Ingimarsson sveitarstjóri starfi áfram. - ssal

Víkin-Sjóminjasafn Reykjavíkur bætir safnkost sinn:

# Safninu færð höfðingleg gjöf

**SÖFN** Hjónin Kolfinna Bjarnadóttir og Hinrik Bjarnason í Reykjavík hafa fært Víkinni-Sjóminjasafni í Reykjavík minjasafn sitt að gjöf. Flestir gripirnir hafa þegar verið afhentir safninu.

Minjasafn Hinriks og Kolfinnu, eins og fyrrverandi eigendur þess kalla safnið, hefur að geyma 680 gripi sem tengjast æskuheimili þeirra, ættfólki og umhverfi í Austur-Húnavatnssýslu og Árnessýslu auk atvinnu og mannlífi í Blöndudal, Stokkseyri og úr Flóanum í Árnessýslu. Flestir gripirnir eru frá miðri nítjándu öld og fram á fimmta áratug tuttugustu aldar en allmargir eru þó eldri. Safnið er ekki flokkað sérstaklega heldur samanstendur það af munum sem Kolfinnu og Hinriki hafa þótt áhugaverðir.

Sigrún Magnúsdóttir, forstöðumaður Víkurinnar-Sjóminjasafns Reykjavíkur, segir að um stórkostlega gjöf sé að ræða. „Okkur finnst það mikill heiður að geta gert sumaropnun okkar veglega úr garði með því að sýna muni þessara hjóna. Sýningin heitir Úr ranni forfeðranna og er alfarið byggð á þeim munum sem þessi heiðurshjón gefa safninu nú.“ Sýningin er að sögn Sigrúnar lýsandi fyrir samfélag liðinna tíma og þá horfnu menningu sem einkenndi Ísland áður, ekki síst verkmenningu. - shá



FRÁ SÝNINGUNNI Hjónin Kolfinna Bjarnadóttir og Hinrik Bjarnason hafa gefið minjasafn sitt sem telur 680 gripi frá nítjándu og tuttugustu öld.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

## Kosningaúrslit 2006

### GRÍMSNES OG GRAFNINGUR

**Munaði fimm atkvæðum** í Grímsnes- og Grafningshreppi voru 271 á kjörskrá og þar af greiddu 223 atkvæði. Sjö seðlar voru auðir og ógildir. C-listi lýðræðissinna hlaut 109 atkvæði og tvo menn kjörna og K-listi óháðra kjósenda hlaut 114 atkvæði og þrjá menn kjörna. Meirihluti C-lista frá 2002 er þar með fallinn.

### ÞÓRSHAFNAR- OG SKEGGJASTAÐAHREPPAR

**M-listi í lykilaðstöðu** í nýju sameinuðu sveitarfélagi Þórshafnar- og Skeggjastaðahreppa voru 376 á kjörskrá og þar af greiddu 304 atkvæði. Auðir seðlar og ógildir voru fjórtán. K-listi komandi framtíðar hlaut 123 atkvæði og þrjá menn kjörna, M-listi Xmotor hlaut 54 atkvæði og einn mann kjörinn og O-listi samstarfs til sóknar hlaut 127 atkvæði og þrjá menn kjörna.

### VOPNAFJÖRÐUR



**Meirihlutinn hélt velli** Á Vopnafirði voru 532 á kjörskrá og þar af greiddi 471 atkvæði. Tuttugu seðlar voru auðir og ógildir. K-listi félagshyggjufólks hlaut 257 atkvæði og fjóra menn kjörna og N-listi nýs afls hlaut 214 atkvæði og þrjá menn kjörna. K-listi heldur meirihlutanum frá kosningunum 2002.

### KOSNINGAR

**Vilja sameiningu** Samhliða sveitarstjórnarkosningunum á laugardag fór fram könnun meðal íbúa í Arnarneshreppi og Hörgárbyggð hvort þeir væru hlynntir sameiningu sveitarfélaganna. Niðurstaða könnunarinnar var sú að 126 íbúar eru hlynntir sameiningu og 26 eru henni andvígir.

### SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

**Meirihlutinn féll** í Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru 357 á kjörskrá og þar af greiddu 315 atkvæði. Sex seðlar voru auðir og ógildir. A-listi framfarasinna hlaut 117 atkvæði og tvo menn kjörna, E-listi Einingar hlaut 83 atkvæði og einn mann kjörinn og L-listi um farsæla sameiningu hlaut 115 atkvæði og tvo menn kjörna. Meirihluti L-lista frá kosningunum 2002 er þar með fallinn.

### HÖRGÁRBYGGÐ

**Helgi Steinsson efstur** í Hörgárbyggð var óbundin kosning. Íbúar á kjörskrá voru 287 og þar af greiddi 181 atkvæði. Kosningu hlutu Helgi B. Steinsson, Birna Jóhannesdóttir, Árni Arnsteinsson, Jóhanna María Oddsdóttir og Guðný Fjóla Árnmarsdóttir.

### HRUNAMANNA-HREPPUR

**Meirihlutinn hélt velli** í Hrunamannahreppi voru 479 á kjörskrá og þar af greiddu 382 atkvæði. Auðir seðlar og ógildir voru 21. Á-listi hlaut 154 atkvæði og tvo menn kjörna og H-listi, Listi samstarfshóps um sveitarstjórnarkosningar hlaut 228 atkvæði og þrjá menn kjörna. H-listinn heldur þar með meirihlutanum frá kosningunum 2002.

### VESTURBYGGÐ

**Meirihlutinn féll** í Vesturbyggð voru 686 á kjörskrá og þar af greiddu 597 atkvæði. Auðir og ógildir seðlar voru 29. D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut 252 atkvæði og þrjá menn kjörna og S-listi Samfylkingar hlaut 345 atkvæði og fjóra menn kjörna. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og óháðra frá 2002 féll þar með.

### SVALBARÐSHREPPUR

**Sigurður Jens efstur** í Svalbarðshreppi var óbundin kosning. Íbúar á kjörskrá voru 82 og þar af greiddu 55 atkvæði. Kosningu hlutu Sigurður Jens Sverrisson, Ragnar Skúlason, Hreinn Geirsson, Friðrik Guðmundsson og Stefán Eggertsson.

Auglýsing:

# Reykjavíkurmaraþon frábær upp[illegible]tun fy[illegible] Menninga[illegible]ótt



Menningarnótt verður formlega sett um leið og skemmtiskokk Reykjavíkurmaraþonsins kl. 11.00 þann 19. ágúst í Lækjargötunni. Menningarnótt og Reykjavíkurmaraþon eru orðnir stærsti viðburður landsins er gert ráð fyrir að allt að hund[illegible] þúsund manns sæki þessi [illegible] viðburði. Það er því ljóst að sann[illegible] kölluð karnivalstemmning verður í bænum þennan dag.

Allar tegundir listgreina og óheft hugmyndaauðgi borgarbúa einkennir dagskrá Menningarnætur. Fjölmörg fyrirtæki, félög og stofnanir sýna á sér nýja hlið og standa fyrir metnaðarfullri dagskrá, auk þess sem allar listastofnanir og gallerí í miðborginni eru galopin með óteljandi viðburðum.

Skráning í Reykjavíkurmaraþonið er í fullum gangi á heimasíðu maraþonsins www.marathon.is og á glitnir.is Við hvetjum alla sem vettlingi geta valdið að taka þátt og þeir sem ekki ætla að hlaupa geta verið í klappliðinu því ek[illegible]af að styðja þá sem ætla að h[illegible] [illegible] umferð í Vesturbæ á meðan h[illegible]parar fara þar í gegn, sérstaklega milli 11.10 og 12.00. Reykjavíkurmaraþon biður akandi og gangandi vegfarendur að sýna hlaupurum tillitsemi. Kort af leiðinni er að finna á marathon.is.

Afar gott samstarf hefur verið milli Höfuðborgarstofu og þeirra sem sinna öryggis- og umferðarmálum. Á Menningarnótt verður starfandi aðgerðamiðstöð Lögreglunnar í Reykjavík, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Slysa- og bráðavaktar LSH, Reykjavíkurborgar og fleiri, sem bera ábyrgð á [illegible]

[illegible] Reykjavík mun sinn[illegible] lokun gatna í tengsl[illegible] nda viðburði. [illegible] verður lokað, [illegible] annars vega[illegible] við maraþonið [illegible] [illegible] Útlistun á lokun [illegible] ur auglýst síðar og sett á vef [illegible] ar í Reykjavík.

[illegible] Menningarnætur og Reykjavíkurmaraþonsins er fyrir alla ald[illegible] enda hefur það sýnt sig að fjölsk[illegible] halda gjarnan hópinn þennan dag. Mannfjöldinn í miðborginni verður mikill á laugardaginn og lýkur dagskránni með stórfenglegri flugeldasýningu við Reykjavíkurhöfn.

Auglýsing:

# Hlaupahópur Glitnis vex og dafnar

Besta leiðin til að undirbúa sig fyrir Reykjavíkurmaraþon Glitnis er að skrá sig í hlaupahóp á glitnir.is. Hlaupahópar hafa verið starfræktir í allan vetur og verða fram að maraþoninu. Hlaupahópur Glitnis hleypur frá styttunni af sjómanninum á Kirkjusandi þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.30. Hlaupahópurinn er opinn öllum að kostnaðarlausu og eru allir velkomnir. Að þessu sinni eru þjálfararnir þrír kraftmiklir og reyndir kappar sem heita Eymundur, Stefán Ingi og Þórsteinn. Þjálfararnir senda út hlaupaáætlun á tölvupósti tvisvar í viku og ýmsa mola um gagnsemi hlaupa og hreyfingar almennt. Í upphafi er farið mjög rólega af stað til að tryggja að enginn heltist úr lestinni og mælst til þess að hlauparar gangi og hlaupi til skiptis svo að þeir ofkeyri sig ekki. Í hlaupahópnum færðu leiðsögn mjög hæfra þjálfara og æfingaáætlun fyrir hverja viku. Núna er rétti tíminn að byrja að æfa.

Það verður boðið upp á tvo hópa til að byrja með: Byrjendahóp fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í götuhlaupum eða þá sem ekki hafa verið að hlaupa lengi en langar til að geta hlaupið 10 km í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis seinna í sumar.

Síðan er annar hópur fyrir þá sem hafa hlaupið áður eða hafa reynslu úr öðrum íþróttagreinum og langar að ná betri tíma í 10 km hlaupinu. Hugsanlega verður þriðji hópurinn starfræktur fyrir þá sem ætla í hálft eða heilt maraþon og verður það auglýst síðar.

Umhverfissvið Reykjavíkur lét nýlega kanna hversu oft Reykvíkingar færu á stærstu útivistarsvæði borgarinnar og hvernig þeir notuðu svæðin. Staðirnir sem spurt var um voru Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðaárdalurinn. Kom í ljós að tæplega 32% borgarbúa fara þrisvar eða oftar á ári í Heiðmörkina, rúmlega 11% fer þrisvar eða oftar á útvistarsvæðið við Rauðavatn og 45% borgarbúa fer þrisvar eða oftar á ári í Elliðaárdalinn. Samkvæmt þessu er greinilega að Elliðaárdalurinn er langvinsælasta útivistarsvæði Reykja-víkur. Einnig kom fram að ... borgarbúa koma aldrei í Ell... dalinn, 33% aldrei í Heiðmörk... aldrei við Rauðavatn. ... ljós að íbúar í Árbæ ... rafa... sækja þessi útvistarsvæ... meira ... íbúar í öðrum hverfum.

Ætla má að 28. þúsund ... mánaðarlega í Heiðmörkina ... Reykjavíkursvæðinu sem er ... vinsælt útivistarsvæði sem ... sækja óháð búsetu í borg... Íbúar í Grafarholti og Á... vegar útivistarsvæðið ... en íbúar í miðborg... Háaleiti minnst.

Maraþonhlaupið sjá... 18 ára og eldri. Hálfma... er opið hlaupurum 16 ára og ... km og skemmtiskokkið e... opin þó er bent á að æskile... ára og yngri hlaupi 10 km ... góðum undirbúningi.

Allir þátttakendur fá ... þegar þau ... Laugardalshöll... ágúst kl. 12:00 - 2... er boðið í sund ... hlaupadaginn og daginn eft... daginn 20. ágúst í boði ÍTR. ... endum er boðið til pastaveisl... Barilla, föstudaginn 18. á... 18:00-21:00 í félagsheimili Fé... borgarara í Reykjavík í Glæsi... Umferðardeild Lögreglu... Reykjavík... ...ur lokað, líkt og undanf... annars vegar í tengslu... maraþonið og hins vegar ...di Færanleg salerni verða nálæ...km, 12km, 18km, 23km og 34km. Læknar og hjúkrunarlið verður til reiðu meðan á hlaupinu stendur og til aðstoðar er hlauparar koma í mark. Félagar úr Hjálparsveit skáta í Reykjavík veita aðstoð á hlaupaleiðinni og við markið. Aðalsamstarfsaðili Reykjavíkurmaraþonsins er Glitnir.








Hólmvíkingar ósáttir við nafnið Strandabyggð:

# 117 höfnuðu tillögum

**KOSNINGAR** Alls 117, eða þriðjungur kosningabærra, höfnuðu öllum þremur tillögum að nöfnum á nýsameinuðu sveitarfélagi Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps á Ströndum.

Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri á Hólmavík, segir það hlutverk fulltrúa nýrrar sveitarstjórnar að taka ákvörðun um hvað þeir geri. „Yfirstrikanirnar náðu ekki fimmtíu prósentum. Ákvörðunin er blátt áfram að staðfesta nafngiftina eða ekki,“ segir Ásdís og bætir við að gamla nafngiftin, Hólmavíkurhreppur, verði áfram nafn sveitarfélagsins staðfesti nýja stjórnin ekki nafnið Strandabyggð.



**GAMLI BÆRINN Á HÓLMAVÍK** Fjöldi Hólmvíkinga vildi ekki nöfnin Strandabyggð, Sveitarfélagið Strandir eða Strandahreppur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN

Valdemar Guðmundsson, fulltrúi meirihlutans, segir enga ákvörðun tekna fyrr en sveitarstjórnin kemur saman, fimmtán dögum eftir kosningar. - gag



**ALLT Í RÚST** Karlmaður leitar í rústum heimilis síns að hlutum sem nota megi í bráðabirgðaskýli. Um 200.000 manns urðu heimilislaus á laugardag, þegar jarðskjálfti sem mældist 6,3 á Richter reið yfir eyna Jövu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Minnst 5.100 fórust á Jövu

**Hlutar Indónesíu eru í rúst eftir jarðskjálfta á Jövu á laugardag. Virkni í eldfjallinu Merapi hefur þrefaldast og er óttast um afdrif íbúa á svæðinu.**

**INDÓNESÍA, AP** Hjálpargögn tóku að berast í gær til svæða í Indónesíu sem jarðskjálftinn á laugardag lagði í rúst, en yfirvöld sögðu birgðir ekki berast nógu hratt til fólksins, enda samgöngur á eyjunni í lamasessi eftir skjálftann.

Samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðuneytis Indónesíu í gær fórust 5.138 í skjálftanum á eynni Jövu. Skjálftinn mældist 6,3 að styrkleika á Richterskala. Talsmaður ráðuneytisins sagði lík sem grafin voru í fjöldagröfum strax eftir jarðskjálftann vera inni í þessari tölu, en óttast er að hún eigi enn eftir að hækka.

Fyrsta flugvél Sameinuðu þjóðanna lenti í borginni Solo á Jövu í gær, nærri Bantul-héraðinu sem varð einna verst úti. Vélin var full af vatni, tjöldum og elduanráhöldum. Áður höfðu Sameinuðu þjóðirnar sent þrjá vörubíla fulla af neyðarmatvælum á sunnudag, og tvær herflugvélar komu frá Singapúr með lækna og skyndihjálparbirgðir. En yfirvöld sögðu ekki nóg að gert.

„Við höfum fengið mat og lyf frá ríkinu, en það er ekki nóg,“ sagði Suparno, opinber starfsmaður í Bantul, sem heitir aðeins einu nafni líkt og margir Indónesíumenn. „Hvernig á ég að dreifa 40 kílóum af hrísgrjónum til 1,200 manns?“

Forseti Indónesíu, Susilo Bambang Yudhoyono, viðurkenndi „skort á samhæfingu“ í dreifingu hjálpargagna þegar hann heimsótti verst leiknu svæðin í gær, og bað opinbera starfsmenn um að „vera liprari.“

Starfsmenn Rauða krossins voru í viðbragðsstöðu á svæðinu vegna eldgosahættunar í Merapi-eldfjallinu, og var það vel því þeir gátu brugðist strax við og hafist handa við að dreifa mat og vatni til fólks, að sögn Sólveigar Ólafsdóttur hjá Íslandsdeild Rauða krossins. Tveir sendifulltrúar Rauða kross Íslands eru nú við störf í Aceh-héraði á Indónesíu, sem er fjarri jarðskjálftasvæðunum, að sögn Sólveigar.







Talið er að um 200.000 manns séu heimilislaus eftir jarðskjálftann, og þau sjúkrahús sem ekki hrundu eru yfirfull. Tvisvar hefur hellirignt síðan jarðskjálftinn reið yfir, sem eykur á óþægindi hinna heimilislausu.

Fjölmargar þjóðir brugðust við kalli Indónesíu í gær, og lofuðu að senda fé, matar- og vatnsbirgðir og sérhæft starfsfólk á svæðið.

Eldvirkni í Merapi hefur þrefaldast síðan á laugardag og streymdi glóandi hraun niður fjallshlíðarnar í gær, að sögn eldfjallafræðingsins Subandriyo, en 76 eldfjöll eru í Indónesíu.

Þetta var fjórði stóri jarðskjálftinn sem ríður yfir Indónesíu á síðustu 17 mánuðunum.

smk@frettabladid.is






allt að 1.000.000 kr. afsláttur
Notaðir bílar á frábæru verði
Dúndurtilboð
BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarninn Eirhöfða 11
VW PASSAT COMFORTLINE
400.000 Afsláttur
Árg 7/02, ek 86 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.590 þús.
Tilboð 1.190 þús.
Peugeot 306 XR Stw
160.000 Afsláttur
Árg 5/98, ek 98 þús.
Beinsk.
Verð 380 þús.
Tilboð 190 þús.
Peugeot 406 HDI
600.000 Afsláttur
Árg 4/03, ek 166 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.490 þús.
Tilboð 890 þús.
VOLVO 460
231.000 Afsláttur
Árg 6/95, ek 146 þús.
Beinsk.
Verð 330 þús.
Tilboð 99 þús.
RENAULT MEGANE RT
251.000 Afsláttur
Árg 12/97, ek 140 þús.
Beinsk.
Verð 450 þús.
Tilboð 199 þús.
HYUNDAI GALLOPER DISEL
400.000 Afsláttur
Árg 12/99, ek 117 þús.
Beinsk.
Verð 990 þús.
Tilboð 590 þús.
HONDA HRV SMART
360.000 Afsláttur
Árg 7/04, ek 45 þús.
Beinsk.
Verð 1.750 þús.
Tilboð 1.390 þús.
TOYOTA RAV 4
200.000 Afsláttur
Árg 6/05, ek 146 þús.
Sjálfsk.
Verð 590 þús.
Tilboð 390 þús.
Audi A-6 Quatro
1.000.000 Afsláttur
Árg 3/00, ek 118 þús.
Sjálfsk.
Verð 3.690 þús.
Tilboð 2.690 þús.
Peugeot 206 RC
400.000 Afsláttur
Árg 7/04, ek 38 þús.
Beinsk.
Verð 1.890 þús.
Tilboð 1.490 þús.
Peugeot 307 STW
300.000 Afsláttur
Árg 4/03, ek 97 þús.
Beinsk.
Verð 1.190 þús.
Tilboð 890 þús.
Suzuki Baleno 4x4
300.000 Afsláttur
Árg 12/98, ek 106 þús.
Beinsk.
Verð 590 þús.
Tilboð 290 þús.
Honda HRV Sport
400.000 Afsláttur
Árg 5/00, ek 84 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.290 þús.
Tilboð 890 þús.
VW Golf 4motion
360.000 Afsláttur
Árg 2/01, ek 65 þús.
Beinsk.
Verð 1.150 þús.
Tilboð 790 þús.
Tilboð dagsins
291.000 Afsláttur
VW Golf 1.4 Joker
Árg 8/97, ek 133 þús.
Beinsk.
Verð 390 þús.
Tilboð 99 þús.
OPIÐ
Virka daga 10 - 18
Laugardaga 11 - 16
Komdu strax í Bernhard Notaða Bíla, Bílakjarnanum
og gerðu frábær kaup á notuðum bíl.
BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR
Eirhöfða 11 - 110 Reykjavík - Sími: 551 7171
HÉR & NÚ / SÍA

## „ORÐRÉTT“

### *Vinslit*

**Ég tók það fram að Bandaríkjamenn hefðu brugðist vináttu okkar og trausti með því að segja samningnum upp einhliða.**

Össur Skarphéðinsson alþingismaður í Fréttablaðinu 29. maí.

### *Stór spurning*

**Kynbundið ofbeldi er dauðans alvara. Við verðum að hvetja konur til að taka hótanir alvarlega og hvetjum kerfið til að bregðast við.**

Drífa Snædal, fræðslu- og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf í Fréttablaðinu 29. maí.

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

# *Heilluð af hvers konar verkfærum*

„Ég var að klára fyrsta árið í Listaháskólanum þar sem ég er að kynna mér fræðilegu hliðina á leikhúsi. Ég fór í þetta nám til að komast að því hvað virkar fyrir sviðið, þennan töfraflöt,“ sagði Elísabet Jökulsdóttir þegar blaðamaður sló á þráðinn til hennar. Elísabet er, eins og alþjóð veit, afkastamikill rithöfundur og hefur einnig verið áberandi í leiklistarlífi og blaðamennsku á undanförnum árum. „Mér fannst upplagt að ná mér í verkfæri og kynnast leikhúsinu betur. Ég hef alltaf verið rosalega hrifin af verkfærum og finnst þau mjög spennandi. Í skúrnum hjá afa mínum var til dæmis alltaf fullt af verkfærum en verkfæri til að skrifa eru ósýnileg, en alveg jafnskemmtileg.“

Elísabet fékk hugmyndir að tveimur nýjum leikritum nýlega og vinnur nú að því að klára þau. En ekki er það allt. Hún ætlar að gefa út geisladisk með ljóðum á næstunni, vinnur að nýrri skáldsögu auk þess að skrifa bók fyrir Mál og menningu um geðhvarfasýki, en það er sjúkdómur sem Elísabet glímir við. „Ég hef haft mikið af hugmyndum en ekki getað komið öllu í framkvæmd. Þetta er spurning um að vinna með meiri einbeitni og kunna að skipuleggja sig. Það er eitthvað sem ég læri kannski í skólanum. Það er blessun að fá mikið af hugmyndum og þá fær maður löngun til að deila þeim með fólki.“

En er líf rithöfundarins bara eintóm vinna? Spurð að því hvort hún ætli ekki að taka sér frí segist hún ekki vita það ennþá af því henni þyki svo gaman að skrifa. „Maður fer auðvitað eitthvað út úr bænum og mig langar að heimsækja barnabörnin mín sem eru á Spáni. Svo langar mig austur að Heklu og upp á öræfin en ég er ekkert búin ákveða neitt. Svo fer maður reglulega á Víkingsvöllinn og Gróttuvöllinn því strákarnir mínir eru að spila þar.“ Hún syrgir það ekki að þeir spili ekki lengur í Vesturbænum. „Það getur alltaf eitthvað frjósamt gerst þegar skipt er um lið. Það gerist alltaf eitthvað spennandi við breytingar og maður lærir mest af þeim.“




Þinn daglegi skammtur af gleði

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.




1.890.000,- Beinskipt - 1.6 lítra

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarps-fjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt fleira.

Opel er besta þýska bílategundin skv. gæðakönnun bílatímaritsins Auto Bild. Í könnuninni var lagt mat á áreiðanleika, langtímagæði, þjónustu og ánægju viðskiptavina. Á hverju ári bítast Opel Astra og Volkswagen Golf um titilinn mest seldi bíll Evrópu. Nýja Astran er fallegur bíll, hlaðinn aukabúnaði og einn sá ódýrasti á götunni. Astran vekur hrifningu þína á hverjum degi, aftur og aftur.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði




**REYKJAVÍK Í GÖMLU LJÓSI** Umbylta átti miðborg Reykjavíkur samkvæmt hugmyndum sem lagðar voru fram upp úr 1960. Gömlu timburhúsinu áttu að hverfa og stór steinsteypuhús að rísa í þeirra stað. Gatan meðfram höfninni átti að vera í sjö metra hæð. Brúarstubburinn sem liggur frá Tollhúsinu var rifinn á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Miðborgin sem aldrei varð

**Nýlega var rifinn einn af minnisvörðunum um rúmlega 40 ára hugmynd um veg í sjö metra hæð yfir norðurhluta miðborgar Reykjavíkur.**

Stórvirkar vinnuvélar rifu á dögunum niður brúarstubb við Tollhúsið í Reykjavík. Sjálfsagt hafa fæstir borgarbúar velt þessum brúarstubbi fyrir sér enda löngu orðinn eðlilegur hluti af umhverfinu. Eldri íbúar kunna þó að minnast stórtækra hugmynda um veg yfir miðborgina sem liggja átti í sjö metra hæð. Stubburinn var hluti samgöngumannvirkja sem aldrei voru byggð.

Hugmyndin var að gatan næði frá Skúlagötu að Mýrargötu. Aka átti upp á aðrein við Útvarpshúsið við Skúlagötu, yfir Faxaskála, að Tollhúsinu og þaðan meðfram Hafnarhúsinu. Við það áttu að vera gatnamót og var annað hvort hægt að halda áfram og niður veginn við slippinn í Mýrargötu eða beygja niður í göng sem liggja áttu undir Grjótaþorpið. Líkt og sést á líkaninu var gert ráð fyrir að gömlu húsin í Grjótaþorpinu yrðu rifin eða flutt og ný reist í staðinn. Athyglisvert er raunar að hugmyndasmiðirnir gerðu ekki ráð fyrir að eitt einasta gamla timburhús fengi að standa áfram í miðborginni heldur áttu nýjar og stærri byggingar að koma í þeirra stað.

Eitt þeirra húsa sem þurfti að víkja samkvæmt hugmyndinni var Iðnó. Þess í stað var gert ráð fyrir að Ráðhús Reykjavíkur yrði reist á lóðinni, líkt og sjá má efst á myndinni.

bjorn@frettabladid.is



**EKIÐ UNDIR GRJÓTAÞORPIÐ** Í stað gömlu húsanna í Grjótaþorpinu áttu að koma nýbyggingar og bílastæði. Umferðinni átti að beina í stokk undir hús og stæði.



**RÚSTIR EINAR** Brúarstubburinn við Tollhúsið var malaður mélinu smærra.



**RÁÐHÚS Í STAÐ IÐNÓS** Hugmynd frá 1964 gerði ráð fyrir að Iðnó yrði rifið og Ráðhús Reykjavíkur byggt á lóðinni við norðaustur horn Tjarnarinnar. Rúmum 30 árum síðar var Ráðhúsið reist í norðvestur horninu.

# Sófa dagar

# 15-60%

afsláttur

## Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



**Aðeins til og með 1. júní**

Gildir til 1. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Skipting kynja í stjórnum Alþýðusambands Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING: SKIPULAG SUMARHÚSABYGGÐA**

# Kallað eftir framtíðarsýn

Fyrirhugaðar áætlanir um byggingu allt að sjö hundruð sumarhúsa við Úlfljótsvatn í náinni framtíð hafa vakið talsverð viðbrögð enda einsdæmi að skipulögð sé svo stór byggð sumarhúsa á einum og sama staðnum. Rök Orkuveitu Reykjavíkur, sem fékk Fasteignafélagið Klasa til að skipuleggja byggðina, eru að þar eigi fyrirtækið stórt land sem engum arði skili og þar sem meginhlutverk OR sé að skila hluthöfum sínum sem mestum arði sé vænlegt að skipuleggja þar frístundabyggð enda eftirspurn mikil eftir slíkum svæðum í nágrenni höfuðborgarinnar.

Rök mótmælenda eru að slík byggð heilsársbústaða stefni í voða öllu því sem gerir slíkan stað að náttúruperlu.



Náttúruverndarsjónarmið spili stórt hlutverk enda ógni byggðin lífríki og flóru svæðisins. Hafa nokkrir bent á nauðsyn þess að líta lengra til framtíðar hvað skipulagningu sumarhúsabyggða varðar. Annars verði hver einasta landspilda í nágrenni borgarinnar undirlögð bústöðum innan ekki langs tíma. Þar með sé að eilífu glatað tækifærið til að varðveita óspillta náttúru fyrir næstu kynslóðir borgarbúa án þess að fara langar leiðir.

Máli sínu til stuðnings benda mótmælendur á næsta óhefta fjölgun sumarhúsa á vinsælustu svæðunum; í Borgarfirði og Hvalfirði, í Grímsnesi og við Laugarvatn auk sífellt fleiri bústaða á stöðum þar sem engir voru áður. Ekkert lát virðist á uppbyggingunni og eftirspurn fari vaxandi frekar en hitt. Mál sé því til að líta til framtíðar áður en það er um seinan.

## SPURT & SVARAÐ

**JAFNRÉTTI Í STJÓRNMÁLUM**



**JÓN G. HAUKSSON**
Ritstjóri Frjálsrar verslunar.

### *Í lagi að hrópa húrra*

Jafnréttisstofa sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem því er fagnað að í nýafstöðnum kosningum hafi hlutur kynjanna jafnast umtalsvert í sveitarstjórnum landsins. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2002 var hlutur kvenna í sveitarstjórnum 31,5 prósent en er nú 35,9 prósent. Hlutur kvenna hefur aukist jafnt og þétt frá því 1978 og er nú svo komið að aðeins vantar herslumuninn að ná 40/60 skiptingu á landsvísu, segir Jafnréttisstofa.

**Er þessi staða sem upp er gefin þarna eitthvað til að hrópa húrra fyrir?** „Það er allt í lagi að hrópa húrra. Hlutur kvenna í sveitarstjórnum er að aukast jafnt og þétt. Það er samt ekki allt sem sýnist, það vantar mjög mikið upp á að konur sæki fram sem leiðtogar og leiði listana í stærstu bæjarfélögum landsins.“

Þarna má skilja að takmarkið verði 40/60. Er jafnréttisbaráttufólk ekki svolítið að gefa upp boltann með að fullu jafnrétti í þessum efnum verði aldrei náð og að menn sætti sig við það?

„Ég held að 40/60 hlutfallið sé fyrst og fremst hugsað sem áfangasigur, varða á leiðinni að 50/50 hlutfallinu. En sjálfsagt er órökrétt að tala um fullnaðarsigur þegar kemur að jafnréttisbaráttunni.“

**Hvað er mikilvægast í jafnréttisbaráttunni á þessum vettvangi?** „Mikilvægast núna er að konur einbeiti sér meira að leiðtogahlutverkinu í stærstu bæjarfélögum landsins. Kona er að hætta sem borgarstjóri og kona er að hætta sem bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Þá var kona til skamms tíma bæjarstjóri í Garðabæ og sömuleiðis í nokkra mánuði í Kópavogi. Í öllum stærstu bæjarfélögum landsins eru það að stærstum hluta karlar sem leiða listana og eru í brúnni.“

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Hugað að þingkosningum

**Ef sveitarstjórnarkosningar eru mælikvarði fyrir alþingiskosningar að ári þarf Framsóknarflokkur að hugsa sinn gang. Samfylking dalar aðeins frá síðustu alþingiskosningum. Aðrir flokkar bæta við sig, en Sjálfstæðisflokkur sýnu mest.**

Sveitarstjórnarkosningar geta verið mæling á hvernig flokkarnir munu standa sig í komandi alþingiskosningum sem væntanlega verður boðað til á næsta ári. Að ýmsu er þó að hyggja í slíkum samanburði. Bæði er það að flokkarnir bjóða ekki fram í öllum sveitarfélögum, en einnig getur kosningahegðun verið mismunandi eftir kosningum og eftir því hvaða persónur leiða lista.

Það er helst hægt að bera kjörfylgi Sjálfstæðisflokks í sveitarstjórnarkosningum saman við kjörfylgi flokksins í alþingiskosningunum, þar sem Sjálfstæðisflokkur býður fram í flestum sveitarstjórnum. Aðrir flokkar bjóða fram í eigin nafni í mun færri sveitarfélögum, og erfitt er að skoða fylgi þeirra flokka, sem bjóða fram saman í stórum sveitarfélögum, á landsvísu. Þannig getur sameiginlegt framboð á stærri stöðum eins og á Ísafirði, Reykjanesbæ og í Fjarðabyggð haft áhrif á mælingu landsfylgis þeirra flokka sem standa að framboðunum. Þess verður sérstaklega að gæta þegar fylgi flokkanna er skoðað nú í einstökum kjördæmum.

### Fylgið á landsvísu

Ef einungis er litið til gildra atkvæða í þeim 37 sveitarfélögum þar sem Sjálfstæðisflokkur bauð fram, hlaut Sjálfstæðisflokkur 42,1 prósent atkvæða. Það er nokkuð meira en flokkurinn fékk í síðustu alþingiskosningum, þegar Sjálfstæðisflokkur fékk 33,7 prósent atkvæða. Samfylkingin fær 29,9 prósent gildra atkvæða í þeim 17 sveitarfélögum sem flokkurinn býður einn fram, en fékk 31,0 prósent atkvæða á landsvísu í síðustu alþingiskosningum. Vinstri græn fengu 12,6 prósent gildra atkvæða í þeim 13 sveitarfélögum sem boðið var fram í, en fékk 8,8 prósent atkvæða á landsvísu. Framsóknarflokkur fékk 12,1 prósent gildra atkvæða nú, í þeim 23 sveitarfélögum sem flokkurinn bauð fram í eigin nafni, en hlaut 17,7 prósent í síðustu alþingiskosningum. Frjálslyndi flokkurinn hlaut 9,7 prósent gildra atkvæða í þeim sex sveitarfélögum sem boðið var fram í, en fékk 7,4 prósent í síðustu alþingiskosningum. Ef alþingis- og sveitarstjórnarkosningar væru að fullu samanburðarhæfar, mætti segja að Sjálfstæðisflokkur hefði bætt mestu fylgi við sig, frá því fyrir þremur árum. Vinstri græn og frjálslyndir hafa einnig bætt nokkru við sig. Samfylking missir tæpt prósentustig, en Framsóknarflokkur missir tæp sex prósentustig.

### Bætir við sig í öllum kjördæmum

Sjálfstæðisflokkur bætir við sig fylgi í öllum kjördæmum, ef miðað er við síðustu alþingiskosningar. Mest bætir flokkurinn við sig í Suðurkjördæmi, þar sem hann hlaut 29,2 prósent atkvæða í alþingiskosningum. Nú fær hann 49,1 prósent atkvæða í þeim sveitarfélögum sem boðið er fram í. Miklu skiptir þar gott gengi flokksins í Reykjanesbæ, Árborg og Vestmannaeyjum, auk þess sem Sjálfstæðisflokkur hlaut hreinan meirihluta í Mýrdalshreppi og Rangárþingi ytra. Minnsta fylgið í sveitarstjórnarkosningunum nú hefur flokkurinn í þeim sveitarfélögum í Norðausturkjördæmi sem flokkurinn bauð fram í, þar sem Sjálfstæðisflokkur hlaut 31,7 prósent atkvæða. Það er þó heldur meira en flokkurinn hlaut í síðustu alþingiskosningum, þegar hann fékk 23,5 prósent gildra atkvæða.

### Kraginn styrkist

Samfylking bætir einungis við sig fylgi í Suðvesturkjördæmi, ef miðað er við síðustu alþingiskosningar. Þar hlaut Samfylking 40,3 prósent atkvæða í þeim sveitarfélögum þar sem hún bauð fram í eigin nafni. Miklu skiptir þar gott gengi flokksins í Hafnarfirði, en einnig getur komið til bætt gengi í Kópavogi frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Samfylking bauð þó ekki fram á Álftanesi, í Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Mesta fylgi tapar Samfylkingin frá síðustu alþingiskosningum í Reykjavík. Meðaltalsfylgi í Reykjavíkurkjördæmi suður og norður í alþingiskosningunum var 34,8 prósent, en flokkurinn fékk nú 27,4 prósent atkvæða í Reykjavík.



**BENTU Á ÞANN SEM AÐ ÞÉR ÞYKIR BESTUR** Þó svo að sveitarstjórnarkosningum sé lokið, er ekki langt í að flokksmenn allra flokka fara að bítast í kosningum í prófkjörum, áður en farið verður að rífast um fylgið fyrir næstu alþingiskosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Eflast alls staðar

Vinstri græn fengu 6,2 prósent í Suðvesturkjördæmi í síðustu alþingiskosningum. Í þeim sveitarfélögum sem flokkurinn býður fram nú í kjördæminu fá vinstri græn hins vegar 11,5 prósent atkvæða. Líkt og Samfylking buðu vinstri græn ekki fram á Álftanesi, í Garðabæ og á Seltjarnarnesi. Minnst bættu vinstri græn við fylgi sitt í Suðurkjördæmi og Norðausturkjördæmi, eða um tvö prósentustig. Minnst var fylgi flokksins nú í Suðurkjördæmi, líkt og í síðustu alþingiskosningum. Vinstri græn hlutu 6,6 prósent atkvæða í þeim fjórum sveitarfélögum sem boðið var fram til í Suðurkjördæmi, en hlaut 4,7 prósent atkvæða kjördæmisins í alþingiskosningunum.

### Tapar mestu í Norðausturkjördæmi

Framsóknarflokkur missir fylgi frá síðustu alþingiskosningum í öllum kjördæmum nema í Suðurkjördæmi. Framsóknarflokkurinn bauð fram í næstflestum sveitarfélögum, eða 23. Af þeim sveitarfélögum sem hér liggja til grundvallar er það helst á Vesturlandi og Vestfjörðum sem Framsóknarflokkur bauð ekki fram lista í eigin nafni. Hlutfallslega missir flokkurinn mest fylgi frá alþingiskosningum í Norðausturkjördæmi. 32,8 prósent kusu flokkinn í síðustu alþingiskosningunum, en sveitarstjórnarkosningunum nú hlaut flokkurinn 21,7 prósent atkvæða þar sem boðið var fram. Samkvæmt því dalar fylgi flokksins um 11,1 prósentustig frá því fyrir þremur árum. Í Suðurkjördæmi bætir flokkurinn hins vegar við sig tæpum sex prósentustigum miðað við þingkosningar og fékk 29,3 prósent atkvæða í þeim sveitarfélögum sem hann bauð fram í.

### Buðu fram í sex sveitarfélögum

Erfiðast er að mæla gengi Frjálslynda flokksins með því að bera saman sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar, þar sem flokkurinn bauð einungis fram í sex sveitarfélögum undir eigin nafni. Ekkert þeirra var í Suðvesturkjördæmi, né heldur í Norðausturkjördæmi. Þá bauð flokkurinn fram lista ásamt öðrum flokkum á Ísafirði, heimabæ formanns flokksins, og ekkert framboð Frjálslynda flokksins var á Vestfjörðum, en í Norðvesturkjördæmi var útkoma flokksins um fimm prósentustigum verri nú en í þingkosningunum. Þá hlaut flokkurinn 14,2 prósent atkvæða, en fær nú 8,7 prósent atkvæða í þeim sveitarfélögum sem boðið var fram til. Það er því einungis í Reykjavík sem Frjálslyndi flokkurinn bætir við sig fylgi frá síðustu þingkosningum. Meðalfylgið í Reykjavíkurkjördæmunum var 6,1 prósent þá en nú hlaut flokkurinn 10,1 prósent atkvæða. Ítreka verður þó að þetta byggir á mjög fáum atkvæðum.



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is

## Kosningaúrslit

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006





**HJÓLAÐ Í VINNU** Evrópusambandið hefur hvatt Evrópubúa til að koma í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda í daglegu lífi sínu. Hjólin sem þessar ítölsku blómarósir notast við eru til dæmis mun umhverfisvænni en bílar. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópusambandið hefur nýja herferð:

# Evrópubúar gegn gróðurhúsaáhrifum

Evrópusambandið hóf herferð gegn gróðurhúsaáhrifum í gær sem ætlað er að hvetja venjulegt fólk til að minnka áhrif mannfólksins á örar loftlagsbreytingar.

Samkvæmt talsmönnum herferðarinnar þarf oft ekki mikið til, jafnvel eitthvað svo einfalt sem að lækka hitann í húsum fólks um eina gráðu getur skipt máli. Herferðin gengur undir nafninu „Þú stjórnar loftslagsbreytingum,“ og gefur fólki 50 einföld ráð, sem geta dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, að sögn Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB.

„Lækkið. Slökkvið. Endurvinnið. Gangið. Breytið,“ segir á veggspjöldum sem sett verða upp víðsvegar um öll lönd ESB á næstu dögum.

Ráðin má nálgast á vefsíðunni www.climatechange.eu.com. Þar er fólk hvatt til að gera einfalda hluti svo sem að taka hleðslutæki úr sambandi, því um 95 prósentum af rafmagninu sem tækin nota á meðan ekki er verið að hlaða síma er eytt til einskis. Jafnframt er þar að finna margs konar áhugaverðar upplýsingar, svo sem að vatnið sem kemur úr lekum krana getur mánaðarlega fyllt heilt baðker.

Talið er að um 16 prósent allra efna sem stuðla að gróðurhúsaáhrifunum í Evrópu komi frá heimilunum.

- smk




augastaður
færir þér nýja sýn!

Gjáin, Kópavogi • JL-húsið, Hringbraut, Reykjavík • Apótekarinn, Akureyri

KÆRAR ÞAKKIR

Sjálfstæðisflokkurinn þakkar kjósendum um land allt fyrir góðan stuðning í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum. Jafnframt er þúsundum flokksmanna, sjálfboðaliðum og öðrum stuðningsmönnum sem tóku þátt í kosningastarfinu færðar bestu þakkir.

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

# skoðun

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hugsa stórt

Björn Ingi Hrafnson, oddviti Framsóknarmanna í höfuðborginni, var með slagorð nýs meirihluta á vörunum þegar hann og Vilhjálmur Þ., oddviti Sjálfstæðisflokksins, kynntu í gær samkomulag um nýjan borgarstjórnarmeirihluta.

„Hugsa stórt“ gat verið fólgið í því að Alfreð Þorsteinsson og Vilhjálmur Þ. komust að því að heppilegt væri að mynda meirihluta um málefni knattspyrnufélagsins Fram á síðasta borgarráðsfundi fráfarandi borgarstjórnar. Foringjar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borginni hafa stýrt því félagi lengst af, Alfreð sjálfur á fyrri hluta síðasta áratugar. Þeir úthlutuðu félaginu 25 milljónir árið 2009. Gamla helmingaskiptaregla stjórnarflokkanna nær inn í borgarmálin og fótboltann.



### Horfa langt

„Horfa langt“ vísar til þess að Björn Ingi og Vilhjálmur Þ. höfðu ákveðið þegar úrslit lágu fyrir í kosningunum að starfa saman ef sú staða kæmi upp, sem líklegt var, að Sjálfstæðisflokkurinn næði ekki hreinum meirihluta. Heppilegt væri að hefja gerviviðræður við frjálslynda, enda liti það betur út. Auk þess væri ágætt að rugla forystumenn annarra flokka og fjölmiðla í ríminu. „Flokkar sem hafa bara hagsmuni en ekki hugsjónir tryggja sig áður en þeir slíta viðræðum,“ sagði Ólafur frjálslyndi heldur ókátur eftir að Vilhjálmur sleit viðræðum við hann í gær. Sennilega hafði Vilhjálmur gert óraunhæfar kröfur um að hann og aðrir frjálslyndir gengju aftur í Sjálfstæðisflokkinn. Flugvallarmálið var alltaf fyrirsláttur.



### Byrja starx

„Byrja strax“ átti við Björn Inga sjálfan og það uppbyggingarstarf sem hann hefur tekist á hendur og felst í að byggja upp fylgi Framsóknarflokksins í þéttbýlinu. Núverandi skipstjóri hans í brúnni hefur lítið fiskað á þeim miðum. Þótt svo að sá skipstjóri hafi borið Björn Inga á höndum sér er þess skammt að bíða að hann biðji skipstjórann um að taka sér frí því nú sé ekkert undanfæri að fá annan til verka sem fiski meira. Sjálfstæðisflokkurinn ætli að hjálpa til við uppbygginguna með því að gera framsóknarmanninn að formanni borgarráðs, fá honum valdið yfir Orkuveitunni og hafa hann bærilega sýnilegan þegar Framsóknarflokkurinn lendir í stjórnarandstöðu eftir þingkosningarnar.

johannh@frettabladid.is

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Friðsamlegt er yfir nýjum meirihluta í Reykjavík:

# Skásti kosturinn

Fyrir íbúa Reykjavíkur er meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn langskásti kosturinn í stöðunni og því fagnaðarefni út af fyrir sig.

Það var mikið ofmat hjá Samfylkingunni í Reykjavík að meta stöðu sína svo sterka að útiloka fyrir kosningar, eitt framboða, samstarf við Sjálfstæðisflokk um stjórn höfuðborgarinnar. Mikill samhljómur er um margt í áherslum þessara flokka í borgarmálunum og ólíkt hefði meirihluti þeirra haft sterkara umboð til verka, með ríflega 70 prósent atkvæða að baki sér, en nýskipaður meirihluti. Athugið í því sambandi að meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks byggir á minnihluta atkvæða þeirra sem kusu til borgarstjórnar; 51 prósent þeirra sem tóku afstöðu vildu aðra flokka við stjórnvölinn en þessa tvo.

Óþarfi er hins vegar að velkjast í vafa um að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks verður sterkari og samstilltari en ef Frjálslyndi flokkurinn eða Vinstri hreyfingin - grænt framboð hefði skaffað þann fulltrúa sem upp á vantar hjá Sjálfstæðisflokknum.

Himin og haf ber til dæmis í milli sjálfstæðismanna og vinstri grænna í málefnum grunnskólanna. Þeir síðarnefndu sjá engan annan möguleika en opinberan rekstur og telja að stuðningur við einkaskóla sé á kostnað hinna opinberu. Hvernig hefði farið um þá stefnu Sjálfstæðisflokks að „foreldrar hafi aukið val um grunnskóla“ í félagsskap við vinstri græna?

Hvað skal gera með 45 prósent hlut borgarinnar í Landsvirkjun er annað mál sem framsóknar- og sjálfstæðismenn eru meira samstíga um en hinir flokkarnir tveir. Af hálfu beggja flokka í nýjum meirihluta liggur fyrir að þann hlut skuli selja fáist fyrir hann rétt verð. Og er þar enginn fyrirvari um að orkufyrirtæki skuli vera í opinberri eigu eins og hjá vinstri grænum og frjálslyndum.

Reykvíkingar mega sem sagt búast við að nokkuð góð sátt ríki á nýja stjórnarheimilinu. Vissulega verður spennandi að sjá hversu vel framsóknarmanninum Birni Inga Hrafnssyni lukkast að gera sig gildandi í samstarfinu. Hann vann visst afrek með því að ná kosningu og það var aðdáunarvert að sjá hann vaxa með hverju skrefi í öllu því mótlæti sem hann varð fyrir í aðdraganda kosninganna. Hér með er sett sú ósk honum til handa að vonandi verði ekki of einmanalegt hjá honum í selskap sjálfstæðismannanna sjö.

Hitt er svo allt annað mál hversu skynsamleg ráðstöfun það er fyrir Framsóknarflokkinn, þegar litið er til framtíðar, að leiða sjálfstæðismenn til valda í tveimur stærstu sveitarfélögum landsins, Reykjavík og Kópavogi, með minnsta mögulega tilstyrk á hvorum stað, eða einum fulltrúa.

Framsóknarflokkurinn tapaði nánast um land allt í kosningunum um helgina, hvort sem flokkurinn var í vinstra eða hægra samstarfi. Erfitt er að álykta annað en að kjósendur hafi þar verið að refsa honum fyrir langvarandi og heldur vanmáttuga sambúð við sjálfstæðismenn í ríkisstjórn, eða nokkuð svipaðan búskap og Framsóknarflokkurinn er nú að hefja í Reykjavík og Kópavogi.

# Vakað eftir úrslitum

Í DAG
KOSNINGAVAKA



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Við fórum úr vinnufötunum og fundum okkur frambærilegri klæðnað, bóndinn setti upp snoturt bindi, sonurinn fór í sómasamlega skyrtu og frúin lappaði upp á andlitið á sér. Síðan lögðum við í hann með bros á vör enda hátíð í bæ. Þetta var að sjálfsögðu á laugardaginn, kjördag í sveitarstjórnarkosningum.

Kjördagur er hátíðisdagur og ætti jafnvel að vera almennur fánadagur. Fátt er hátíðlegra en að nýta sér þennan grundvallarrétt til að hafa áhrif á stjórn sveitarfélaga og ríkis og uppfylla jafnframt þessa sömu samfélagslegu skyldu. Það er nefnilega bæði réttur okkar og skylda að kjósa. Það er gaman að fara á kjörstað og finna stemninguna sem þar ríkir, hitta glaðbeitta, spariklædda frambjóðendur sem heilsa óvenju hlýlega, finna eftirvæntinguna sem liggur í loftinu og fara svo inn í kjörklefa með atkvæðaseðilinn, treina sér örlítið að setja x-ið á réttan stað og ganga að því loknu út, hnarreistur og ánægður með sitt framlag. Svo þarf að fylgjast grannt með framvindu mála í fréttum, bíða spenntur eftir fyrstu tölum um tíu að kvöldi og vaka fram á miðja nótt til að hlusta, vega og meta. Þetta er skemmtilegt.

Það getur svo hver haft sína skoðun á því hvort aðdragandi kosninganna var skemmtilegur og enn frekar hvort niðurstöður voru góðar. Sitt sýnist hverjum í því máli. Hér í Kópavogi voru frambjóðendur sýnilegir en ekki ágengir fyrir þessar kosningar, stefnumál þeirra nokkuð ljós og kosningabarátta virtist málefnaleg. Frambjóðendur í Reykjavík voru líka vel sýnilegir, sumir svo mjög að mér þóttu þeir næstum ágengir og bý þó í öðru sveitarfélagi. Sem kennari saknaði ég reyndar meiri umræðu um skólamál, jafnt í höfuðborginni sem mínu heimasveitarfélagi, en þau geta kennarar rætt í það óendanlega svo sjálfsagt er erfitt að koma til móts við okkur að því leyti. Fleiri mál brenna líka á kjósendum og þarf engan að undra að skipulagsmál höfuðborgarinnar skyldu vega svo þungt í umræðunni, í slíkum ólestri sem þau virðast vera. Vísari menn en ég spá í niðurstöður.

*Þessa nótt saknaði ég hins vegar Vestfirðinga og Austfirðinga í útsendingunni.*

Sveitarstjórnarkosningar eru að mörgu leyti miklu skemmtilegri en alþingiskosningar enda birtist þar mun fjölbreyttari speglli. Til dæmis er ekki boðið fram eftir flokkum í öllum sveitarfélögum. Sums staðar skiptast menn í tvær fylkingar sem geta heitið T-listi eða S-listi eða eitthvað allt annað og aðeins heimamenn vita hvað býr þar að baki. Mér finnst afar áhugavert að fylgjast með niðurstöðum í sveitarfélögum um allt land enda sat ég með kosningavöku Fréttastofu útvarps í eyrunum langt fram á nótt og hlustaði á Valgerði Jóhannsdóttur og Brodda Broddason fréttamenn flytja tíðindi og viðtöl ásamt félögum sínum, sem voru á spretti langt fram eftir nóttu.

Kosningavaka Fréttastofu útvarps hefur mér alltaf fundist áhugaverðust ljósvakamiðla í sveitarstjórnarkosningum enda yfirleitt fljótust með upplýsingarnar og kemur þeim öllum á framfæri meðan sjónvarpsstöðvarnar láta lítil sveitarfélög liggja milli hluta. Þessa nótt saknaði ég hins vegar Vestfirðinga og Austfirðinga í útsendingunni. Karl Eskil Pálsson, fréttamaður á Akureyri, stóð sig mjög vel og tók mörg viðtöl við nýkjörna og endurkjörna sveitarstjórnarmenn í sveitarfélögum um allt Norðurland en lítið sem ekkert heyrðist að austan eða vestan. Ég veit ekki hverju er um að kenna en á svæðisstöðvunum á Ísafirði og Egilsstöðum, eins og á Akureyri, starfa heimamenn með mikla reynslu og gríðarlega þekkingu á sveitarfélögunum í sínum landshluta. Mér þótti því nokkur synd að þessir góðu kraftar skyldu ekki nýtast betur en raun bar vitni. Sveitarstjórnarkosningar eru einmitt tækifæri til að virkja þá miklu þekkingu sem er fyrir hendi á svæðisstöðvunum og var gert með ágætum frá Akureyri en miður frá hinum. Ég gat heldur ekki séð að svæðisstöðvarnar væru með dagskrá á sunnudegi eftir kjördag eins og væri einmitt upplagt í sveitarstjórnarkosningum. Þetta gengur vonandi betur næst.

En þessa kosninganótt stóðu fjölmiðlar sig vel eins og þeirra var von og vísa. Fréttafíklar njóta þess að hlusta á útvarpið og horfa á a.m.k. tvær sjónvarpsstöðvar á milli þess sem hlaupið er í tölvuna og staðan tekin þar. Þegar þessi orð eru slegin í tölvu á sunnudagskvöldi standa meirihlutaviðræður yfir víða, einhverjir kunna að hafa náð saman nú þegar og flestar sveitarstjórnir væntanlega tilbúnar til starfa þegar þetta blað kemur í hendur lesenda sinna. Til hamingju með nýju sveitarstjórnirnar.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á vísir.is



MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Ætlarðu að mála í sumar?

## Það gæti borgað sig að gera samanburð á verði og gæðum!




| | Múrbúðin | Byko | Húsasmiðjan | Flugger |
|---|---|---|---|---|
| Útimálning 10L (stofn A) | Dekapro<br>**3.990,-** | Byko<br>4.990,- | Útimálning<br>5.490,- | Flutex 5<br>7.502,- |
| Innimálning 10L Hvít glans 10% | Dekapro<br>**3.515,-** | Sadolin<br>4.990,- | Lady<br>8.590,- | Hörpuskin<br>7.094,- |
| Samtals | **7.505,-** | 9.980,- | 14.080,- | 14.596,- |

Mismunur á hæsta og lægsta verði er 94%

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**Múrbúðin skorar á samkeppnisaðila að gangast fyrir sameiginlegri gæða og blindprófun á ofangreindum vörum og birta neytendum niðurstöður.**
Keypt var málning í viku 21 af tegund sem sölumenn viðkomandi söluaðila mæltu með, uppgefin verð eru skv. sölunótum.

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# Björgum Íslandi áður en það verður of seint...


UMRÆÐAN
STUTT HUGLEIÐING



BENEDIKT SIGURÐSSON LAFLEUR


*Tökum öll höndum saman og gerum Ísland að paradís menningar og lista, umhverfis og náttúru, þar sem saman fer öflug ferðamannaþjónusta og varanleg forvarnarstefna...*

Nú þegar niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna 2006 liggja fyrir keppist hver flokkurinn við að tryggja sér völd og hafa sem mest áhrif á lífið í bæjum og borgum. Samkvæmt fylgi flokkanna í Reykjavík ætti Vilhjálmur að verða næsti borgarstjóri. Fylgisaukning frjálslyndra og vinstri grænna gefur þó vísbendingu um töluverða óánægju með stefnu borgaryfirvalda sem og stjórnvalda í umhverfismálum sem og öðrum mannúðarmálum.

Það var rétt sem kom fram í grein Andra Snæs rétt fyrir kosningar að yfirstaðnar kosningar en þó sérstaklega næstu kosningar væru þær mikilvægustu á þessari öld. Í næstu kosningum – sem ég vil kalla úrslitakosningar um það hvort við viljum varðveita sérstöðu Íslands og sjálfstæði eða ekki – kjósum við annaðhvort yfir okkur öfl sem eru tilbúin að selja Ísland fyrir glingrið eitt, fórna einni margbrotnustu náttúru í heimi, menningu og sjálfstæði fyrir skammtímahagsmuni, sem munu tortíma íslensku þjóðinni, eða öfl sem berjast á móti öllu þessu og sem í raun langstærsti hluti þjóðarinnar vill fylgja að málum, þó sumir viti það ekki ennþá.

Til að síðarnefndu öflin (sem því miður beina oftar en ekki sjónum sínum að því að tryggja sér völd og frama í pólitík fremur en að einbeita sér að því að fínpússa stefnuskrár sínar og skýra þær línur sem Ísland þarf á að halda gagnvart þeim þrýstingi sem utanaðkomandi hagsmunaaðilar sýna jafn lítilli en þó ofurmáttugri þjóð) nái að bjarga þjóðinni frá glötun þurfa þau sameiningar við. Þau þurfa að vera tilbúin að fórna eigin hagsmunum fyrir hagsmuni heillar þjóðar, jafnvel vera tilbúin að umbylta sinni eigin ímynd, ef ekki hreinlega sameinast undir nýjum merkjum. Þá skiptir ekki máli hver verður næsti borgarstjóri eða forsætisráðherra, hver í fyrsta eða öðru sæti, hver dettur út eða kemst til valda. Best væri ef tónninn væri strax gefinn í þessum kosningum og í kjölfar þeirrar umhverfissveiflu sem mátti greina í úrslitum kosninganna yrðu myndaðar bæjar- og borgarstjórnir sem gæfu stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald og undirbyggðu um leið þá grundvallarbreytingu sem íslenska þjóðin þarfnast til að bjarga móður náttúru og um leið þeim grunni sem allt hennar ríkidæmi byggir á.

Burtséð frá því að hve miklu leyti það tekst nú er ljóst að nýta þarf vel tímann sem í hönd fer til næstu kosninga til að sameina alla þá jákvæðu og dýrmætu krafta sem þrá í einlægni að standa vörð um hin raunverulegu gildi Íslands og bjarga um leið ímynd landsins og sjálfstæði innanlands sem á alþjóðlegum vettvangi.

Tökum öll höndum saman og gerum Ísland að paradís menningar og lista, umhverfis og náttúru, þar sem saman fer öflug ferðamannaþjónusta og varanleg forvarnarstefna gegn vímu og klámvæðingu, í fjölmenningarsamfélagi viðskiptaútrásar og menntunar þar sem öllum er hjálpað til að verða að góðum og gegnum þegnum í krafti þeirra hæfileika sem í hverjum einstaklingi búa. Leyfum þjóðinni að taka að sér friðar- og sáttasemjarahlutverk á alþjóðlegum vettvangi og sýnum öðrum þjóðum gott fordæmi með virku og lifandi lýðræði. Sneiðum hjá öfgum vinstri og hægri sem eru hvort eð er úrelt hugtök og sameinum kosti hinna ólíku flokka í eina breiða fylkingu sem langflestir Íslendingar geta sameinast um. Hættum að leika smákónga sem engin raunveruleg völd hafa og gerum fremur gagn sem raunverulega stórvirk peð - eins öflug og frípeðin sem enginn hefur efni á að vanmeta – frípeðin sem gjarna verða að hinum frægu drottningarpeðum ef þeim er bara rétt teflt fram!


68.6 milljarðar lita

HITACHI 42PD7200 býður upp á mestu upplausn í 42" plasma sjónvarpi í dag

- Upplausn 1024 x 1024 punktar. Yfir 1000 línur!
- 68,6 milljarðar lita. Nýr 1024 punkta myndkubbur gerir myndina ótrúlega skarpa og góða.
- Allar tengingar til staðar sem hægt er að hugsa sér fyrir sjónvarp.
- Uppfyllir öll skilyrði til að vera HD ready og gott betur.
- Snúningsfótur með rafmótor. Glæsileg hönnun.
- www.raunveruleikasjonvarp.is



Ef það á að vera stórt – þá er það HITACHI

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

Hátækni


# Slítur Framsókn ríkisstjórn?


UMRÆÐAN
ÚRSLIT KOSNINGA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR


*Flokkurinn virðist ætla að ganga út í opinn dauðann. Það eina, sem gæti bjargað Framsóknarflokknum nú er að flokkurinn slíti stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn strax eða næsta haust.*

Stjórnmálamenn og sérfræðingar í stjórnmálum hafa undanfarið verið að túlka úrslit sveitarstjórnarkosninganna. Ekki eru menn alveg á eitt sáttir um úrslitin. Menn eru þó sammála um það, að kosningarnar hafi verið mikið áfall fyrir Framsóknarflokkinn. Fylgið bókstaflega hrundi af Framsókn í kosningunum. Flokkurinn fékk 11,8% miðað við 22,9% í sveitarstjórnarkosningunum fyrir 4 árum. Ljóst er að kjósendur voru að refsa Framsóknarflokknum fyrir þjónkun við íhaldsstefnu ríkisstjórnarinnar í rúman áratug. Það var ekki verið að refsa sveitarstjórnarmönnum Framsóknar. Þeir hafa ekki staðið sig verr en aðrir sveitarstjórnarmenn.

**Forustan lemur hausnum við steininn**

Þrátt fyrir afhroð í nýafstöðnum kosningum lemur forusta Framsóknar hausnum við steininn og segir að úrslitin hafi engin áhrif á stjórnarsamstarfið! Það er engu líkara en Framsókn ætli að fremja sjálfsmorð. Flokkurinn virðist ætla að ganga út í opinn dauðann. Það eina, sem gæti bjargað Framsóknarflokknum nú er að flokkurinn sliti stjórnarsamstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn strax eða næsta haust. Það eru næg ágreiningsefni. Framsókn gæti slitið stjórninni vegna aðfarar Sjálfstæðisflokksins að Íbúðalánasjóði en íbúðalánin voru stærsta mál Framsóknar í síðustu þingkosningum.

Boðskapur kjósenda til forustu Framsóknar í nýafstöðnum kosningum var alveg skýr: Hingað og ekki lengra. Ekki frekari þjónkun við íhaldið. Um leið og Framsókn sýnir, að hún ætli að breyta um stefnu og hætta að láta íhaldið valta yfir sig fá fyrri kjósendur Framsóknar traust á flokknum á ný. Sú hætta er að vísu fyrir Framsókn, að efnt verði til nýrra kosninga, ef Framsókn slítur stjórninni en forsætisráðherra er með þingrofsvaldið og getur ráðið því hvort þing verður rofið. Auðvitað þorir Framsókn ekki í kosningar næsta haust. Hún þarf tíma til næsta vors til þess að undirbúa kosningar. Það væri því betra fyrir Framsókn að leyfa nýrri stjórn að taka við fram að kosningum.

**Samfylkingin hélt sjó**

Hvernig fóru aðrir flokkar út úr sveitarstjórnarkosningunum? Samfylkingin hélt sjó. Hún fékk svipað fylgi og í síðustu þingkosningum en aðeins minna en í sveitarstjórnarkosningunum fyrir 4 árum. Flokkurinn fékk nú 30% en í þingkosningunum fékk flokkurinn 30,95% og í sveitarstjórnarkosningunum fyrir 4 árum fékk flokkurinn 31,4%. Kosningaúrslitin í Reykjavík voru flokknum nokkur vonbrigði. Þar fékk flokkurinn 27,3% og 4 borgarfulltrúa. Það er að vísu sama tala borgarfulltrúa og flokkurinn hafði í R-listanum. En flokkurinn hafði vonast til að fá 5 borgarfulltrúa.

Það er ljóst, að flokkurinn fékk talsvert minna fylgi en flokkurinn fékk í Reykjavík í þingkosningunum. Hver er ástæðan? Er saga Alþýðuflokksins hér að endurtaka sig? Alþýðuflokkurinn fékk alltaf minna fylgi í borgarstjórnarkosningum en í þingkosningum í Reykjavík. Ástæðan var sú að ákveðinn hópur Alþýðuflokksmanna kaus alltaf Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórnarkosningum. Vonandi er ekki einhver hópur Samfylkingarmanna að kjósa Sjálfstæðisflokkinn í borgarstjórnarkosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn tók að vísu upp stefnu Samfylkingarinnar í mörgum málum í kosningunum. Og nokkrir fyrrverandi Alþýðuflokksmenn, sem kölluðu sig hægri krata, voru með mikinn áróður gegn Samfylkingunni og Ingibjörgu Sólrúnu og reyndu að skapa óánægju með Samfylkinguna. Þessi áróður var áberandi í Blaðinu. Þar var í raun um óbeinan áróður að ræða fyrir því að kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

**Stjórnarandstaðan í landsmálum kom vel út**

Sjálfstæðisflokkurinn getur unað vel við úrslit sveitarstjórnarkosninganna. Flokkurinn fékk 41,6% miðað við 40,7% fyrir 4 árum. Í síðustu þingkosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn aðeins 33,68%. Það var mikið áfall fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Vinstri grænir og Frjálslyndir geta verið ánægð með kosningaúrslitin. Þessir flokkar unnu báðir á en þó einkum vinstri grænir. Segja má, að stjórnarandstaðan í landsmálum hafi komið vel út úr kosningunum og fengið aukið fylgi. Það lofar góðu fyrir væntanlegar þingkosningar.

## AF NETINU

**Ekki benda á mig**

Einhvern tíma hefði líka þurft að segja manni það tvisvar að Frjálslyndi flokkurinn væri með yfir 10% fylgi og mun stærri en Framsóknarflokkurinn í Reykjavík. Þessi útkoma Framsóknarflokksins hlýtur að vera okkur öllum umhugsunarefni sem komum að framboði og starfi flokksins í Reykjavík. Persónulega get ég þó glaðst yfir því að fylgi flokksins mældist samkvæmt könnunum mest í mínu hverfi, Grafarholtinu, eða yfir 10%. Það er gott að starfa í frjóum jarðvegi. Það er hins vegar ljóslega mikið verk óunnið í Reykjavík áður en kemur að næstu alþingiskosningum.

**Guðjón Ólafur Jónsson á hrifla.is**

**Skrýtin skepna lýðræðið**

Í Reykjavík voru skilaboð kjósenda tvíræð. Sjálfstæðismenn bættu við sig en fengu þó næstminnsta fylgi sitt í Reykjavík frá upphafi. Framsóknarmenn hafa ekki uppskorið minna í hálfa öld. Samfylkingin fékk mun minna fylgi en í alþingiskosningunum 2003 og náði ekki einu sinni fylgi Alþýðubandalagsins eins þegar því gekk best árið 1978. Einu sigurvegararnir eru VG og Frjálslyndir sem samanlagt hafa þó aðeins þrjá borgarfulltrúa. Þannig að það er úr vöndu að ráða og hætt við að hinn nýi borgarstjórnarmeirihluti verði einkennileg skepna. Ekki auðveldar málið hversu loðin kosningabarátta flokkanna var í Reykjavík. En svona er lýðræðið.

**Ármann Jakobsson á murinn.is**

**Tvær þjóðir**

En hvernig erum við Íslendingar í stakk búnir til að takast á við þessar fyrirséðu breytingar? Breytingar úr atvinnulífi framleiðslusamfélagsins yfir í þekkingarsamfélagið. Heilt til tekið stöndum við vel. Þjóðin er tæknivædd, atvinnulífið fjölbreytt og mikil sókn í þekkingarstarfsemi ýmis konar, þar á meðal innan háskólanna okkar. Hér ber þó skugga á. Efnahagslega séð búa í þessu landi í raun tvær þjóðir. Höfuðborgarbúar annars vegar þar sem þrífst fjölbreytt atvinnulíf þekkingarsamfélagsins og síðan landsbyggðin sem byggir sína tilveru fyrst og fremst á frumframleiðslu og þar mun störfum fækka verulega á næstu árum og ekkert, ekkert mun hefta þá þróun.

**Runólfur Ágústsson á kistan.is**

## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Mjólkursúkkulaði** örvar heilann, eykur skerpu, næmi og athyglisgáfu. Ýmis örvandi efni í súkkulaði, þeóbrómín og kaffín auka snerpu og skerpa athygli, segir sérfræðingur við Wheeling Jesuit-háskólann í Vestur-Virginíu. Í sumu súkkulaði auka þessi efni vitsmunaafl manna. Þetta þykja góðar fréttir.



**Landlæknir** hefur sent frá sér dreifibréf um viðtöl og myndbirtingar fjölmiðla í umfjöllun um mál einstakra sjúklinga á heilbrigðisstofnunum, oftast á sjúkrahúsum. Oft þarf að gæta hagsmuna fleiri einstaklinga en viðkomandi sjúklings og mælir landlæknir með ákveðnum vinnureglum í samskiptum fjölmiðla við sjúklinga á sjúkrastofnunum. Sjá nánar á www.landlaeknir.is.

**Geðhjálp** boðar til fundar í aðstandendahópi Geðhjálpar miðvikudaginn 31. maí klukkan 20.00 í sal Hallveigarstaða, Túngötu 14, kjallara. Fundarefni er húsnæðismál.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 30. maí, 150. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.28 | 13.25 | 23.25 |
| Akureyri | 2.41 | 13.10 | 23.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Gestur Rúnarsson hefur verið að koma sér í gott form á undanförnum árum og er alls ekki hættur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ánægðastur í hóptímunum

***Að finna hvernig æfingaáætlun hentar hverjum og einum getur verið margslungið verkefni. Sumir kjósa að æfa í einrúmi en aðrir finna sig best lokuðum hóptímum. Gestur Rúnarsson er einn þeirra sem kýs seinni kostinn.***

Gestur hafði alltaf verið mikið íþróttum og yfirleitt í toppformi. „Ég byrjaði hins vegar að safna bumbu fyrir um fjórum árum þegar konan mín varð ólétt, þetta kallast víst meðvirkni í ólettunni,“ útskýrir Gestur og hlær. „Ég hætti líka að reykja þannig að maður safnaði ansi mörgum kílóum án þess að átta sig almennilega á því.“

Þegar World Class opnaði aftur fyrir þremur árum ákvað Gestur að fara gera eitthvað málunum. „Ég steig á vigtina á annan dag jóla og var þá 96 kíló. Þá sagði ég við sjálfan mig að það kæmi ekki til greina að verða 100 kíló.“

Gestur skráði sig í námskeið ásamt vini sínum en vinurinn entist aðeins þetta eina námskeið en Gestur er enn á fullu.

Gestur hefur mest stundað hóptíma og er núna í sérstökum púltímum fyrir karla. „Lokaðir hóptímar eru skemmtilegastir. Þeir halda manni við efnið og þar er einnig góður félagsskapur. Ef maður er einn í salnum eru miklu meiri líkur á því að maður hætti að nenna þessu. Mér finnst leiðinlegt að vera inni í sal að pumpa en ég geri það samt um tvisvar í viku,“ segir hinn atorkusami Gestur.

Í karlapúltímunum sem Gestur stundar er mest um stöðvaæfingar og styrktaræfingar, sem Rósa Guðmunds stjórnar með þýskum heraga. „Það eru líka teknar margar armbeygjur. Þegar ég byrjaði gat ég einungis tekið um tíu en núna er ég farinn að geta tekið hátt í áttatíu.“ Gestur er því í frekar góðu formi sem stendur en lokamarkmiðið er að koma fituprósentunni niður í 10% og ætlar Gestur að halda sér í því fari. En er hann ekkert hræddur við að konan hans verði aftur ólétt? „Nei, nei, ég held að maður sökkvi sér ekki í þetta aftur,“ segir Gestur brosandi.

*steinthor@frettabladid.is*



Kaffisopinn er ekki bara hressandi heldur getur hann haft góð áhrif á líkamsstarfsemina.

## Góður er kaffisopinn

NORSKIR VÍSINDAMENN SEGJA KAFFI Í HÓFLEGU MAGNI HAFA GÓÐ ÁHRIF Á LÍKAMSSTARFSEMINA.

Kaffið hefur nú fengið uppreisn æru. Nýlega birtust niðurstöður norskrar rannsóknar í Jótlandspóstinum sem benda til þess að kaffið sé ekki eingöngu hressandi heldur hafi einnig góð áhrif á líkamsstarfsemina. Sé kaffið drukkið í hóflegu magni getur það hjálpað til við að koma í veg fyrir kransæðasjúkdóma, gigt, og ýmsar bólgur.

Þessu komust næringarfræðingar við Ósloárháskóla að eftir að hafa unnið úr gögnum bandarískrar könnunar þar sem fylgst var með kaffineyslu 27 þúsund kvenna í 15 ár. Þær konur sem drukku einn til þrjá bolla á dag voru 20 til 25 prósent ólíklegri til að fá kransæðasjúkdóma og gigt. Er það rakið til þess að 60 prósent andoxunarefnanna í kaffinu skila sér til þess sem drekkur það. En böggull fylgir skammrifi því til þess að áhrif af kaffidrykkju haldist jákvæð þarf að takmarka kaffidrykkjuna við minna en fimm bolla á dag.





Tennis er að ryðja sér til rúms á Íslandi. Góð hreyfing þar sem reynir á þol, kraft og tækni.




















Scarpa Sabbia-gönguskór. Útilíf 16.990.-

Meindl Island-fjall-gönguskór. Útilíf 24.990.-

# Stærðin skiptir máli

***Gönguvertíðin gengur senn í garð. Iðnir fætur halda því af stað upp á fjöll og niður á strandir og í löngum göngum er mikilvægt að vera í góðum skóm.***

Gísli Páll Hannesson, verslunarstjóri hjá Útilíf í Glæsibæ, segir mikilvægast að fólk hugi að réttri stærð á gönguskóm þegar fjárfesta á í nýju pari. „Skórnir mega auðvitað hvorki vera of stórir né of litlir en fólk á það til að hengja sig of mikið í stærðirnar,“ segir Gísli Páll. „Stærðirnar eiga eingöngu að vera til viðmiðunar. Stærðirnar geta verið mismunandi eftir sniði og framleiðendum. Skórnir fást flestir í heilum og hálfum númerum og fólk verður að prófa sig áfram.“

Gísli Páll segir það vandaverk að velja sér góða gönguskó og því býður Útilíf meðal annars upp á fjórtán daga skilafrest en þann tíma geta viðskiptavinir nýtt sér til að prófa skóna heima í stofu í ró og næði.

Gísli Páll segir fólk einnig falla í þá gryfju að kaupa sér hlaupaskó til þess að nota í létta útivist. „Hlaupaskórnir eru sérstaklega hannaðir fyrir hlaup, þeir eru mjúkir en þessir skór þreyta mann mikið á venjulegri göngu. Fyrir léttar göngur um Skerjafjörðinn eða í Heiðmörk þar sem er halli og malarstígar þá er betra að vera í útivistarskóm. Þó fólki finnist harðara að ganga í þeim þá eru þeir gerðir fyrir slíkar göngur. Skórnir þurfa að hafa ákveðinn stífleika og ákveðna mótstöðu í sólanum. Í grófara landslagi þarf svo gönguskó sem hafa ökklastuðning. Hjá Útilíf erum við til dæmis með skó frá Scarpa og Meindl sem henta vel fyrir hvers konar útivist.“

Fólki er ráðlagt að nýta sér þekkingu starfsfólksins í útivistarbúðunum og fá aðstoð við val á réttum skóm. „Fólk verður að gefa sér tíma í að velja réttu skónna,“ segir Gísli Páll. „Þegar skórnir eru keyptir í flýti eru meiri líkur á að maður geri mistök. Fyrir öllu er að velja þá skó sem manni líður best í.“

*johannas@frettabladis.is*



North Face Hedgehog-götuskór. Þrátt fyrir lágan hæl veita þeir nokkurn stuðning fyrir ökklann. Skór af þessu tagi njóta æ meiri vinsælda til gönguferða innan og utan bæjarmarka. Útilíf 10.990.-

Scarpa-fjallgönguskór. Intersport 24.990.-

Léttir götuskór frá Salomon. Intersport 15.390.-

Trezeta-fjallgönguskór, Gore tex. Everest 24.995.-

Léttir Raichle Goretex-gönguskór. Henta vel í styttri göngur. Everest 15.995.-

# Tónlist minnkar sársauka

***Samkvæmt rannsóknum bandaríska lækna getur tónlist haft jákvæð áhrif í baráttunni við króníska verki.***

Frá þessu er greint á vef BBC. Sextíu sjúklingum, sem að meðaltali höfðu þolað þráláta verki í sex og hálft ár, var skipt í hópa og hlustuðu sumir þeirra á tónlist í klukkutíma á dag í eina viku. Niðurstöðurnar urðu á þá leið að þeir sem hlustuðu á tónlist sögðu verkinn minnka um 21% að meðaltali og depurð að sama skapi um 25%. Enn fremur fannst tónelsku sjúklingum þeir ekki jafn heftir af sársaukanum og fyrr.

Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að róleg tónlist í 45 mínútur geti bætt svefn um þriðjung. Ekki eru allir sammála þessum niðurstöðum og benda á að engar rannsóknir sýni langtímaáhrif þess að hlusta á tónlist. Batinn sé að öllum líkindum skammvinnur og ekki læknisfræðilegur, heldur hjálpi tónlistin fólki að dreifa huganum svo það hætti að einblína á sársaukann.- tg


Ekki kemur fram í rannsókninni hvernig tónlist er best til þess fallin að róa taugarnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



## Persona.is

PÁLL EINARSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Einelti

Fólk stendur oft ráðþrota þegar það verður fyrir því að vera lagt í einelti. Fer það þá líka eftir því á hvaða aldri eineltið á sér stað og hvernig viðkomandi er í stakk búinn til að takast á við þá miklu höfnun sem fylgir eineltinu. Hægt er að segja að einelti sé eins og hægfara sálarmorð. Það er eins og eitthvað deyi innra með manneskjunni í hvert skipti sem hún lendir í einelti.

Einelti getur átt sér stað á mörgum sviðum lífsins. Margir hafa orðið fyrir einelti í skóla eða hafa séð einhvern lagðan í einelti. Margir kannast líka við að hafa sjálfir lagt í einelti. Einelti á sér stað á vinnustöðum, í félagasamtökum, innan íþróttahreyfingarinnar, í fjölskyldunni, í vinahópum og í raun alls staðar þar sem hópur fólks kemur saman.

Það er skrítin iðja að leggja fólk í einelti og ástæðurnar fyrir því að níðast á öðrum geta verið margar og mismunandi. Skortur á tilfinningagreind stendur þó kannski upp úr. Viðkomandi skynjar ekki hversu mikil áhrif eineltið hefur á sálarlíf þess sem fyrir því verður. Sumir fá líka útrás fyrir minnmáttarkennd sína og óöryggi með því að leggja aðra í einelti. Á vinnustöðum finnst sumum gott að hafa einhvern sem athyglinni er beint að, svo það verði síður tekið eftir þeim sjálfum og þeirra brestum.

Eineltið getur tekið á sig margar myndir. Í skólanum er oft hreinlega hrópað að viðkomandi, hann kallaður nöfnum og jafnvel lagðar á hann hendur. Í fjölskyldunni gerist það stundum að eldri systkini leggja það yngra í einelti. Hér þurfa foreldrar að fylgjast vel með og vera á varðbergi, því ef viðkomandi líður ekki vel í fjölskyldunni er fokið í flest skjól. Í vinahópum er oft einn aðili sem alltaf er gert grín að. Það er nú þannig að saklaust grín er oft á tíðum alls ekki saklaust grín fyrir þá sem fyrir því verða.

Það fylgir því mikil skömm að vera lagður í einelti. Það að standa andspænis því að hópur fólk sameinast um að setja út á einn einstakling getur skapað mikinn sársauka og djúpstæða vanmáttarkennd. Verst er þegar börn og unglingar lenda í þessu þar sem sjálfsmynd þeirra er ennþá að mótast. Sá sem lendir í eineltinu fer hægt og rólega að trúa að eitthvað sé að honum. Þessi tilfinning getur í raun sest að og verið erfitt að losa um hana seinna meir.

Þeir sem hafa orðið fyrir einelti búa gjarnan við ótta við að lenda í einelti aftur. Ekki er óalgengt að þeim sem fyrir eineltinu verða eigi eftir að líða illa í hópum seinna meir og upplifa óöryggi og kvíða. Einelti tekur sinn toll af sjálfsmyndinni og sumir hafa þurft að sækja sér viðtalsmeðferð til að vinna úr eineltinu síðar á ævinni. Reiði og sársauki samfara skömm og niðurlægingu eru þær tilfinningar sem eftir sitja og eru þær missterkar eftir því hversu lengi eineltið stóð yfir og hversu svæsið það var.

Þeir sem fyrir eineltinu verða bregðast misjafnlega við og fer það þá oft eftir upplagi hvers og eins og einnig hvers konar einelti er um að ræða. Sumir hafa átt það til að fyllast hatri og ráðast á þá sem voru valdir að eineltinu. Aðrir fara inn í sig og reyna að láta líta út eins og allt sé í lagi. Aðrir reyna að svara fyrir sig með orðum og eineltisaðferðum. Algengast er að skömmin og niðurlægingin sem fólk finnur til verði það mikil að viðkomandi dragi sig ósjálfrátt inn í skel sína.

Þeir sem verða fyrir einelti eru oft fólk sem á erfitt með að standa með sér. Einnig segir sagan okkur að það fólk sem er öðruvísi en fjöldinn er líklegra til að verða fyrir háði og spotti en aðrir. Þetta er þó ekki algilt og í raun má segja að allir geta orðið fyrir einelti við ákveðnar aðstæður.

Þeim sem orðið hafa fyrir einelti má benda á samtök Regnbogabarna, en þau eru samtök fólks sem lent hefur í einelti. Vert er að hafa í huga að einelti er dauðans alvara, þar sem dæmi eru um að fólk hafi fyrirfarið sér í kjölfar langvarandi eineltis. Sárin eru til staðar, þó ekki blæði úr þeim. Maður þarf að nota tilfinningaaugað til að sjá þau.


Þinn tími er kominn!



Sumartilboð
40% afsláttur
af 3ja mánaða kortum

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.

JSB tímar, teygjutímar, lóð, sveifla, pallar, púl, einkaþjálfun, yoga

Vertu velkomin í okkar hóp!



Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





Sumartilboð
25%
afsláttur*

Nýjung!
Nicorette Fruitmint

Við fylgjum nú eftir þeim vinsældum sem nýja kynslóðin af Nicorette nikótíntyggigúmmíi hefur aflað sér og kynnum nýja bragðtegund - Nicorette Fruitmint.

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

Lestu meira á nicorette.is

*Meðan birgðir endast

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**



allt heimili
Alla fimmtudaga

550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

allt
ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Hrein lífræn jógúrt!



Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio·Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

ALVÖRU HLAUPAGREINING
FRAMKVÆMD AF FAGMANNI AUÐVELDAR VALIÐ Á RÉTTU HLAUPASKÓNUM OG GETUR KOMIÐ Í VEG FYRIR MEIÐSLI. VIÐ HÖFUM HLAUPAGREINT MARGA AF FREMSTU ÍÞRÓTTAMÖNNUM LANDSINS Í YFIR 20 ÁR. HAFÐU SAMBAND OG PANTAÐU HJÁ OKKUR TÍMA NÚNA.
STOÐ Við styðjum þig
Trönuhrauni 8 • Hafnarfjörður • Sími 565 2885 • www.stod.is

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Sólgleraugu og derhúfur vernda augun

***Full ástæða er til að vernda augun fyrir sól að sögn Þorkels Sigurðssonar, augnlæknis í Mjódd.***



Höfuðföt með skyggni verja augun gegn ágengum geislum sólarljóssins.

„Ég mæli með því að fólk noti sólgleraugu í mikilli birtu. Þau vernda hornhimnuna og og aðalaatriðið er að þau vernda augnbotninn.“ segir Þorkell og útskýrir nánar mikilvægi þessa. „Sólin getur valdið sárum á hornhimnu augans sem líkjast rafsuðublindu og eru verulega óþægileg. Hættan á því er mest í sólskini uppi á jökli og við vötn þar sem endurkastið er mikið. Svo er þýðingarmikið að verja augnbotnana, það er að segja sjónhimnuna, ekki síst upp á seinni tíma. Það er eðlilegt að hrörnun komi í augnbotnana með háum aldri en þau einkenni geta komið fyrr ef menn eru mikið í sól og birtu. Eldra fólki sem hefur farið í skýjaaðgerðir er til dæmis ráðlagt að vera duglegt að nota sólgleraugu.“

Þorkell nefnir einnig skyggni og derhúfur sem vissulega verji augun fyrir ágengum geislum sólarinnar. „Venjuleg gleraugu veita vissa vörn líka og hægt er að fá gler sem dökknar í birtu og lýsist í myrkri en slík gleraugu eru ekki fullnægjandi við akstur því glerin dökkna lítið ef sólin skín ekki beint á þau.“ Þorkell segir vissulega mikilvægt að nota sólgleraugu við akstur en telur hann mikinn gæðamun á dýrum gleraugum og ódýrum. „Sumir vilja bara gæðagler en ég tel að það sé kannski ekki alltaf eins mikill munur á gæðum gleraugna eins og verðmunur bendir til. Hann nefnir sérhönnuð sólgleraugu, svokölluð polaroid-gleraugu. „Þau eru dýr enda hafa þau þann sérstaka eiginleika að taka speglun af vatnsyfirborði og eru mikið notuð af veiðimönnum til að sjá ofan í botninn. Sem vörn gegn sólargeislum er munurinn ekki svo ýkja mikill og á ódýrari gleraugum.“ Mismunandi er hvaða litir henta hverjum og einum að sögn Þorkels. Sumir vilja hafa þau brún en aðrir gulleit eða bláleit. Að lokum er hann spurður út í möguleika þeirra sem venjulega ganga með gleraugu, til að verja augun sólarljósinu. „Það eru til þessi gleraugu sem ég nefndi áðan sem dökkna í sól og lýsast í skugga. Þau geta verið góð fyrir þá sem ekki keyra mikið. Sumir eiga sólgleraugu með styrk og enn aðrir sólgleraugnasmellur sem þeir setja yfir venjulegu gleraugun.“



Óvíða er meiri þörf á að verja augun birtu en á jökli.



Sólgleraugu eru ekki bara tískufyrirbæri heldur mesta þarfaþing.

*gun@frettabladid.is*

# Áfengi gott í hófi

NÝ RANNSÓKN SÝNIR AÐ HÓFLEG NEYSLA ÁFENGIS GETUR MINNKAÐ LÍKUR Á HJARTASJÚKDÓMUM.

Í nýjasta hefti breska læknatímaritsins var birt skýrsla um danska rannsókn á áhrifum neyslu áfengis á hjartasjúkdóma.

Rannsóknin var gerð á 50 þúsund Dönum á aldrinum 50 til 65 ára.

Fram kemur í niðurstöðum rannsóknarinnar að dagleg hófleg neysla áfengis geti dregið úr líkum á hjartasjúkdómum meðal karla. Karlmenn sem drekka áfengi daglega voru um 40 prósent síður líklegir til að fá hjartasjúkdóma. Konur sem neyta áfengis eru einnig síður líklegri til að fá hjartasjúkdóma en litlu máli virðist skipta hvort þær drekka daglega eða vikulega.

Judy O'Sullivan, talsmaður Bresku hjartastofnunarinnar, varar fólk þó við því að taka þessar niðurstöður of bókstaflega. Hún minnir á að þeir sem drekka verði að hafa það í huga að ókostir mikillar drykkju séu mun fleiri en kostirnir og engin ástæða sé til að hefja drykkju til að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma.



Léttvín er gott í hófi og getur hjálpað til við að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma.



Höfuðbeia-og spjaldhryggjarmeðferð getur verið góð hjálp.

# Bót á ýmsum meinum

***Höfuðbeina-og spjaldhryggsjöfnun getur bætt úr margvíslegum meinum.***

Andleg og líkamleg áföll valda streitu, áhyggjum og álagi sem getur brotist út í bólgum, þreytu, þunglyndi og einbeitingarskorti. Þessi neikvæðu einkenni er möguleiki að laga með höfuðbeina- og spjaldhryggjarjöfnun áður en þau fara að valda varanlegum skaða eða sjúkdómum. Hálsrígur, höfuðverkur og svimi, astmi og öndunarvandamál eru líka meðal þess sem hægt er að fá bót á með slíkri meðferð hjá þeim sem hafa sérhæft sig í faginu.


Botox er gríðarlega mikið notað í hinum vestræna heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Bætir botox geðheilsuna?

***Lítill hópur lækna greinir frá því að konur sem fengu botox hafi í kjölfarið sýnt bata í baráttunni við þunglyndi.***

Rannsóknin var ekki stór en viðfangsefnin voru einungis tíu talsins. Rannsóknin fór þannig fram að tíu þunglyndum konum var gefið botox, sem er vinsælt fegrunarlyf sem slakar á vöðvum og vinnur þannig gegn hrukkum. Líðan þeirra var könnuð fyrir og eftir meðferðina.

Lund kvennanna léttist töluvert eftir meðferðina. Hvort sem það er vegna þess að þær voru óánægðar með útlit sitt fyrir meðferðina eða hvort lyfið hafi ófyrirséðar og heppilegar aukaverkanir í för með sér skal ósagt látið. - tg

# Styrkir til alþjóðlegra matvælarannsókna

***Íslensk fyrirtæki og stofnanir geta fengið styrk úr Tækniþróunarsjóði til þess að vinna rannsóknarverkefni á sviði matvælarannsókna í samstarfi við aðila frá öðrum löndum.***

Rannsóknarráð Íslands er að auglýsa eftir umsóknum um styrki til matvælarannsókna. Íslensk fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki en skilyrði fyrir styrkveitingu er að verkefnið sé unnið í samstarfi við fyrirtæki eða stofnanir frá Noregi, Finnlandi, Frakklandi, Spáni eða flæmska hluta Belgíu. Þorsteinn Brynjar Björnsson hjá Rannsóknarráði Íslands segir að þrír aðilar frá þessum ríkjum verði að koma að hverju verkefni. „Gert er ráð fyrir að hvert verkefni sé unnið af að minnsta kosti tveimur fyrirtækjum frá tveimur löndum, til dæmis frá Íslandi og Spáni og síðan einni rannsóknarstofnun sem getur þá verið frá öðru af þessum tveimur löndum,“ segir Þorsteinn. Verkefnin verða unnin á næstu tveimur árum og og allt að fimm milljónum evra verður veitt til þeuirra en áætlaður kostnaður við hvert þeirra er allt að ein milljón evra. „Við erum að gera tilraun með alþjóðlegt samstarf og fáum styrk frá Evrópusambandinu til þess að prófa okkur áfram með þessa sameiginlegu fjármögnun,“ segir Þorsteinn.

Umsóknarfrestur er til 15. september næstkomandi en forumsóknir má senda inn til 1. júní. Þorsteinn segir að ef íslensk fyrirtæki skila inn góðum hugmyndum geti Rannsóknarráð komið þeim í samband við erlend fyrirtæki til þess að taka þátt í verkefnunum með þeim. „Við erum með ákveðið kerfi til þess að leiða saman fyrirtæki í þessum löndum og erum með sérfræðinga til þess að aðstoða við það.“


Íslensk fyrirtæki og stofnanir geta sótt um styrki til matvælarannsókna hjá Rannsóknarráði Íslands.










# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI


Nissan pick up double cab diesel 2,5 vinnubíll, árgerð 2006, dráttarkúla, klæðning í skúffu, nýr, óekinn, verð 2.450.000,- 540-5800 / 821-6292

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.net**

BÍLAHORNIÐ BÍLASALA Funahöfða 5 - S: 567-2400 www.bilahornid.is


NISSAN MICRA 2002 Ekinn aðeins 17 þ.km. Sjálfskiptur Verð kr. 840.000. S. 567 2400.


SKODA OCTAVIA 2.0 Árgerð 2001. Ekinn 93 þ.km. Sjálfskiptur Verð kr. 1050.000. Áhv. 900 þús. S. 567 2400.


Izuzu Trooper 3.0 TD 33" Árg. 2002. Ekinn 83 þ.km. Verð kr. 1990.000. Áhv. 1750 þús. S: 567 2400.


VW GOLF GL 1.4 Árgerð 1998. Ekinn 107 þ. km. Verð kr. 590.000. Áhv. 480 þús. S. 567 2400.

**Bílahornið**
**Funahöfða 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2400**
**www.bilahornid.is**

bilaland.is Grjóthálsi 1 bílaland 575 1230


BMW 120I Nýskr. 03/2005, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 18.000 þ. Verð 2.990.000.


CHEVROLET EVANDA Nýskr. 02/2005, 2000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 15.000 þ. Verð 2.090.000.


DAEWOO NUBIRA Nýskr. 05/2004, 1800cc 4 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 20.000 þ. Verð 1.250.000.


FORD ESCAPE Nýskr. 08/2004, 3000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrænn, Ekinn 13.000 þ. Verð 3.040.000.


HYUNDAI ACCENT Nýskr: 07/2003, 1600cc 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 41.000 þ. Verð 990.000.


HYUNDAI COUPE Nýskr. 02/2003, 1600cc 2 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 59.127 þ. Verð 1.150.000.


HYUNDAI GETZ Nýskr. 01/2003, 1600cc 4 dyra, Fimmgíra, Ljósblár, Ekinn 45.100 þ. Verð 1.050.000.

bilaland.is Grjóthálsi 1 bílaland 575 1230


HYUNDAI SANTA FE Nýskr. 01/2005, 2700cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur / Grár, Ekinn 27.000 þ. Verð 2.940.000.


HYUNDAI TERRACAN Nýskr. 01/2005, 2900cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur, Ekinn 34.000 þ. Verð 3.340.000.


ISUZU TROOPER Nýskr. 11/1999, 3000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 189.000 þ. Verð 1.290.000.


JEEP GRAND CHEROKEE Nýskr. 07/1999, 4000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 102.000 þ. Verð 950.000.


LAND ROVER DISCOVERY SERIES II Nýskr. 01/2001, 2500cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 80.000 þ. Verð 2.230.000.


LAND ROVER RANGE ROVER Nýskr. 06/1997, 4000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Hvítur, Ekinn 140.000 þ. Verð 1.450.000.


NISSAN TERRANO II Nýskr. 06/2002, 2700cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grænn, Ekinn 125.000 þ. Verð 1.970.000.

bilaland.is Grjóthálsi 1 bílaland 575 1230


RENAULT CLIO Nýskr. 03/2003, 1100cc 3 dyra, Fimmgíra, Svartur, Ekinn 60.000 þ. Verð 890.000.


RENAULT MEGANE Nýskr. 03/2002, 1400cc 5 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 80.036 þ. Verð 910.000.


RENAULT MEGANE II Nýskr. 01/2005, 1600cc 5 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 24.000 þ. Verð 1.720.000.


RENAULT SCENIC Nýskr. 10/2003, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 39.000 þ. Verð: 1.530.000.


RENAULT SCENIC Nýskr. 11/2000, 2000cc 5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn 131.000 þ. Verð: 1.090.000.


RENAULT SCENIC II Nýskr. 08/2005, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 9.000 þ. Verð: 2.230.000.


SKODA OCTAVIA Nýskr. 05/2006, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 71.000 þ. Verð: 1.150.000.


VOLKSWAGEN GOLF Nýskr. 06/2003, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 81.700 þ. Verð: 1.470.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjóthals 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN 567-4840 og 660-0565 - Kletthálsi 2 -


TOYOTA AVENSIS VVT-I Árgerð 2004. Ekinn 26 þ.km. þúsund km. Áhvílandi kr. 1800 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. 27 þúsund. Verð kr. 2150.000. Skipti: Ódýrari

**Höfðahöllin**
**Kletthals 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**


Nýir Dodge Durango Limited 5,7L Hemi, 340 hö., 7 manna, Km. mælir, Leður, lúga, rafm. í öllu, tveggja ára ábyrgð, þjónustaður af Ræsi. Til sýnis á staðnum. Þrír litir: Svartur, silfur og dökkblár. Fáránlega lágt verð: 4.190 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

VAGNASMIÐJAN HÚSVAGNAR ehf. Eldshöfða 21 - 110 Reykjavík Sími 587 2200 / 894 6000




**Tilboð Vikunnar.**
Hobby Landhaus 2006 uppseld í Þýskalandi. Eigum eitt á lager. Verð aðeins 3.000.000 Kr. Fyrstur kemur, fyrstur fær. Öll Hobby á frábæru verði, allt að 100% lán. Vagnasmiðjan-Húsvagnar ehf. S: 587 2200, 894 6000 www.vagnasmidjan.is

**Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf**
**Eldshöfða 21, 112 Reykjavík**
**Sími: 587 2200**


Ford Expedition Eddie Bauer árg. 2006. Ek. 27þ. km. Breyttur á 35" dekkjum og krómuðum álfelgum. 8 manna, leðurklæddur, dráttarbeisli, 6 diska CD o.m.fl. Glæsilegur bíll.


Það lang flottasta frá Fleetwood/Coleman. 14 fet, árg. 2005.WC+sturta m/hörðum veggjum, 220v, örbylgju+bakaraofn, frystir, útvarp+CD, heitt vatn, sólarsella, fortjald, upphækkað o.m.fl.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf 821-6292


Nissan Patrol SE+ árgerð 2001, ekinn 110 þús.km., sjálfskiptur, leður, topplúga,óbreyttur, sk.'07, 100% lánað, verð 2.680.000,- 821-6292 / 540-5800


VW Transporter árgerð 2001 diesel, lengri gerð, með kæli, ekinn 185 þús.km, þjónustubók, nýleg tímareim, sk.'07, 100% lánað, verð 830.000,- m.vsk. 821-6292


GMC Pick-up extra-cab 5 manna, árgerð 1995, diesel, 6,5 turbo, lengri pallur, ekinn 131 þús.m., sk.'07, 100% lánað, verð 650.000,- 821-6292


MM Pajero árgerð '98, diesel 2,8 sjálfskiptur, 7 manna, leður o.fl., ekinn 170 þús.km., sk.'06, verð 1.280.000,- 100% lánað 821-6292/540-5800

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**



## PIPARMOLAR OG JARÐARBER

*Brynjuís trekkir viðskiptavini alls staðar að* SJÁ BLS. 10



## LÍFLEGT HEIMILISHALD

*Félagsheimili breytt í íverustað listamanna*

SJÁ BLS. 6

[ SÉRBLAÐ UM NORÐURLAND OG AKUREYRI – ÞRIÐJUDAGUR 30. MAÍ 2006 ]

# norðurland



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT


GEIMFARAR FYRIR NORÐAN
*Uppsveifla í auglýsinga-bransanum* BLS. 2

Í TAKT VIÐ TÍMANN
*Fiðlarinn verður að Strikinu* BLS. 2





HEFUR AÐ GEYMA ALLS KYNS GERSEMAR
*Frúin í Hamborg* BLS. 8

ALVEG EINSTÖK NÁTTÚRUFEGURÐ
*Ferðalag í Fjörður* BLS. 10

NÁTTÚRUPERLA NORÐAN HEIÐA
*Kjarnaskógur* BLS. 10

SVARTFUGL OG HVÍTSPÓI
*Vinnustofa og sýningarsalur* BLS. 12

FRAMÚRSKARANDI LISTAFÓLK Á HEIMSMÆLIKVARÐA
*Sjónlist 2006* BLS. 14





# Heppileg drykkjarstærð

Kók í gleri er einungis framleitt fyrir norðan.

Árið 2000 urðu þau tíðindi í íslensku viðskiptalífi að starfsemi Vífilfells og Sól-Víkings var sameinuð undir nafni þess fyrrnefnda. Unnsteinn Jónsson, framleiðslustjóri Vífilfells fyrir norðan, rekur sögu fyrirtækisins og útskýrir af hverju það sér nú alfarið um áfyllingu á Coke í glerflöskum.

„Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið gengið í gegnum ýmsar breytingar,“ segir Unnsteinn. „Áður en það sameinaðist Vífilfelli árið 2000 var það þekkt sem Sól-Víking, þar áður Víking, svo Sanitas og upphaflega sem ölgerðarfyrirtækið Sana. Fyrirtækið er því gamalt, þótt saga þess undir „nýja“ nafninu sé stutt.“

Að sögn Unnsteins fluttist fyrirtækið í núverandi húsnæði að Furuvöllum 18 upp úr 1960, en það er um 4.500 fermetrar. „Vélum hefur fjölgað í tímans rás og erum við nú að framleiða um tíu milljónir lítra af bjór og gosi á ársgrundvelli,“ segir hann. „Dagleg framleiðsla er auðvitað mismikil og meðal annars bundin árstíma, en áætla má að stærsti mánuðurinn sé yfirleitt tvöfaldur minnsti mánuðurinn. Starfsmönnum okkar hefur að vonum fjölgað í takt við þetta.“

Margir vita af fyrirtækið framleiðir Viking og Thule, en færri vita að síðan 2003 hefur það verið eitt um áfyllingu Coke á 250 ml glerflöskur hérlendis. „Það var ákveðið að vera með eina áfyllislínu sem réði við gler og við höfðum hana,“ segir Unnsteinn. „Línan sem var á Stuðlahálsi var lögð niður og framleiðslu á 190 ml kókflöskunni lauk. Þetta er að vísu ekki stór hluti framleiðslunnar, sérstaklega ekki í lítrum talið þar sem flöskurnar eru litlar. Engu að síður nýtur kók í gleri sífellt meiri vinsælda, enda tel ég marga hafa áttað sig á því hversu heppileg drykkjarstærð þetta er,“ segir hann loks.



Unnsteinn Jónsson, framleiðslustjóri Vífilfells fyrir norðan, er ánægður með viðtökurnar sem litlu kókflöskurnar hafa fengið. Segir hann Coca Cola Light nú njóta mikilla vinsælda.



Eigendur Geimstofunnar, frá vinstri: Björgvin Guðjónsson, Arnar Sigurðsson og Jón Ingi Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Geimfarar fyrir norðan

Uppsveifla er í auglýsingabransanum á Akureyri, að sögn Jóns Inga Sigurðssonar hjá Geimstofunni.

Starfsmenn Geimstofunnar auglýsingastofu, að Brekkugötu 7a, hafa getið sér góðan orðstír frá því hún var opnuð árið 2003. Samkvæmt Jóni Inga Sigurðssyni, einum eigenda stofunnar, er þar ekki verið að tvínóna við hlutina heldur ráðist í verkefni af fullum krafti hvort sem það er á sviði prent- eða ljósvakamiðla.

Starfsmenn Geimstofunnar hafa haft í nógu að snúast og tekið að sér nokkur stærri verkefni, á borð við herferð sem farin var í fyrir Sandgerðisbæ. „Í því tilviki sáum við um gerð markpósts, blaða- og sjónvarpsauglýsinga,“ segir Jón Ingi. „Herferðin vakti töluverða lukku og við fengum tilnefningu til Ímark-verðlauna fyrir markpóstinn. Af öðrum verkefnum má nefna auglýsingar fyrir Kjarnafæði og Húsavíkurjógúrt frá Norðurmjólk.“

Ekki er nóg með að starfsmenn Geimstofunnar hanni auglýsingar fyrir viðskiptavini sína, heldur sjá þeir einnig um framleiðslu sjónvarps- og útvarpsauglýsinga. „Við erum með leikstjóra innanborðs, að nafni Baldvin Zophoníasarson, sem er í námi í Danmörku. Það kom sér ágætlega þar sem við tókum upp auglýsinguna fyrir Kjarnafæði þar í landi. Svo var tónlistin gerð í Svíþjóð, þannig að segja má að um samnorrænt verkefni hafi verið að ræða,“ bætir hann við.

Samkvæmt þessu er ekki annað að heyra en leiðin liggi upp á við fyrir starfsmenn Geimstofunnar og spennandi verður að fylgjast með hvað þeir taka sér næst fyrir hendur. Nánari upplýsingar á www.geimstofan.is




Herferð fyrir Sandgerðisbæ var unnin af Geimstofunni með góðri útkomu. Stofan hlaut tilnefningu til Ímark-verðlauna fyrir markpóst í því tilfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/KK




Blaðaauglýsing fyrir Kjarnafæði. Geimstofan hannar einnig auglýsingar fyrir sjónvarp og útvarp og hefur leikstjóra innanborðs. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

„Hvað er í gangi?“
www.akureyri.is
Allt sem er að gerast á Akureyri í viðburðadagatalinu á www.akureyri.is!
Hefur þú kynnt þér málið?
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Upplýsingamiðstöðin á Akureyri
Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri • Sími 462 7733


IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
Einstök hönnun
Stillanleg rúm
BIFLEX
Verð frá kr. 179.900. (2x80x200)
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
Chiropractic
FLIPFREE
Sú besta
samkvæmt stærstu
samtökum kírópraktora í heimi
Svefnsófar
NÝTT
BOONE
VEGGRÚM
SUMARFJÖR HJÁ
SVEFN & HEILSU
BEAUTY SLEEP
Queen (153x203 cm)
kr. 49.900
áður kr. 64.900
meðan birgðir endast!
ROYALTY Timeless
Queen (153x203 cm)
kr. 89.900
áður kr. 109.900
takmarkað magn!
NÚ ER RÉTTI
TÍMINN
Lúxusdýnur fyrir hótel og sumarhús,
takmarkað magn á gamla genginu.
Tilboð á völdum vörum.
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Verið
velkomin
www.svefn.is
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardag 11:00 - 16:00 Lokað á laugardögum í Júní

# Fyrsta flokks veitingahús á heimsvísu

Ingi Þór Ingólfsson, einn eigenda veitingahússins Striksins, býður upp á ljúffenga rétti sem eru í stöðugri endurskoðun.

Í október á síðasta ári urðu eigendaskipti á veitingastaðnum Fiðlaranum, að Skipagötu 14. Við það fékk staðurinn nýtt heiti, Strikið, og var breytt úr gamaldags matsölustað í nýtískulegt veitingahús. Ingi Þór Ingólfsson, einn eigenda Striksins, segir að í flestum tilvikum hafi breytingunum verið vel tekið.

„Segja má að breytingarnar hafi gengið hratt fyrir sig, þar sem við höfum þær skömmu eftir að við tókum við staðnum og lukum þeim í desember," segir Ingi Þór. Við sigldum því á milli skers og báru á meðan þessu stóð, ef svo má að orði komast."



Ingi Þór segist vera ánægður með þær breytingar sem gerðar hafi verið á Strikinu og að þær hafi yfirleitt lagst vel í fólk.
FRÉTTABLAÐIÐ/KK




Nafni staðarins var breytt úr Fiðlaranum í Strikið og skipt um innréttingar og matseðil til að ná fram léttari áhrifum. Hér sést Ingi Þór, einn eigenda staðarins, skenkja viðskiptavini í glas á nýja barnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Ekki er nóg með að stórtækar breytingar hafi verið gerðar á útliti staðarins, heldur fékk gamli matseðillinn að fjúka. „Við erum nú með tvo matseðla, annars vegar hádegismatseðil sem inniheldur allt frá hamborgurum upp í nautasteikur, og hins vegar kvöldmatseðil, með pastaréttum, humri og nautalundum með bernaise-sósu, svo dæmi séu nefnd," segir Ingi Þór. „Sumir réttanna njóta alveg ótrúlegra vinsælda hérna og má þar nefna kolaglóðaða hamborgara í hádeginu og nautalundir á kvöldin. Svo eru matseðlarnir okkar í stöðugri endurskoðun og þeim breytt í takt við tískustrauma," bætir hann við.

Þess má líka geta að Strikið býður ekki aðeins upp á ljúffengan mat heldur verður einnig lifandi tónlist leikin fyrir gesti á þemakvöldum alla fimmtudaga í sumar. „Hérna verða ýmsir tónlistamenn sem sýna listir sínar og ráðgera má að lagasmíðar eftir meistara eins og James Taylor, David Bowie, Simon & Garfunkel og fleiri verði spilaðar," segir Ingi Þór.

# Menningarhús og tónlistarskóli

Framkvæmdir hefjast á næstu mánuðum.

Menningarhús og tónlistarskóli mun rísa við Strandgötu á Akureyri og hefjast framkvæmdir á næstu mánuðum. Í dag hefst afhending útboðsgagna vegna byggingar hússins en samningur um hönnun menningarhúss og tónlistarskóla var undirritaður 2. júní 2005. Upphaflega var gert ráð fyrir því að tónlistarskóli mundi rísa síðar í sérstöku húsi tengdu menningarhúsinu. Á frumhönnunarstigi var hins vegar bætt við hæð ofan á menningarhúsið þar sem starfsemi tónlistarskólans mun að mestu verða. Tilboð í fyrsta útboð vegna framkvæmda við menningarhús og tónlistarskóla voru opnuð 4. nóvember 2005 um framkvæmd sem felur í sér fergja svæði (til að láta jarðveginn síga) og reka niður stálþil. Sigmælingar á svæðinu hófust um miðjan desember 2005 og verður svæðið tilbúið til framkvæmda um mánaðamótin.

Áætluð verklok fyrir menningarhús og tónlistarskóla ásamt lóð og umhverfi er vorið 2008.



Menningarhús og tónlistarskóli mun rísa við Strandgötu á Akureyri,.



Dögg, Karen og Hanna Hlíf hafa rekið Gallerí BOX í rúmt ár. Á myndinni sést einnig dóttir Hönnu Hlífar, Marsibil Þórarinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Gæludýr gerð úr dýrafóðri

Hanna Hlíf Bjarnadóttir og starfssystur hennar standa fyrir áhugaverðum sýningum í Gallerí BOX.

Þrír útskriftarnemar við Myndlistarskólann á Akureyri, þær Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Dögg Stefánsdóttir og Karen Dúa Kristjánsdóttir, hafa í ár rekið Gallerí BOX við Kaupvangsstræti 16, þar sem galleríið Kompan var áður til húsa. Að sögn Hönnu hafa sýningar almennt verið vel heppnaðar og viðtökur góðar.

Innt eftir því af hverju þær hafi ráðist í reksturinn segir Hanna þær hafa séð sér leik á borði eftir að húsnæðið losnaði. „Við höfum rekstur á meðan við vorum enn í námi og fengum styrki til að bjóða listamönnum til okkar," segir hún. „Við stöndum þannig algjörlega undir kostnaði og rekum galleríið á núlli."

Hanna og samstarfskonur hennar standa um þessar mundir fyrir sýningu á verkum Sólveigar Einarsdóttur, sem að hennar mati er ung og efnileg listakona að fást við áhugaverða hluti. „Í I8 var hestur í fullri stærð eftir hana, eingöngu gerður úr pez-sælgæti," segir hún. „Hjá okkur er hún með ljósmyndir af gæludýrunum sínum. Svo hefur hún búið til eftirmynd hundsins síns og kattar úr hunda- og kattamat, sem hægt er að skoða. Þetta er mjög falleg og krúttleg sýning sem hefur fengið góða dóma," segir hún.

Að sögn Hönnu hafa þær stöllur staðið fyrir ýmsum uppákomum auk sýninga, þar á meðal gjörningum. „Svo erum við alltaf með grænmetisveislur á opnunum," segir hún. „Þá er boðið upp á mat til að ná fram afslöppuðu andrúmslofti og láta sýningargesti staldra ögn lengur við. Okkur finnst hafa tekist vel til," segir hún loks.

Amber hárstofa
Líttu inn - við tökum vel á móti þér!
INDOLA og URBAN TRIBE hársnyrtivörur
amber hárstofa
Hafnarstræti 92 (Bautahúsið) Sími 466 4040.

# Afmælistilboð

## 1 árs afmæli Húsgögnin heim Akureyri



**Harmony blátt.** **Harmony rautt.** **Harmony natur**



| Dúkar | stærð | 140x140 | 140x180 | 140x230 | 140x280 | 160x230 | 160x280 | 160x320 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 695.- | 795.- | 995.- | 1295.- | 1295.- | 1495.- | 1695.- |

| Diskamottur, | Servéttur, | Viskastykki, | Svuntur, | Grillhanskar, | Pottaleppar, | púðar 40x40 | 50x50 og | 40x60 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 295.- | 125.- | 195.- | 495. | 195. | 195. | 595.- | 895.- | 895.- |



Matarstell Urban Te sett
með könnum kr 2495.-



Matarstell Urban ferkantað
matardiskur kr 795.-
hliðardiskur 495.-
súðuskál 395.-



Matarstell Urban hringlótt
matardiskur kr 595.-
hliðardiskur 395.-
súpuskál 350.-



**Postulíns matarstell frá Aida hannað af Odgard Dönskum listamanni.**

Steikardiskur 28cm Kr 595.-
Matardiskur 26cm 395.-
Forréttardiskur 22cm 395.-
Hliðardiskur 395.-
Súpuskál 395.-

Salatdiskur 18,5cm kr 795.-
Salatdiskur 14cm 395.-
Drykkjarkönnur 395.-
Kaffibollar m/undirskál 395.-



Oregon tungusófi brúnnt bycast leður 79.900.- einnig til svartur og Ivory

Einnig til:
Oregon 3+2 sófasett 115.500.-
Litir: Svart, brúnt og Ivory



Bogart 3+2 sófasett Ivory bycast leður kr. 99.900.- einnig til í rauðu bycast leðri. Svart 3+2 á 119.900.-



Oregon tungusófi rautt bycast leður 79.900.- einnig til svartur og Ivory





OPIÐ
Mánudaga til föstudaga kl. 10.00 – 18.00
Laugardaga kl. 11:00 - 16:00

HÚSGÖGNIN
HEIM

Sími 461 5200 · Fax 461 1121



Eldhús ásamt borðstofu, kjallara, svið og sal var leyft að vera áfram sem næst upprunalegri mynd sinni. Engu að síður krafðist húsið mikilla viðgerða sem staðið hafa í tæp tvö ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Hjónin og listamennirnir Aðalheiður S. Eysteinsdóttir og Jón Laxdal og börn þeirra ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Þau tóku Freyjulund að sér þrátt fyrir að búið væri að dæma húsið ónýtt og hafa staðið í ströngu við að lagfæra það. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Líflegt heimilishald

## Félagsheimili breytt í íverustað listamanna með áhugaverðri útkomu.

Í Freyjulundi stendur skemmtilegt einnar hæðar hús með kjallara, sem hefur gegnt nokkuð margþættu hlutverki í gegnum tíðina. Hjónin og listamennirnir Aðalheiður S. Eysteinsdóttir og Jón Laxdal festu kaup á húsinu fyrir nokkrum árum og gerðu á því róttækar breytingar, sem áætlað er að ljúki á þessu ári.

Aðalheiður segir þau hjónin hafa verið að leita sér að húsnæði til að sameina heimili og vinnuaðstöðu. „Eftir árangurslitla leit á Akureyri fréttum við af þessu húsi. Við ákváðum að taka það að okkur til að gera upp, eftir að við komumst að því að það væri dæmt ónýtt og bærinn vildi losna við það.“

Aðalheiður segir húsið hafa verið byggt í þremur áföngum, áður en þau Jón keyptu það. „Elsti hlutinn er frá byrjun 20. aldar, einhvern tímann á milli 1910 og 1920,“ útskýrir hún. „Síðan var tvisvar sinnum bætt við húsið fram til ársins 1960, þar sem þurfti að laga það að nokkuð ólíkri starfsemi. Fyrst voru hér hreppstjórnarskrifstofur, síðan var húsnæðinu breytt í skóla og loks starfaði félagsheimili í húsinu áður en við tókum við því.“

„Húsið gekk síðan í gegnum fjórða breytingaskeiðið þegar það kom í okkar eigu,“ segir Aðalheiður. „Helstu breytingarnar voru að sameina kvenna- og karlaklósett í stærra baðherbergi og breyta fataherbergi í svefnherbergi. Eldhús, borðstofa og salur og svið frá tímum félagsheimilisins voru látin óhreyfð. Kjallarinn, þar sem leikararnir höfðu búningaaðstöðu, var lagfærður og hýsir nú geymslur og gestaaðstöðu. Við lögðum hins vegar nýjar lagnir, einangruðum og múruðum upp á nýtt. Svo var skipt um alla glugga og hurðir. Þakið er það eina sem var látið halda sér með litlum lagfæringum,“ útskýrir hún.

Aðalheiður, Jón og sonur þeirra stóðu að miklu leyti sjálf í lagfæringunum á húsinu, Iðnaðarmenn voru fengnir þegar þurfti og vinir og vandamenn kallaðir í vinnutarnir. Hún segir þau ekki hafa fengið neina styrki til framkvæmda, bæði þar sem húsið hafi verið byggt af vanefnum og í þrennu lagi. „Við eigum hins vegar eftir að athuga hvort einhverjir sjóðir séu tilbúnir til að styrkja þá starfsemi sem við ætlum að reka í húsinu, það er tónleika, sýningar og fyrirlestrahald,“ segir hún loks.



Með bjór og sígó. Það mætti halda að þessi skemmtilegi karl, sem kallaður er Hannes, sé að taka sér pásu frá allri erfiðisvinnunni sem farið hefur í húsið. Hannes er eitt margra sköpunarverka Aðalheiðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Vinnuborð í stofunni. Á því eru svokölluð „collage“-verk, eða klippimyndir eins og þær heita í lauslegri þýðingu, sem Jón er að vinna að.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Í Freyjulundi er gott pláss fyrir listamennina til að athafna sig auk þess sem birtuskilyrði eru kjörin til listsköpunar.



Aðalheiður er önnum kafin við listsköpun en hún opnar sýningu á verkum sínum laugardaginn 3. júní í J.V. gallerí við Kaupvangsstræti á Akureyri.






**Aquis handklæði**

Létt, fyrirferðalítil og frábær í ferðalög og íþróttir. Góð við húðina, þurrka vel og alltaf mjúk.

**Daggir ehf.**

Strandgötu 25 Akureyri • s: 462-6640 • www.daggir.is

Útsölustaðir: Daggir, Tékk kristall Kringlunni • Hárgr.stofan Scala Lámúla 5 • Everest Skeifunni 6

allt bílar

Alla laugardaga




Anna og Jón vildu finna húsnæði þar sem þau gætu bæði unnið og búið í. Reyndist Freyjulundur tilvalinn staður og var ákveðið að stofan skyldi jafnframt vera vinnustofa.




Fríður hefur ásamt manni sínum Júlíusi rekið ísbúðina Brynju síðastliðin 21 ár. Búðin hefur staðið í blóma frá því að þau hjónin tóku við rekstrinum. FRETTABLADID@HEIDA.IS



Kalli er mjög vinsæll krakkaís í kallaboxi. Þeir koma í nokkrum litum hver með sinn karakter. Hægt er að fara með boxið aftur í búðina og fá áfyllingu fyrir aðeins 150 krónur.

# Piparmolar og jarðarber

## Brynjuís trekkir viðskiptavini alls staðar að.

Ísbúðin Brynja, sem er til húsa að Aðalstræti 3, á sér lengri sögu en margan gæti grunað, alveg aftur til 1942-3. Hjónin Fríður Leósdóttir og Júlíus Fossberg Arason eru fimmtu eigendur ísbúðarinnar, en segja má að hún hafi staðið í blóma frá því að þau tóku við rekstrinum fyrir 21 ári.

Fríður segir búðina hafa byrjað sem eins konar „kaupmann á horninu“. „Upp úr 1950 var ein ísvél tekin í notkun á sumrin í búðinni,“ útskýrir hún. „Þegar við tókum við rekstrinum var einni vél bætt við og ís seldur allt árið um kring. Núna erum við komin með sjö íshólf í búðina og ísinn hefur aldrei verið vinsælli.“

Aðspurð um vinsældir Brynjuíssins segir Fríður að hollusta sé einfaldlega vanabindandi. „Ísinn er heimalagaður, meðal annars unninn upp úr Norðurmjólk, og eru ekki nema 130 fitueiningar í hverjum 100 grömmum af hvítum ís,“ segir hún stolt í bragði. „Bragðarefur með ávöxtum er ein vinsælasta ístegundin, sem er líklega af því að sífellt fleiri vilja temja sér hollan lífsstíl. Svo er ís í brauði sívinsæll,“ bætir hún við.

„Við njótum líka ákveðinnar sérstöðu vegna piparmola frá Mola á Dalvík sem við setjum í bragðarefinn,“ segir Fríður. „Í samvinnu við Mola ákváðum við að prófa blönduna á viðskiptavinum okkar og sló hún í gegn. Það er til dæmis mjög vinsælt að blanda piparmolum og jarðarberjum saman í bragðarefnum. Annars er flóran mikil og fólk hefur nokkuð frjálsar hendur með ísinn sem það kaupir,“ segir hún að lokum.



Ís í formi er klassískur og nýtur sífelldra vinsælda. Ísinn í Brynju er tiltölulega hollur miðað við það sem þekkist, en 130 fitueiningar eru í hverjum 100 grömmum af hvítum ís.



Það svalasta í dag er ís með pipardýfu sem er framleidd af Mola á Dalvík. Hér sést bragðarefur með piparmolum, jarðarberjum og einni súkkulaðitegund.






Skartgripir, skrautlegir speglar, hattar og hirslur. Allt saman fæst þetta í Frúnni í Hamborg, en hlutirnir eru meðal annars innfluttir frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Hingað rata alls kyns gersemar

Frúin í Hamborg er öðruvísi antíkbúð, þar sem selt er allt frá saumnálum upp í notuð föt.

Við Ráðhústorgið í miðbæ Akureyrar, nánar tiltekið við Brekkugötu 3, er falleg antíkbúð kennd við Frúna í Hamborg. Þetta er þó engin venjuleg fornmunaverslun þar sem yngstu hlutirnir eru 25 ára, auk þess sem þar eru einnig seld notuð föt. Eigendur búðarinnar eru þær Þorbjörg Halldórsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, sem var svo vinsamleg að segja aðeins frá Frúnni.

„Við erum náttúrlega ekki bara með antíkmuni, þar sem hlutur þarf að vera yfir hundrað ára gamall til að geta borið það heiti með réttu," byrjar Guðrún á að segja. „Við seljum allt frá saumnálum, gömlum plötum, annarri smávöru og upp úr. Svo seljum við gamlan fatnað og erum með umboðssölu fyrir fataverslunina Spútník."

Samkvæmt Guðrúnu er alltaf nóg að gera í antíkbransanum. „Það eru ekki miklar sveiflur í bransanum, þó að notaðir hlutir séu meira í tísku á sumum tímum en öðrum," segir hún. „Fólki finnst núna flott að blanda því nýja saman við það gamla. Varan sem við seljum er aðallega innflutt frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi og eitthvað smávegis frá Danmörku. Svo kaupum við hluti af fólkinu í kring."

Frúin í Hamborg er uppfull gersema og að sögn Guðrúnar er elsta húsgagnið í búðinni 120 ára gamall ruggustóll. „Það kemur stundum fyrir að hingað ratar einhver ofboðslega flottur munur," segir hún. „Þá setjum við kannski gott verð á hann, stundum í því skyni að halda honum lengur þar sem hann setur flottan svip á búðina. Það eru allir velkomnir að heimsækja okkur og kíkja á úrvalið," segir hún loks.



Það væri vafalaust þægilegt að halla sér út af í þessu fallega gamla rúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Guðrún Jónsdóttir rekur Frúna í Hamborg í samstarfi við Þorbjörgu Haraldsdóttur. Hún býður þeim sem vilja að kíkja í heimsókn og skoða úrvalið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Í versluninni eru fallegir hlutir í miklu úrvali, eins og þessar tvær hillur sýna glögglega. Auk húsgagna eru þar seldir ýmsir smámunir og notuð föt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Föt á alla fjölskylduna. Í Frúnni í Hamborg fást notuð föt á konur og karla á öllum aldri. Hér sést fallegur skírnarkjóll á stelpur í bleikum lit. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS




# HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

## UMSÓKNARFRESTUR ER TIL

## 5. JÚNÍ

www.unak.is

# Náttúruperla norðan heiða

Bergsveinn Þórsson segir Akureyrarbæ og Skógræktarfélag Eyfirðinga hafa unnið gott starf í Kjarnaskógi.

Í hugum margra er eitt helsta útivistarsvæði landsins að finna norðan heiða, nánar tiltekið í Kjarnaskógi á Akureyri, en talið er að um 120.000 manns leggi leið sína þangað á ári hverju. Bergsveinn Þórsson, umhverfisfræðingur hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, segir skóginn fyrirmynd annarra útivistarsvæða á landinu.

„Bærinn keypti landið árið 1910 en Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk það til afnota í nokkrum hlutum á tímabilinu 1946-53,“ segir Bergsveinn. „Í dag er svæðið sex hundruð hektarar að stærð, en gamla Kjarnaskógarsvæðið er um hundrað hektarar. Á áttunda áratugnum samþykktu Akureyrarbær og Skógræktarfélagið síðan að breyta svæðinu í útivistarsvæði,“ bætir hann við.

„Fyrirhyggjan var mikil því þarna var strax farið að leggja upplýsta göngustíga,“ útskýrir Bergsveinn. „Í dag eru göngustígar nærri sex kílómetrar að lengd. Auk þess er ógrynni mjórri stíga, sem telja margfalt fleiri kílómetra. Í fyrsta lagi eru 3-4 metra breiðir upplýstir aðalstígar. Svo eru óupplýstir malbikaðir stígar, um það bil 1,5 metrar að breidd. Loks eru innan við metra breiðir skógarstígar, eða kurlstígar, sem hlykkjast eftir skóginum,“ segir hann enn fremur.

Að sögn Bergsveins hóf félagið snemma niðursetningu trjáa í Kjarnaskógi, svo að nú er þar mikil gróðursæld. „Búið er að planta 170 trjá- og runnategundum í skóginn, þar á meðal fjölda skrauttrjáa,“ segir hann. „Síðan eru leiksvæði í skóginum frá níunda áratugnum. Ekki má heldur gleyma góðri grillaðstöðu og á vetrartímanum eru hérna troðnar skíðabrautir sem njóta töluverða vinsælda. Á þessu opna útivistarsvæði ætti því að vera eitthvað við allra hæfi,“ segir Bergsveinn að lokum.



Að sögn Bergsveins býr Kjarnaskógur yfir ómældum möguleikum sem útivistarsvæði. Þar má finna góða göngustíga, grillaðstöðu og leiksvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/KK











Vignir Stefánsson var ánægður með ferðalag sitt í Fjörður.

# Alveg einstök náttúrufegurð

Fjörður eru tveir firðir, Hvalvatnsfjörður og Þorgeirsfjörður, sem hafa ekki verið í byggð síðan í kringum 1944. Margir leggja þó leið sína þangað þar sem Fjörðurnar þykja einstaklega fallegt svæði. Vignir Stefánsson fór í ferðalag í Fjörður árið 2002 og varð mjög hrifinn.

Í júlí 2002 fór Vignir í stutt ferðalag í Fjörður með vinkonu sinni. „Við gistum í tvær nætur í tjaldi í Hvalvatnsfirði og gengum um svæðið á daginn,“ segir hann.

Ekki er hægt að komast á bíl í Þorgeirsfjörð en vegur liggur niður í Hvalvatnsfjörð. „Við tjölduðum alveg niðri við strönd í Hvalvatnsfirði og fyrsta kvöldið sóttum við rekavið í fjöruna og kveiktum bál og vorum aðallega við tjaldið. Daginn eftir gengum við svo yfir í Þorgeirsfjörð. Í Þorgeirsfirði er slysavarnarskýli og gamlar rústir sem við skoðuðum. Við röltum síðan aftur yfir í Hvalvatnsfjörð eftir að hafa skoðað okkur vel um.“

Seinna kvöldið kveiktu Vignir og vinkona hans aftur bál og drógu fram bókin Huldulandið. „Bókin fjallar um Fjörður og sögu svæðisins. Í bókinni er sagt frá rústum sem er að finna þarna og í henni er mikið af þjóðsögum og draugasögum um fólk sem varð úti á leiðinni milli Þorgeirsfjarðar og Hvalvatnsfjarðar.“

Vignir og vinkona hans voru mjög heppin með veður þann tíma sem þau voru í Hvalvatnsfirði.



Umhverfið er einstaklega fallegt og ýmislegt hægt er að gera.

„Það var snilldarveður allan tímann, fimmtán til tuttugu stiga hiti eða meira og sól og logn.“

Vignir segir að Fjörður séu frábært útivistarsvæði og ýmislegt sé hægt að gera þar. „Í Hvalvatnsfirði eru tjaldstæði og veiðiá og hægt er að kaupa veiðileyfi hjá veiðiverði sem er þarna. Það er ekkert svo langur gangur á milli Þorgeirsfjarðar og Hvalvatnsfjarðar, kannski klukkutími og stígurinn er vel merktur.“

Vignir var mjög ánægður með ferðina í Fjörður og mælir hiklaust með svæðinu fyrir þá sem hafa gaman af útivist. „Það var líka mjög gott að hafa Hulduland með og ef fólk ætlar eitthvað að stoppa þarna og skoða sig um er fínt að lesa þessa bók til þess að fá svona innsýn inn í svæðið.“



Vignir og vinkona hans kveiktu bál bæði kvöldin sem þau voru í Hvalvatnsfirði.

# GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

**AEG**

## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG þvottavél
1600 snúninga,
6 kg., tímastillir.

AEG þurrkari
mjög hljóðlátur,
fjöldi prógramma.



* Útdráttarbrautin milli þvottavélar og þurrkara er komin :)



40" Háskerpu LCD Sjónvarp

## GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:

**SAMSUNG LE40R51B**
40" Háskerpu LCD Sjónvarp
· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

**SAMSUNG DVD-125**
DVD Upptökutæki og spilari
· DVD, DVD-RAM, DVD-R, DVD-RW,
· SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur

DVD Upptökutæki og spilari

*Þú sparar þér 70.000.- kr.*



SAMSUNG

***Aðeins kr.: 259.900,-***

FYRIR **BÆÐI** TÆKIN!

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Innréttingar í eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús.



## EINFALDARA GETUR ÞAÐ EKKI VERIÐ

Þessi gullfallega innrétting heitir CLASSIC HVID/KL og er hönnuð og framleidd af snillingunum í **HTH** í Danmörku. Hér fer saman nýrómantískt yfirbragð og nútímanlegur einfaldleiki – klassík. Jafnvægi, þægindi og traust er tilfinningin sem umlykur fjölskylduna. Ósamsettu innréttingarnar frá **HTH** eru léttar á pyngjuna en standast ítrustu kröfur og væntingar.

Ótæmandi möguleikar, gæði og þjónusta í skiptum fyrir ... **hagstætt verð.**

***Kynntu þér málið – þú serð ekki eftir því!***

www.ormsson.is

**AEG**

AEG uppþvottavél, stál,
einstaklega hljóðlát, 41db
*Eins og þær gerast bestar!*

*Nýtt!*





SAMSUNG

**LE-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 199.900**

sýn

**FYLGIR FRÍTT**
með öllum 32" - og stærri sjónvörpum sem keypt eru hjá ORMSSON.*

*Undantekning er ofangreint tilboð á SAMSUNG LE40R51B

# ORMSSON

FURUVÖLLUM 5 · AKUREYRI · SÍMI 461 5003



Mikið af fallegum verkum eru til sýnis á stofunni í Brekkugötu 3a og ljóst að þær Anna og Sveinbjörg hafa auðgað bæinn með list sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

# Svartfugl og hvítspói

Sveinbjörg Hallgrímsdóttir og Anna Gunnarsdóttir bjóða gestum og gangandi að sjá hvernig list verður til.

Listalífið fyrir norðan hefur aldrei verið öflugra en nú. Vinnustofan Svartfugl og hvítspói, var opnuð fyrir rúmu einu og hálfu ári í bakhúsi í Brekkugötu 3a, og hafa eigendurnir, Sveinbjörg Hallgrímsdóttir og Anna Gunnarsdóttir, ekki látið sitt eftir liggja til að gera Akureyri að einum fremsta menningarbæ landsins.

Að sögn Önnu hefur starfsemin gengið mjög vel síðan þær Sveinbjörg opnuðu. „Þar sem þetta er opin vinnustofa, erum við aðallega með verk eftir okkur sjálfar,“ segir Anna. „Við hlið vinnustofunnar er salur þar sem verkin eru höfð til sýnis. Sveinbjörg, sem er menntuð í grafík úr Myndlista- og handíðaskólanum, sýnir tré- og koparristur eftir sig. Svo er ég sjálf að vinna með ýmis efni, svo sem ull, silki, leður og roð. Þetta er fatnaður og ljósskúlptúrar, en ég lauk námi á hönnunar- og textílbraut frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og fór þaðan í nám til Danmerkur, eins og Sveinbjörg gerði. Kosturinn við að hafa vinnustofu og sal í sama húsnæði er sá að fólk getur bæði komið til að skoða verkin okkar og séð hvernig þau verða til,“ bætir hún við. Anna segir að þótt þær Sveinbjörg hafi vinnustofuna við hlið sýningarsalsins, þá sýni þær öðru hverja eftir aðra listamenn. „Björg Eiríksdóttir var til að mynda með sýningu á olíumálverkum hjá okkur um daginn sem tókst vel til í alla staði. En eins og ég segi þá einblínum við aðallega á eigin verk og Sveinbjörg, sem var kosin bæjarlistamaður, hélt mjög vel heppnaða einkasýningu í húsinu,“ bætir hún við í lokin.



Svartfugl og hvítspói er skemmtileg vinnustofa og sýningarsalur þar sem gestir geta skyggnst inn í veröld listamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Sumir hlutanna sem eru til sýnis eru skemmtilega skrítnir í útliti, réttnefnt augnakonfekt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS



Þessi mynd sýnir með skemmtilegum hætti hversu stutt er á milli listköpunar, samanber tvinnana til hægri, og listaverksins, það er „eggsins“, í Svartfugli og hvítspóa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS











Hringdu í 550 5000 ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur í nógu að snúast.

# Á tónleikum með meisturunum

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands glímir við Egil Skallagrímsson og Mozart.

Það má með sanni segja að Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hafi í nógu að snúast um þessar mundir. Hljómsveitin hélt tvenna tónleika um síðustu helgi og fram undan eru tveir til viðbótar fyrir utan Akureyri. Næstkomandi föstudag tekur hún þátt í Is-Nordhátíð í Reykholti í Borgarfirði. Þar verða flutt verk eftir Gavin Bryars og eru sum þeirra samin við Höfuðlausnir eftir Egil Skallagrímsson. Í samstarfi við Kórastefnu, sem er samstarf finnsks kórs við kóra víðs vegar af landinu, heldur hljómsveitin síðan tónleika í Mývatnssveit 11. júní. Á þeim tónleikum verður Sálumessa W.A. Mozarts flutt. Nánari upplýsingar má finna á www.akureyri.is










# Framúrskarandi listafólk á heimsmælikvarða

Sjónlist er ný verðlaun sem sett hafa verið á laggirnar fyrir tilstilli Listasafns Akureyrar. Hannes Sigurðsson, forstöðumaður safnsins, hafði gengið með hugmyndina í maganum í nokkur ár en það var í fyrra sem boltinn fór fyrst að rúlla.

Sjónlist er ný verðlaun sem veitt verða fyrir sjónlistir nú á haustmánuðum á Akureyri. Sex listamenn hafa verið tilnefndir til verðlaunanna í ár og munu tveir þeirra hljóta verðlaun annars vegar fyrir myndlist og hins vegar fyrir arkitektúr og hönnun. Vinningshafarnir fá hvor um sig tvær milljónir króna, en fyrirtæki eins og Glitnir, Inn fjárfestingar og húsgagnafyritækið Montana í Danmörku eru styrktaraðilar. Verðlaunaafhendingin fer fram í beinni útsendingu í september og jafnframt verður sett á laggirnar sýning á verkum þeirra sem tilnefndir eru. Auk þess verður haldin serstök alþjóðleg ráðstefna um sjónlistir þar sem innlendir og erlendir aðilar fagaðilar munu halda fyrirlestra.

„Ég hugsaði með mér að sjónlistir þyrftu á svipaðri viðurkenningu að halda og aðrar listgreinar," segir Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafns Akureyrar, sem er upphafsmaður verðlaunanna. Hann hafði gengið með þá hugmynd í maganum í nokkur ár að setja á laggirnar verðlaun og uppskeruhátíð fyrir sjónlistir. Hugmyndina reifaði hann svo á síðasta ári við formann menningarmálanefndar Akureyrar og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráherra og fékk góðan hljómgrunn. „Ég hjólaði í verkefnið og nú er staðan sú að búið er að stofna verðlaun sem kallast Sjónlist og verða veitt árlega, vonandi um ókomna tíð," segir Hannes. Hann segir hugmyndina hafa snúist um það að verðlauna ekki aðeins myndlist, heldur allar sjónlistir landsins, þar á meðal arkitektúr og hönnun. „Mér fannst mjög mikilvægt að ná samstöðu í íslensku sjónlistarfjölskyldunni með þessum verðlaunum. Hugsunin er þó ekki sú að búa til nýtt kerfi, heldur fá menn til að snúa bökum saman til að kynna hvað er að gerast," segir Hannes.

„Við fengum til liðs við okkur alla sem snerta þetta svið. Inni í þessu eru Samtök íslenskra myndlistarmanna og Forum Ísland, einnig hönnunarvettvangur og kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Listaháskólinn tengist þessu líka. Jafnframt er þetta samstarf millli Akureyrarbæjar, menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis."

Hannes segir fagmennsku hafa vera ráðandi í kringum framkvæmd verðlaunanna og hafi dómnefnd skipuð fagaðilum séð um tilnefningarnar.

„Ég fagna því hvað dómnefndin tekur ferskan pól í hæðina. Næstum allt eru þetta konur sem eru á mjög framúrstefnulegri línu og sýna mjög víða erlendis," segir Hannes.



Hannes Sigurðsson, forstöðumaður Listasafns Akureyrar.





Margrét Harðardóttir og Steve Christer, arkitektar hjá Studio Granda, eru tilnefnd fyrir nýjan nemendagarð og rannsóknar- og frumkvöðlasetur Viðskiptaháskólans að Bifröst.



Margrét H. Blöndal er tilnefnd í myndlist fyrir innsetninguna Anchor, strings, ballooning/rejoice inside out / pulled and parades / partly floating / bright, balancing / torn apart / bouyant



Úr verki Margrétar H. Blöndal.



Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir er tilnefnd fyrir hönnun, fyrir húsgögn í framleiðslulínunni Inner Beauty og í línunni FLAT pack „antiques".



Steinunn Sigurðardóttir er tilnefnd fyrir hönnun, fyrir vor- og haustlínu sem hún hannaði undir vörumerkinu STEINUNN.



Vor- og haustlína STEINUNNAR.





Katrín Sigurðardóttir er tilnefnd í myndlist fyrir verk sitt High Plane III á sýningunni The Here and Now í The Renaissance Society í Chicago í Bandaríkjunum.



Hildur Bjarnadóttir er tilnefnd í myndlist fyrir yfirlitssýninguna Unraveled í Boiselistasafninu í Idaho í Bandaríkjunum.





KJARNAFÆÐI
OG GULLIÐ HLÝTUR...
Kjarnafæði Pepperoni
- Gullverðlaun í fagkeppni M.F.K. 2006
auk þess að vera valið
- Besta hráverkaða varan
- Besta afurð úr svínakjöti
GULLVERÐLAUN
MEISTARAFÉLAG KJÖTIÐNAÐARMANNA
MFK
ÍSLENSKIR KJÖTDAGAR
2006
ÞEGAR ÞÚ VELUR PEPPERONI,
SKALTU VELJA ÞAÐ BESTA
KJARNAFÆÐI
KJARNAFÆÐI PEPPERONI,
ALVÖRU PEPPERONI...
...AF ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER
KJARNAFÆÐI PEPPERONI!
GEIMSTOFAN



# Verkmenntaskólinn á Akureyri

## – framhaldsskóli í fremstu röð



**Fjölþætt nám til starfsréttinda eða stúdentsprófs.**

**Hefur þú kynnt þér einn fjölmennasta og fjölbreyttasta framhaldsskóla landsins?**

- **Bóknámsbrautir til stúdentsprófs – viðskipta- og hagfræðibraut-, náttúrufræði-, félagsfræða- og listnámsbraut**
- **Fjölbreytt iðn- og starfsnám**
- **Stúdentspróf að loknu starfsnámi**
- **Hraðferð til stúdentsprófs**
- **Heimavist**









**Kíktu á heimasíðuna okkar www.vma.is til að fá frekari upplýsingar.**

## Umsóknarfrestur til 12. júní.



ATHYGLI EHF

## Húsaviðhald

Bortækni
S:892-7544
Allhliða þjónusta
Steypusögun
Kjarnaborun
Múrbrot
Þrifaleg umgengni
20 ára reynsla

Sumarið er tíminn
10 ára ábyrgð
Þakmálun
Húsamálun
Leitaðu tilboða
í síma: 844-1011
eða á www.thakmalun.is
ÞAKMÁLUN

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI efh
Bæjarflöt 8, 112, RVK
www.sagtaekni.is
567-4262 & 893-3236

Það er gaman að segja frá því að nú getum við bætt við okkur verkefnum í smíðum, flísum og gólflögnum.
Hröð og góð þjónusta.
820-9445 og 661-9385

Viðhaldsvirkni Ehf
S. 661 0117 & 690 0117
Málarameistarar, múrarar og smiðir sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypu-múr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðum sem og margt fl.
*Fyrirtækið gerir tilboð þér að kostnaðarlausu. Öllum fyrirspurnum svarað.*
Einnig bjóðum við ráðgjafa þjónustu.
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

**Flísar og pípulagnir**
Við bjóðum upp á flísalögn og pípulagnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Öll vinna í einni hendi. Skjót þjónusta, gott verð og fagmennska í fyrirrúmi.
**Hringið í okkur og við gerum ykkur verðtilboð. EZ ehf, símar 555 1807 (einnig fax), 897 5072 & 897 5073**

FAGÞAK
Alhliða lausnir á flötum þökum
Yfir 20 ára reynsla af PVC dúkum
Sími 820 3415
fagthak@fagthak.is

**Trésmiðir óskast.**
Óskum eftir smiðum í inni vinnu. Kerfisloft og gifsveggir o.fl. Næg vinna framundan.
**Upplýsingar í síma 699 2919 eða 899 4666.**

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Pípulagnir, viðgerðir og viðhald, löggiltur meistari. Rörverk sími 894 0938.

Getum bætt við okkur f. sumarið. Alhliða viðgerðar og viðhaldsverkefnum. Múr og málingarvinna. Háþrýstiþvottur. Uppl. s. 863 1054 & 895 7127.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Heimasíðufyrirtæki. 8.is

Heimasíðuráðgjöf. 8.is

## Snyrting

Flott í sumar! ICY-neglur.

Flottustu neglurnar! ICY-neglur.

Gleðilegt sumar! ICY-neglur.

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf heilun, fyrirbænir, NLP
Símaspá, einkatímar og m.fl
908 6440
FINN TÝNDA MUNI

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
566 7311 905 2005

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímapantanir í síma 555 2927. Er við alla daga nema sunnudaga

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Iðnaður

Járnamenn geta bætt við sig verkum. Uppl. í s. 663 4626 & 865 4788.

Auglýsi eftir dokum og stoðum. Uppl. S. 896 5117

Utanhúsklæðningar. Þ. Þorgrímsson - Ármúla.

Ryðfrítt flatjárn, Málmtækni.

## Viðgerðir

Raflagnir. Endurnýjum rafmagnstöflur, þjónustum fyrirtæki með raflagnir. S. 892 9120 - www.mmedia.is/rafkris




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183







Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í maí. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Kári 697 3547.

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Notalegt nudd. Uppl. í síma 849 1274.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Námskeið í gerða Mósaik spegla að hefjast aftur. Tvö samliggjandi kvöld. Verð kr. 6.500, allt innifalið. Uppl. gefur Anna s. 891 7102.

# TIL SÖLU








Átt þú tölvu upp á 150.000.- sem þú kannt kannski ekki nema 5% á?

Ef svo er gefst þér kostur á að taka einkatíma í tölvukennslu. Mjög góð aðstaða og mikil reynsla. Upplýsingar fúslega veittar í síma 862-4510

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu 3 sæta svartur leðursófi með 2 Lazy-boy sætum. Verð 47.000 kr. Uppl. í síma 863 0583.

Flottur 3 s. sófi L210 cm ljósbrúnt áklæði, vel með farinn, selst ódýrt. S. 697 8330.

Til sölu glerborðstofuborð, og 4 stólar ,selst ódýrt. Uppl í s. 661 7758. Óskar.

Amerískur svefnsófi grágrænn. Verð 30 þ. furukoja fæst gefins. Uppl. í s. 867 6654 & 567 6654 Edda.

## Heimilistæki

RAF HEIMILIÐ



**Ryksugukerfi**

Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

Yndislegir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 898 6448.

Breiðholt-týnd kisa. Hún er hvít með svart skott og svart á höfði. Hún er ekki með ól. Sími 866 8311.

2 mán. bröndótta læðu vantar gott heimili. Uppl. s. 820 0772.



9 mán flat coat retriver tík til sölu. Ættbók fylgir. Uppl. síma 898 4979.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn







**Komdu að veiða!**

Uppl. á www.strengir.is og ellidason@strengir.is. Sími 567 5204 eða gsm 660 6890.




Hörðudalsá í Dölum Nokkrar stangir verða seldar í sumar Uppl. í síma 898 1990.

## Gisting

**Gisting á Spáni**

Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**NULL**

Glæsileg ný 4ja herb. íbúð + bílageymsla í Vallahverfi í Hfj. Hvítbæsaðar innréttingar, svalir og fallegt útsýni. husaleiga@visir.is

## Húsnæði óskast

Hjón með 2 börn óska eftir 2-3 herbergja íbúð í Breiðholtinu frá 1 ág. Uppl. í síma 867 4877.

Fyrirtæki óskar eftir 3-4 herbergja íbúð í miðbæ RVK júní til ágúst. Öruggar greiðslur. Uppl. í síma 696 9696.

Reglusamur maður óskar eftir 2 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 846 0108.

Reyklaust og reglusamt par óskar eftir 2 herbergja íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu, skilvísum greiðslum heitið. Steinunn 866 3031.

Reglus. kona á miðjum aldri óskar eftir stúdíó eða 2 ja. herb. íbúð til leigu á höfuðb.sv. Gr.g. 65-70 þús. á mán. Uppl. í s. 846 0481.

Ungum, reglusömum flugnema bráðvantar litla íbúð á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Uppl. S. 696 8706.

Okkur bráðvantar íbúð, erum 21 árs mjög reglusamt par. Eigum von á okkar fyrsta barni. Vilt þú leigja okkur fyrir sanngjarna leigu og við hugsum vel um íbúðina þína. Uppl. S. 864 6063.

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp. NORM - X S. 565 8899 www.normx.is



**Sedrusviður**

Pallaefni og utanhúsklæðning úr sedrusviði. Spónasalan ehf Smiðjuvegur 40, gul gata s.567 5550.

## Atvinnuhúsnæði

Stór og björt skrifstofa, á 2 hæð við Fiskislóð 101 Reykjavík, góð aðkoma og sameign. Uppl. í s. 897 3290.

Iðnaðarhúsnæði til leigu í Kópavogi, 73 fm, innkeyrsludyr. Uppl. í s. 865 3691.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.










SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## TIL SÖLU







## AFÞREYING



# HÖFÐI FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22**
Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali
Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali

## Skoðaðu nýja og glæsilega heimasíðu Höfða - www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafræðingur, lögg. fast.- og skipasali
Ásmundur Skeggjason sölustjóri
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali
Davíð Davíðsson sölumaður
Gústaf Adolf Björnsson sölumaður
Daði Rúnar Jónsson Viðskiptafr./sölumaður
Arnhildur Árnadóttir, ritari/skjalagerð
Eyrún Ragnarsdóttir, ritari/skjalagerð

**Sími 533 6050 • 565 8000**

## S É R B Ý L I

### Asparfell - 3ja




Vorum að fá í sölu 77 fm 3-ja herbergja íbúð á 5. hæð. Eignin þarfnast standsetningar. Verð 12,9 millj.

### Ástún - 3ja - Kóp




Falleg og björt 3ja herbergja 79 fm íbúð á annarri hæð á eftirsóttum stað í Kópavogi. Sérinngangur af svölum. Parket og flísar á gólfum. Mikið útsýni. Snyrtileg sameign. Verð 17,9 millj.

### Vesturberg - 3ja - 4ra




3ja-4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sér garði og verönd í rótgrónu hverfi. Búið er að endurnýja gólfefni, eldhúsinnréttingu og baðherbergi. Ný eldvarnarhurð. Björt og falleg íbúð með góðu innra skipulagi. Verð 19,7 millj.

### Þorláksgeisli - 4ra




Nýleg og sérlega vönduð 4ra herb. 112,7 fm íbúð á 3 hæð í þessu viðhaldslitla lyftufjölbýli. Með sér 7,4 fm geymslu á hæðinni og sér stæði í bílageymslu. Eikar innréttingar og vandaðar innréttingar. Eignin er laus til afhendingar. Verð 27,9 millj.

### Staðarsel - sérhæð




Kynnum fallega vel viðhaldna 183,6 fm efri sérhæð í tvíbýli ásamt 28 fm bílskúr í rótgrónu hverfi. Góð aðkoma. Hiti í stéttum. Fallegur garður í góðri rækt með skjólveggjum. Parket og flísar á gólfum. Sérsmíðaðar innréttingar. Sjón er sögu ríkari. Verð 42,5 millj.

### Boðagrandi - raðhús




Fallegt raðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr, alls 217,3 fm. Eignin skiptist m.a. í 4-5 svefnherb. stofur m/arni, verönd m/heitum potti o.fl. Rúmgóður bílskúr. Eftirsótt staðsetning. Verð 57 millj.

## N Ý B Y G G I N G A R

### Ósbraut 2 - 4 - Garður



Frum

Einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr í Garðinum. Húsið skilast fullbúið að utan, fulleinangrað og búið að setja rakasperru og lagnagrind í loft og á útveggi. Gólfplata með ísteyptum gólfhita, neysluvatnslagnir verða úr álpexi. Hitaveitu og rafmagnsinntök verða komin. Brunahurð úr stáli á milli bílalgeymslu og íbúðar. Einnig fylgir með einfalt gifs í loft, tvöfalt gifs á útveggi og milliveggi. Verð 20,9 millj.Eignin er samtals 198 fm, þar af bílskúr 24,7 fm. Hægt er að nálgast teikningar á skrifstofu Höfða.

### Austurhóp 14 - 18 - Grindavík




Fallegt 173,1 fm einbýli á einni hæð ásamt 35,9 fm innbyggðum bílskúr, samtals 209 fm á frábærum stað í Grindavík. Húsið er byggt úr timbri með timburálgluggum, opin fög og hurðar úr mahony, full glerjað með Termo k gleri, stór bílskúrshurð úr stáli. Þakið er klætt með lituðu báruáli, þakrennum og niðurföllum úr plasti. Utan á húsið kemur lárétt báruál í bland við slétt ál. Húsið skilast fullbúið að utan, full einangrað og búið að setja rakasperru og lagnagrind í loft og á útveggi. Verð 24,9 millj. Hægt er að nálgast teikningar á skrifstofu Höfða.

### Lyngdalur - Vogar




Fallegt 173,1 fm einbýli á einni hæð ásamt 35,9 fm innbyggðum bílskúr, samtals 209 fm á frábærum stað í Vogunum. Húsið er byggt úr timbri með timburálgluggum, opin fög og hurðar úr mahony, full glerjað með Termo k gleri, stór bílskúrshurð úr stáli. Þakið er klætt með lituðu báruáli, þakrennum og niðurföllum úr plasti. Utan á húsið kemur lárétt báruál í bland við slétt ál. Húsið skilast fullbúið að utan, full einangrað og búið að setja rakasperru og lagnagrind í loft og á útveggi. Verð 25,9 millj. Hægt er að nálgast teikningar á skrifstofu Höfða.

### Krókavað 2 - 12




Til sölu sérlega glæsilegar 127 fm. sérhæðir í tvíbýlishúsum á þessum eftirsótta stað. Húsin verða steinuð að utan í ljósum lit, gluggar verða álklæddir. Lóð verður hellulögð og tyrfð þar sem við á. Vandaðar innréttingar og tæki. Baðherbergi og anddyri verða flísalögð, gólfhiti. Upphengt salerni með innbyggðum kassa. Baðkar og sturta í öllum íbúðum. Útgangur á sér lóð og sér bílastæði. Gott aðgengi. Traustur byggingaraðili - Pálmatré.

### Rauðamýri 2-14 / raðhús á tveimur hæðum í Mosfellsbæ.



Raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Mosfellsbæ. Húsin verða afhent fullbúin að utan en fokheld að innan. Hægt er að fá húsin tilbúin undir tréverk. Lóð skilast þökulögð með 30 fm sólpalli og bílaplön hellulögð með snjóbræðslu. Rauðamýri 2-14 er steinsteypt raðhúsalengja á tveimur hæðum með 7 íbúðum. Endahúsin eru um 210 fm en miðjuhúsin eru 206 fm. 4 svefnh. er í öllum húsunum. Í hönnun hússins er gert ráð fyrir að hitakerfi sé í gólfi, lagt á einangrun og 5-6 cm flotlag ofan á. Tilbúin í maí 2006. V. 31,9-32,9 fokheld. Tilbúin undir tréverk 38,9-39,9.

### Perlukór 1 - Kópavogi




Við Perlukór eru sérlega glæsilegar, vel hannaðar og stórar 3ja-4ra herb. Íbúðir/sérhæðir til sölu. Húsið stendur á góðum stað ofan götu og þaðan er gott útsýni yfir Elliðavatn. Á jarðhæð er bílskýli og geymslur í sameiginlegu rými og tvær 3ja herb. Íbúðir. Á 1. hæð eru tíu 3ja herb. íbúðir ýmist með sér- og sameiginlegum inngangi og eru 95-115 fm. Á 2. hæð eru fimm stórar 4ra herb. 172 fm sérhæðir. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með flísalögðu baðherbergi og flísum á þvottahúsi. Lögð er áhersla á á gott birtuflæði, góða rýmisnýtingu og útsýni. Vandaður frágangur hjá traustum byggingaraðila.

### Berjavellir 3 - Hafnarfirði




Glæsilegt og vel hannað 16 íbúða fjögurra hæða fjölbýlishús með lyftu ásamt kjallara þar sem eru sér og sameiginlegar geymslur. Stórar svalir. Vandaðar innréttingar. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar í apríl 2006, án gólfefna en þó verða baðherbergi og þvottahúsgólf flísalögð. Bílastæði malbikuð. Lóð frágengin. Ein 2ja-herbergja íbúð 73,7m2, sjö 3ja-herbergja íbúðir 88,2-95,4m2 og átta 4ra-herbergja íbúðir 127,2-130m2. Verð frá 16,9-25,4 milljónir. Vandaður frágangur hjá traustum byggingaraðila

### Engjavellir 3 - Hafnarfjörður




Kynnum nýtt í sölu! Vandað og sérlega glæsilegt sex íbúða fjölbýlishús á þremur hæðum. Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru allar með sér inngangi. Séreignargarður fylgir neðri hæðunum en stórar svalir þeim efri. Eignin skilast fullbúin að utan en án gólfefna að innan, þó verða baðherbergi og þvottaherbergi flísalögð. Yfirborð útveggja er klætt með liggjandi stálklæðningu, að hluta með palesander viðarklæðningu og múrklæðningu. Lóð er tyrfð, göngustígar hellulagðir og bílastæði malbikuð. Verð frá 28,3 - 31,7 milljónir. Vandaður frágangur hjá traustum byggingaraðila

### Kirkjuvellir 3 - Hafnarfirði




Glæsilegar íbúðir í fjölbýlishúsi á sjö hæðum með samtals 27 íbúðum. Við hönnun hússins er lögð áhersla á að allar íbúðir njóti útsýnis og sólar, m.a. Með stórum svölum. Íbúðum verður skilað fullbúnum án gólfefna, þó með flísalögðum baðherbergjum og þvottahúsum. Sameign og lóð verða fullfrágengin. 2 herbergja 85,7 fm, 3 herbergja frá 79,5 fm, 4 herbergja frá 127,1 fm. Verð frá 17,0 - 25,8 milljónir. Afhending sept/okt 2006.

## A T V I N N U H Ú S N Æ Ð I

### Lónsbraut - atv.- Hfj.




100,8 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð ásamt millilofti. Fullfrágengið með stórri hurð og mikilli lofthæð. Niðri eru máluð gólf en uppi eru flísar og parket. Stálstigi. Verð 15,5 millj.

### Steinhella - atv. - Hfj.




Sérlega glæsilegt fullbúið iðnaðarhúsnæði með hárri innkeyrsluhurð og mikilli lofthæð, lofthæð er að mestu upp í tæpa sjö metra. Eignin er til afhendingar strax. Malbikuð lóð. Verð 19,8 millj.

### Smiðjuvegur - atv. - Kóp.




Sérlega vel staðsett 577 fm iðnaðar og skrifstofuhúsnæði á þessum eftirsótta stað. Laust 01.08.06. Verð 69 millj.

**Suðurlandsbraut 20 – Sími 533 6050 – Fax 533 – 6055 Bæjarhrauni 22 – Sími 565 8000 – Fax 565 8013**

# Nesbraut 7, 730 Reyðarfirði



Um er að ræða nýlegt hús sem byggt var árið 2003 og hefur verið notað sem þvottastöð fyrir fiskeldispoka. Húsið er stálgrindarhús og er skráð hjá Fasteignamatinu 722 m2 að stærð. Grunnflötur hússins er 633 m2 og lofthæð í mæni 8 m. Starfsmanna og skrifstofuaðstaða, 61 m² er á millilofti í enda hússins. 28,4 m² viðbygging er við húsið sem notuð er sem vélaklefi. Húsið er á 5.483,8 m² lóð sem er grófjöfnuð. Húsinu er skipt endilangt í tvennt með millivegg og er upphaflega innréttað sem þvottastöð og netaverkstæði, en einfalt er að aðlaga það að annarri starfsemi. Tvær bílgengar hurðir (4x4,5m og 4x4,4m) eru á húsinu, ein á hvorum enda. Upphitun er með rafmangsblásurum, einnig eru vatnslagnir í gólfi fyrir vatnshita. Fullkomið brunaöryggiskerfi er í húsinu og lýsing er góð. Húsið er vel staðsett á iðnaðarsvæði við höfnina á Reyðarfirði.
Upplýsingar veitir Ásmundur sölum. í símum 475 8000 og 894 0559

***Fasteignasalan Hóll Reyðarfirði Austurvegi 20,***
***Ágúst Benidiktsson löggildur fasteignasali.***

FRUM

# Sandskeið 6, 620 Dalvík



Um er að ræða stálgrindarhús með við byggingu, samtals 383 m2. Aðalbyggingin er 303 m2 og viðbyggingin sem er eldri er 77m2. Bílskúrshúrshurð er á annari hliðinni og er þar fyrir framan malbikað bílastæði. Gluggar eru á báðum hliðum og er mjög bjart í húsinu. Loft er álklætt og einangrað að innan. Í aðalbyggingunni er kaffistofa, salerni, skrifstofa og fataherbergi. Lofthæð er mest um 5,5 m. Stærð lóðar er samtals 1.244 m2.

***Upplýsingar gefur Vilhelm í síma 461 2010 og 891 8363***
***Fasteignasalan Hóll Akureyri:***
***Ármann Sverrisson viðskiptafræðingur og löggildur fasteignasali***

Hóll fasteignasala
Franz Jezorski lögg.fasteignasali
Skúlagata 17
101 Reykjavík

HÓLL
www.holl.is

# SJÓNARHORN



Hestarnir láta kuldann ekki á sig fá og standa í höm.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VISSIR ÞÚ...

...að fimm tennisboltar komast fyrir í kjafti Augie sem er golden retriever-hundur frá Dallas?

...að eyrnalengsta kanína veraldar er frá Kansas? Um er að ræða enska kanínu með 79 cm löng eyru.

...að minnsti hundur í heimi er aðeins 13,8 cm á hæð og 18,8 cm á lengd? Hann er af tegundinni síðhærður chihuahua.

...að hæsti hestur í heimi er belgíski dráttarklárinn Radar? Hann er alls 212 cm á hæð.

...að hestar verða að meðaltali 20-30 ára? Old Billy varð hins vegar 62 ára.

...að stærsta froskdýr jarðar er kínverska risasalamandran? Lengsta salamandran sem mælst hefur var 1,8 m á lengd og 65 kíló. Risasalamöndrur verða líka elstar allra skriðdýra, allt að 55 ára.

...að stærsti froskur í heimi, golíatfroskurinn, verður allt að 35,8 cm á lengd?

...að minnsti froskur í heimi er aðeins 8,5 mm á lengd?













## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.649 **+1,83%** **Fjöldi viðskipta:** 309

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +4,24% | **Mosaic** | -1,78% |
| **Landsbankinn** | +3,72% | **Nýherji** | -1,41% |
| **Alfesca** | +3,68% | **Avion** | -0,55% |

**Velta:** 13.834 milljónir

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,70 -0,46% ... Alfesca 3,94 +3,68%... Atorka 5,50 -0,18% ... Bakkavör 48,80 +0,62% ... Dagsbrún 5,76 +3,60% ... FL Group 19,30 +2,12% ... Flaga 4,00 +0,50% ... Glitnir 17,30 +2,37% ... KB banki 765,00 +1,46% ... Landsbankinn 22,30 +3,72% ... Marel 69,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,60 -1,78% ... Straumur-Burðarás 17,20 +4,24% ... Össur 110,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Stofna dreifingarfyrirtæki í Danmörku

Post Danmark og 365 Media Scandinavia, dótturfélag Dagsbrúnar, hafa komist að samkomulagi um stofnun sameiginlegs dreifingarfyrirtækis í Danmörku. Fyrirtækið kemur til með að dreifa Nyhedsavisen, væntanlegu fríblaði 365 Media, á landsvísu í Danmörku.


**SVENN DAM** Svenn er forstjóri 365 Media Scandinavia.

Dreifingarfyrirtækinu hefur ekki enn verið gefið nafn, en 365 Media Scandinavia mun eiga í því 51 prósent og Post Danmark 49 prósent.

„Við komum einfaldlega á fót því dreifingarkerfi sem skortur hefur verið á í Danmörku fyrir dreifingu ómerktra sendinga og tryggjum að þeim verði komið til viðtakenda fyrir klukkan 7 á hverjum morgni sex daga vikunnar. Við hlökkum til að nýta reynslu okkar á nýjum markaði,“ segir Helge Israelsen, forstjóri Post Danmark.

Svenn Dam, forstjóri 365 Media í Danmörku, segir litið á stofnun dreifingarfyrirtækisins sem lokaáfangans í undirbúningi þess að koma á fót fríblaðinu Nyhedsavisen. „Við vitum hversu mikilvægt það er að engum hefur tekist að ná utan um dreifingarmálin. Þess vegna er það augljóslega mikið tækifæri að komast í samstarf við fyrirtæki sem þekkir dreifingarmál í Danmörku hvað best,“ segir hann.

Post Danmark er í meirihlutaeigu danska ríkisins. Í viðtali við viðskiptablaðið Børsen í gær veltir fjölmiðlafræðingurinn Jørgen Poulsen upp þeirri spurningu hvort nýju dreifingarfyrirtæki verði stætt á að neita að dreifa fríblöðum samkeppnisaðila, svo sem fyrirhuguðu blaði Jyllands-Posten og Politiken. Samkeppniseftirlitið danska hefur málið til skoðunar. **- óká**

# Græddu 40 milljónir króna

Fiskmarkaður Íslands hf. hagnaðist um 39,6 milljónir króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er sléttum tíu milljónum krónum minni hagnaður en á sama tíma fyrir ári þegar hagnaður félagsins nam 49,6 milljónum króna. Þá nam velta félagsins, sem rekur uppboðsmarkað fyrir fisk m.a. í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Rifi, Arnarstapa, Akranesi, Reykjavík, Þorlákshöfn, nam 207,3 milljónum króna á tímabilinu.


**FRÁ FISKMARKAÐI** Hagnaður Fiskmarkaðar Íslands dróst saman um 10 milljónir króna á milli ára.

Niðurstaðan er í takt við væntingar stjórnenda Fiskmarkaðarins, að því er segir í tilkynningu félagsins til Kauphallar Íslands. **- jab**



Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja Microsoft Dynamics NAV:

1. Einfalt og þægilegt viðmót
2. Einföld uppsetning
3. Íslenskar handbækur
4. Staðlaðir bókhaldslyklar
5. Miklir stækkunarmöguleikar
6. Tenging við aðrar lausnir
7. Fjöldi viðbótarlausna
8. Microsoft samhæft
9. Aðgangur að þjónustuborði
10. Fjöldi námskeiða í boði

Maritech er dótturfélag TM Software. Maritech er með skrifstofur á Akureyri og í Kópavogi. TM Software er alþjóðlegt hugbúnaðarfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Félagið er með starfsemi í 12 löndum með um 450 starfsmenn. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri.

Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

Microsoft Dynamics NAV er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottnar
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*
Hringdu núna í síma 545 3200
Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Dæmi um viðbótarlausnir

| | |
|---|---|
| Hver aukanotandi | kr. 64.000 |
| Launakerfi | kr. 40.000 |
| Innheimtukerfi | kr. 40.000 |
| Verkbókhald | kr. 40.000 |

Microsoft Dynamics NAV

MIXA · fít · 60294

www.maritech.is

Dótturfyrirtæki TM Software
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Hlíðasmári 14 • 201 Kópavogur • Sími 545 3200 • Fax 545 3201 • sala@maritech.is
Skipagötu 18 • 600 Akureyri • Sími 545 3500 • Fax 545 3501 • akureyri@maritech.is



Þú byrjar með TOK og svo stækkar TOK með þér

Einn af mörgum kostum TOK bókhaldskerfisins er að þú getur byrjað smátt og með einfalda útfærslu, en síðan þróað og stækkað kerfið eftir því sem fyrirtækið vex og dafnar.

Kynntu þér TOK og hvað það býður upp á fyrir þitt fyrirtæki. Hafðu samband við Ax hugbúnaðarhús.

pipar / SIA

TOK ax, hugbúnaðarhús Skeifan 8 • Sími 545 1000 • www.ax.is

**ALEXANDER POPE (1688-1744), LÉST ÞENNAN DAG.**



*„Hreinskilinn maður er göfugasta sköpunarverk guðs.“*
*Ljóðskáldið Alexander Pope skildi eftir sig mikinn fjölda spakmæla.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 30. MAÍ 1990

# *Frakkar banna breskt nautakjöt*



Þennan dag árið 1990 bönnuðu frönsk yfirvöld allan innflutning á bresku nautakjöti og lifandi nautgripum af ótta við kúariðu. Frakkland var stærsti innflytjandi bresks nautakjöts og kom þetta sér því mjög illa fyrir breska bændur. Einnig kom þetta sér illa fyrir bresk yfirvöld sem höfðu þráfaldlega reynt að sannfæra almenning um að öruggt væri að neyta nautakjöts.

Fáum dögum síðar bönnuðu Þýskaland og Ítalía innflutning á nautakjöti. Banninu var aflétt nokkru síðar eftir miklar samningaviðræður í Brussel.

Kúariðukreppan náði síðan hámarki 20. mars árið 1996 þegar bresk yfirvöld viðurkenndu að tengsl væru milli kúariðu og Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómsins, mannlegri útgáfu hrörnunarsjúkdómsins sem hafði fyrst fundist í breskum kúm tíu árum áður. Viku síðar var algert bann við útflutningi á bresku nautakjöti sett á. Banninu var aflétt í öllum löndum nema Frakklandi árið 1999 en eftir að Evrópusambandið hótaði stórum fjársektum var banninu einnig aflétt í þar í október árið 2002.

## MERKISATBURÐIR

- **1431** Jóhanna af Örk er brennd á báli í Rúðuborg í Frakklandi fyrir villutrú.
- **1593** Breska leikskáldið Christopher Marlow er drepinn á krá vegna deilna um borgun á reikningi.
- **1768** Eggert Ólafsson, náttúrufræðingur og skáld, drukknar á Breiðafirði við áttunda mann.
- **1851** Jón Sigurðsson er kosinn forseti Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags. Forsetatitillinn festist við Jón.
- **1981** Forseti Bangladess, Zia Rahman, er ráðinn af dögum.
- **1984** Staðfest eru stjórnskipunarlög sem fjölga alþingismönnum úr 60 í 63.



✝

**Guðleif Jóhannsdóttir**
frá Siglufirði

lést á heimili sínu í Grimsby þann 19. apríl 2006.
Útförin fór fram 26. apríl í Grimsby.

**Jóhannes Jónsson** **Sigríður Einarsdóttir**
**Carol Ann Robertsson**
**Vivien Evelyn Burkett**
**Hafdís Eyland Gísladóttir** **Árni Haraldsson**
**Sverrir Eyland Gíslason** **Sigurrós Sveinsdóttir**

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur sonur minn og bróðir okkar*
**Haraldur Elías Waage**
Hafnarbraut 23, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 31. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Arnbjörg Jónsdóttir Waage**
**Guðbjörg Hallfríður Waage**
**Ágústa Waage** **Ingólfur Tryggvason**
**Guðný Waage**
**Arnbjörg Kristín og Markús Helgi**



✝

*Okkar ástkæra*
**Soffía Arinbjarnar**

lést á Landspítalanum í Fossvogi, föstudaginn 26. maí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Kristján Stefánsson**
**Hildur Betty Kristjánsdóttir** **Guðmundur Óli Hilmisson**
**Laufey Dögg Kristjánsdóttir** **Arthur Vilhelm Jóhannesson**
**Vilborg Arinbjarnar**
**og barnabörn.**



✝

*Systir okkar og föðursystir*
**Sóley Þorsteinsdóttir**
Álfaskeiði 64b, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 22. maí sl.
Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 1. júní kl. 15.00.

F.h. aðstandenda
**Guðrún Ó. Hafberg**
**Guðjón Kristinn Einarsson**
**Ingólfur Einarsson**
**Einar Þórir Dagbjartsson**



**SONJA GÚSTAFSDÓTTIR IÐJUÞJÁLFI Á GEÐDEILD LHS** Í iðjuþjálfuninni klæðast starfsmenn ekki í hvítt og ríkir þar sérstaklega góður andi. Fólk sem kemur á deildina kemur til að þjálfa upp einbeitingu og samskipti í því skyni að komast í vinnu, skóla eða geta sinnt heimilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## IÐJUÞJÁLFUN Á GEÐDEILD LHS HRINGBRAUT: HELDUR SUMARMARKAÐ

# Föndrið er bara afurð

Á fimmtudaginn heldur iðjuþjálfun geðdeildarinnar við Hringbraut árlegan sumarmarkað. Markaðurinn er stór dagur fyrir geðdeildina enda eru þar til sölu munir úr vetrarstarfinu og rennur ágóðinn til góðs málefnis.

„Sumarmarkaðurinn er alltaf mjög skemmtilegur dagur og tilbreyting fyrir geðdeildina og fólkið sem er hérna í prógramminu,“ segir Sonja Gústafsdóttir, iðjuþjálfi á geðdeildinni. Tveir markaðir eru haldnir á hverju ári, um jól og í sumarbyrjun, og hafa þeir tekist vel hingað til. „Ávinninginn setjum við í sjóð sem úthlutar styrkjum tvisvar á ári. Fólk sem er hérna hjá okkur getur sótt um styrkina til að byggja sjálft sig upp, til dæmis ef það vill fara í skóla eða stunda íþróttir. Hluti peninganna fer síðan í það að gera eitthvað félagslegt með fólkinu sem er í prógramminu. Þá greiðum við til dæmis niður ferð í leikhús eða á jólahlaðborð vegna þess að það er auðvitað mikil þjálfun í því að vera innan um fólk.“

Til sölu er mikið af fallegum munum og eru þar meðal annars saumavörur, smíðaðir hlutir og leirmunir. „Markmiðið með iðjuþjálfuninni er að sjálfsögðu ekki að föndra heldur er það bara útkoman úr starfinu. Við erum að æfa einbeitingu, úthald, samvinnu og samskipti með það að takmarki að fólk komist aftur í vinnu, skóla eða geti sinnt heimilinu sínu.“ Sólveig segir að mikill árangur sjáist af endurhæfingarvinnunni þó hún taki vissulega langan tíma. „Til að ná árangri í endurhæfingunni þarf að sýna þolinmæði og fagna litlu sigrunum en ekki bara að horfa á heildina. Við sjáum vel að því lengur sem fólk helst í endurhæfingunni því betur gengur því að fóta sig. Einnig eru minni líkur á endurinnlagningu og þær eru að jafnaði styttri hjá þeim sem hafa klárað prógrammið hjá okkur.“

Iðjuþjálfunardeildin hefur dálitla sérstöðu innan geðdeildarinnar og segir Sólveig að þar ríki sérstaklega góður andi. „Við erum ekki klædd í hvítt svo fólki finnst oft ekki eins og það sé inni á spítala. Allir sem eru hérna koma af fúsum og frjálsum vilja og vilja gera eitthvað í sínum málum.“

Allir eru velkomnir á sumarmarkaðinn sem er, eins og áður sagði, haldinn fimmtudaginn fyrsta maí milli klukkan 12 og 15.30 í anddyri geðsjúkrahúss LHS við Hringbraut.

## AFMÆLI



**Ólafur Sigurðsson** fyrrverandi fréttamaður er sjötugur.



**Jónas Ingimundarson** píanóleikari er 62 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

## ANDLÁT

**Guðný Soffía Tryggvadóttir**, Skólabraut 3, Seltjarnarnesi, lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi laugardaginn 20. maí. Útför fór fram í kyrrþey.

**Kristín Jónsdóttir**, Freyjugötu 21, Sauðárkróki, lést á heimili sínu laugardaginn 27. maí.

**Rodolphe Giess**, Hátröð 4, Kópavogi, lést í Frakklandi laugardaginn 13. maí.

**William E. Wood**, 5306 Rainy Avenue, Orange Park, FLA, lést 9. maí. Útför fór fram í Orange Park.

**Þórey Ólafsdóttir**, Háagerði 51, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 27. maí.

**Þorgerður Gunnarsdóttir**, fædd 4.6 1930, til heimilis í Hörðalandi 10, Reykjavík, lést miðvikudaginn 24 maí.

## JARÐARFARIR

**13.00 Björk Arngrímsdóttir**, Kirkjuteigi 19, Reykjavík, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

**14.00 Friðrik Ársæll Magnússon** frá Höskuldarkoti, fyrrverandi forstjóri Steypustöðvar Suðurnesja, Grundarvegi 2, Ytri-Njarðvík, verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju.

**14.00 Pétur Þorvarðarson**, Ártröð 3, Egilsstöðum, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju. Sent verður út frá athöfninni í íþróttahúsið á Egilsstöðum.

**15.00 Berta Björg Friðfinnsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**15.00 Guðmundur Hafsteinn Friðriksson** fyrrverandi atvinnubílstjóri, Grensásvegi 56, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju.



**EINN Í HEIMINUM** Allir Íranarnir á þessari mynd biðja hér föstudagsbænirnar sínar í takt ef frá er talinn einn sem greinilega hefur orðið aðeins of seinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Skráningarskjal Cyntellect Inc.- maí 2006

## Nýtt hlutafé fyrir 10 - 12 milljónir USD boðið á genginu 2,5 - 3,0 til fagfjárfesta

Skráningarskjal er gefið út í tengslum við hlutafjárútboð Cyntellect Inc. og fyrirhugaða skráningu á iSEC markað Kauphallar Íslands hf. í júní 2006.

Skráningarskjal Cyntellect Inc. er birt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. 24. maí 2006 og á vefsíðu NordVest verðbréfa hf. Einnig er hægt að nálgast skráningarskjalið hjá umsjónaraðila.

Opinn kynningarfundur fyrir fagfjárfesta verður haldinn á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 31. maí klukkan 17:00.

**Útgefandi:**
Cyntellect Inc., kt: 500406-9760, 6620 Mesa Ridge Road, Suite 100, San Diego, California 92121, United States, www.cyntellect.com.

**Heildarfjöldi hluta:**
Heildarfjöldi hluta í Cyntellect Inc. fyrir útboð er 12.071.076. Boðnir verða út 4.000.000 nýir hlutir og verður heildarfjöldi hluta eftir útboð 16.071.076.

**Útboðsgengi:**
Útboðsgengi verður ákvarðað með söfnun viljayfirlýsinga á gengisbilinu 2,5 – 3,0 USD á hlut.

**Kynningartímabil:**
29. maí - 2. júní 2006.

**Selt til:**
Fagfjárfesta utan Bandaríkja Norður Ameríku.

**Lágmarkskaup:**
70.000 bandarískir dollarar að kaupverði.

**Söfnun viljayfirlýsinga:**
Fagfjárfestar geta skilað inn óbindandi viljayfirlýsingum þar sem fram kemur fjöldi hluta sem þeir vilja kaupa ásamt gengi og skal viljayfirlýsingum skilað fyrir klukkan 17.00 miðvikudaginn 7. júní 2006. Viljayfirlýsingar eru ekki á stöðluðu formi.

**Endanlegt útboðsgengi:**
Endanlegt útboðsgengi tekur mið af viljayfirlýsingum sem berast. Stjórn Cyntellect Inc. ákveður endanlegt útboðsgengi og verður það tilkynnt fyrir klukkan 21:00 fimmtudaginn 8. júní 2006.

**Tilkynning um úthlutun:**
Fyrir klukkan 21:00 fimmtudaginn 8. júní verður þeim aðilum sem skiluðu inn óbindandi viljayfirlýsingum tilkynnt hversu mikið þeir fá að kaupa í útboðinu og á hvaða gengi. Útgefandi áskilur sér rétt til að hafna tilboðum í heild eða að hluta.

**Skil á bindandi tilboðum:**
Fjárfestar skila inn bindandi tilboðum í samræmi við úthlutun fyrir kl.19:00 þriðjudaginn 13. júní 2006.

Bindandi tilboðum skal skilað í lokuðum umslögum merkt "Cyntellect Inc. - hlutafjárútboð" til NordVest verðbréfa hf., Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík.

**Bindandi áskrift:**
Fjárfestum verður tilkynnt fyrir klukkan 21.00 miðvikudaginn 14. júní 2006 hvort tilboð þeirra hafi verið samþykkt og þeim send greiðslufyrirmæli. Bindandi áskrift hefur ekki komist á fyrr en útgefandi hefur tilkynnt fjárfestum að bindandi tilboði þeirra hafi verið tekið.

**Gjalddagi áskrifta:**
20. júní 2006.

**Afhending hluta:**
Ný heimildarskírteini verða gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en einum degi eftir að fjórðungur útboðsins hefur verið greiddur, en þó ekki síðar en 21. júní 2006.

**Skráning í Kauphöll Ísland:**
Fyrirhugað er að skrá Cyntellect Inc. á iSEC lista Kauphallar Íslands hf. eigi síðar en föstudaginn 23. júní 2006. Skráning er bundin því skilyrði að takist að safna 10 milljónum USD. Auðkenni í Kauphöll Íslands: "CYNT".

**Umsjónaraðili:**
NordVest verðbréf hf.
kt. 410301-2880, Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík, sími 590-9000, fax 590-9001, www. nordvest.is

**Upplýsingar um útboðið:**
Verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf NordVest verðbréfa hf. veita allar nánari upplýsingar varðandi hlutafjárútboð Cyntellect Inc. í síma 590-9000.

CYNTELLECT

NordVest
VERÐBRÉF






## STUÐ MILLI STRÍÐA Staðan breytist með hverjum leik

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER SKÁK EN EKKI MÁT.



Ég kann ekki að tefla og tel víst að það hafi háð mér umtalsvert á lísleiðinni. Það veit nefnilega ekki á gott að kunna ekki manganginn og djöflast stefnulaust yfir borðið og fella peð, biskupa og drottningar án þess að hugsa fram í tímann og reyna að sjá afleiðingar gjörða sinna fyrir.

Þessi hegðun og sú meinloka að geta ekki farið eftir settum reglum er vitaskuld ávísun á tap og maður endar fyrr eða síðar innikróaður úti í horni þar sem allar bjargir eru bannaðar. Mér er fyrirmunað að læra skák. Hún er of rökrétt til þess að ég skilji hana og mér er eðlislægt að vera á gráu svæði frekar en standa föstum fótum á annað hvort svörtum eða hvítum reitum. Kynni mín af skákmeisturum hafa þó fært mér heim sanninn um að lífið allt rúmast á 64 reitum.

Stórmeistarinn Hinrik Danielsen segir til dæmis að skákin snúist öll um „time, space and power", eða tíma, pláss og aflsmuni. Þetta er nákvæmlega eins í lífinu og þá spillir heldur ekki fyrir, í báðum tilfellum, að vera með stáltaugar. Þetta er fjórði frumþátturinn þar sem það segir sig sjálft að sá sem fer á taugum gefur eftir pláss, missir mátt og fellur á tíma.

Hinn sókndjarfi meistari Ivan Sokolov á svo besta skákfrasann sem ég hef heyrt hingað til en þegar svo einkennilega vill til að hann stendur frammi fyrir tapi lyftir hann höndum og segir „nothing to be done". Glötuð staða, ekkert hægt að gera. Þessi viska ætti að leynast í páskaeggjum enda ber hún vott um æðruleysi og raunsæi. Það er líka vissulega huggun harmi gegn að meistarar verða stundum að játa sig sigraða enda er lífið svo flókið að jafnvel þeir sem sjá marga leiki fram í tímann geta misstigið sig. Staðan breytist með hverjum leik og allt er þetta tilviljunum háð.

Það sem er best við skákina og lífið er svo það að þegar maður stendur frammi fyrir því að geta ekkert gert fellir maður bara kónginn, stillir mönnunum upp aftur og byrjar upp á nýtt.

# myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Överli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott






CITROËN

# Sjáðu C4

# 22.868*

Mán.gr. Bílasamningur
Lýsingar og Brimborgar

**sóltilboð**

**Lægra verð. Betri kjör.**



**C4 SALOON**

■ Citroën C4 SALOON SX
1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.868 kr.
Rekstrarleiga 36.217 kr.
Verð án sóltilboðs 1.949.000 kr.
Sóltilboð 1.869.000 kr.

Citroën frelsar þig úr viðjum vanans. Hönnun er aðalsmerki. Flott útlit, aukið öryggi og þægindi er munaður sem studd eru snjöllum tækninýjungum. Og ekki er að finna í bílum keppinautanna. Um leið og þú lítur Citroën augum renna gömul sannindi upp fyrir þér á ný: Frakkar hafa engu gleymt og hafa enn eina ferðina sett ný viðmið hvað varðar akstursánægju, öryggi og þægindi. Láttu sjá þig á Citroën. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën á góðu sóltilboði Brimborgar.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**




Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

## Lægra verð. Betri kjör. Góður bílasamningur: Aðeins 20 prósent út.



■ Citroën C2 VTS 1,6i
3 dyra 5 gíra 125 hö*
Bílasamningur 21.644 kr.
Rekstrarleiga 35.365 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.
Sóltilboð 1.769.000 kr.



■ Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gíra 75 hö*
Bílasamningur 18.707 kr.
Rekstrarleiga 30.420 kr.
Verð án sóltilboðs 1.599.000 kr.
Sóltilboð 1.529.000 kr.



■ Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i
3 dyra 5 gíra 110 hö*
Bílasamningur 22.525 kr.
Rekstrarleiga 35.758 kr.
Verð án sóltilboðs 1.919.000 kr.
Sóltilboð 1.842.000 kr.



■ Citroën Xsara Picasso Exclusive 2,0i
5 dyra sjálfskiptur 137 hö*
Bílasamningur 28.374 kr.
Rekstrarleiga 44.704 kr.
Verð án sóltilboðs 2.399.000 kr.
Sóltilboð 2.319.000 kr.



■ Citroën C5 X 1,8i
5 dyra 5 gíra 117 hö*
Bílasamningur 26.294 kr.
Rekstrarleiga 42.168 kr.
Verð án sóltilboðs 2.219.000 kr.
Sóltilboð 2.149.000 kr.



■ Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil
5 dyra 5 gíra 90 hö*
Bílasamningur 22.133 kr.
Rekstrarleiga 36.075 kr.
Verð án sóltilboðs 1.889.000 kr.
Sóltilboð 1.809.000 kr.

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 31. maí n.k. eða meðan birgðir endast.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Sumarið er komið í Brimborg

**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur, glerþak og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**!** **Kl. 19.00**

*Fyrsta Viðeyjarganga sumarsins. Félagsmenn úr Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur leiða göngufólk um sýninguna Site-Actions sem opnuð var í eynni síðasta fimmtudag í tengslum við Listahátíð. Gangan er ókeypis utan ferjutolls og tekur hún rúma tvo tíma.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Glímt við talnaþrautir

Sudoku-æðið kann að vera að renna af fólki en nú er komin önnur japönsk rökþraut sem vísast getur fengið menn til að brjóta heilann og ófáa blýanta. Fyrsta Kakuro-þrautin birtist í bresku dagblaði haustið 2005 og hafa nú sífellt fleiri heillast af gátunum og er fyrsta þrautabókin komin núna út á íslensku. „Bókin um Kakuro og hvernig hún er leyst“ inniheldur 100 gátur auk leiðbeininga og lausna svo áhugasamir geta heldur betur hugsað sér gott til glóðarinnar.

Höfundur Kakuro-gátanna í bókinni, Dr. Gareth Moore, varði doktorsritgerð sína um gervigreind véla við háskólann í Cambridge á Englandi en gátunum mætti líkja við krossgátu með tölum en þær reyna á rökhugsun og einfalda reiknishæfileika, það eina sem fólk þarf að kunna til þess að ráða gáturnar er einföld samlagning. Nafnið Kakuro er samsetning á japanska orðinu yfir „samlagningu“ og japönskum framburði á enska orðinu „cross“.

Kakuro-gáturnar eru misstórar en eins að öllu öðru leyti. Hver gáta hefur „vísbendingareiti“ og auða reiti fyrir „lausnartölur“ sem mynda „lausnarlínur“, ýmist lóðréttar eða láréttar. Aðrir reitir eru svertir og ekki notaðir. Vísbendingartala hverrar lausnarlínu er jöfn öllum lausnartölum línunnar samanlögðum. Ólíkt Suduko má ekki nota hverja tölu nema einu sinni í hverri lausnarlínu og allar tölur línunnar samanlagðar verða að vera jafnar vísbendingartölu línunnar. Þá er bara að ydda blýantinn. Lárus Jón Guðmundsson þýddi og staðfærði en Hugall ehf. gefur bókina út.



**EINFALDAR GÁTUR FYRIR ALLA** Heilabrot fyrir byrjendur og lengrakomna sem halda sellunum við efnið.

## > Ekki missa af...

ókeypis aðgangi í Þjóðminjasafnið út maímánuð. Síðustu forvöð að nýta sér þetta kjaraboð.

yfirlitssýningum Birgis Andréssonar og Steingríms Eyfjörð í Listasafni Íslands. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

óperunni Galdraskyttunni sem verður sýnd á Listahátíð um helgina. Örfáar sýningar á þessari mögnuðu óperu, konfekt fyrir augu og eyru.



**STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON OG ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR** Sokkabandið setur upp Ritskoðarann, kraftmikið og ögrandi leikverk eftir leikskáldið Anthony Neilson.

# Klám á tímum tækifæranna

**Leikhópurinn Sokkabandið frumsýnir Ritskoðarann eftir skoska leikskáldið Anthony Neilson á morgun. Verkið kannar samband milli listamanns og gagnrýnanda og tengslin milli ástar og kynlífs.**

Elma Lísa Gunnarsdóttir, leikkona og annar forsprakki Sokkabandsins, heillaðist af vinnu Neilsons þegar hún sá verk hans Penetrator sett upp hjá Reykvíska listaleikhúsinu í Klink og Bank í fyrra. „Hann er ótrúlega spennandi og djarfur höfundur sem skrifar verk sem fjalla um allt aðra hluti en almennt er verið að fjalla um í leikhúsi. Hann skrifar öll verkin upp úr spuna og leikstýrir þeim sjálfur, samtölin í verkunum verða til dæmis mjög eðileg,“ útskýrir Elma Lísa.

Verkið fjallar um mann sem vinnur við kvikmyndaeftirlit og samskipti hans við konu sem leitar til hans og vill fá leyfi fyrir mynd sem hún er að gera. „Hún þarf að koma myndinni í gegnum eftirlit og hann þarf að ritskoða myndina. Verkið fjallar síðan um þeirra samband og svo kemur eiginkona mannsins einnig við sögu,“ segir Elma Lísa. Í leikritinu er varpað fram áleitnum spurningum um kenndir og þrár, listfengi og klám og hvort kynlíf og ást geti farið saman í heimi þar sem líkaminn er söluvara og ef svo er hvort ástin lifi það af?

„Þessar spurningar eru mjög aðkallandi í dag, til dæmis vegna klámvæðingarinnar sem tröllríður öllu – hvenær förum við yfir strikið? Hvað er rétt og rangt?“ spyr Elma Lísa. „Hvernig kemst nútímamaðurinn af í samfélagi sem upphefur tækifærissiðgæði?“

Verkið er stranglega bannað börnum en það hlaut á sínum tíma góðar viðtökur hjá áhorfendum í Bretlandi þótt verkið væri umdeilt fyrir opinskáa umfjöllun sína um kynferðismál og nokkrir hefðu sopið hveljur á sýningunum.

Aðeins fimm sýningar eru fyrirhugaðar á verkinu en þær fara fram í sal Sjóminjasafnsins við Grandagarð 8 í Reykjavík. „Þetta er mjög hrátt rými sem hentar þessu verki mjög vel því að sagan gerist í óttalegri skítaholu. En það komast bara þrjátíu áhorfendur fyrir á hverri sýningu og nálægðin er mjög mikil. Ég er persónulega mjög hrifin af svona stuttum og kraftmiklum sýningum,“ segir Elma Lísa.

Sokkabandið setur verkið upp með liðsinni Hafnarfjarðarleikhússins en leikstjóri þess er Jón Páll Eyjólfsson en auk Elmu Lísu leika Stefán Hallur Stefánsson og Arndís Hrönn Egilsdóttir í sýningunni. Hljóðmynd sýningarinnar semur Hallur Ingólfsson en leikhópurinn hannar leikmyndina. Stefán Hallur þýddi verkið í félagi við Vigni Rafn Valþórsson.

Nánari upplýsingar um sýninguna og leikhópinn má finna á heimasíðunni ritskodarinn.blogspot.com en sími midasölunnar er 821-6013. **-kristrun@frettabladid.is**


**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 15 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning

*„Besta söngleikjauppfærsla ársins“*
*S.S - Fréttablaðið*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ

**Frumsýning fös. 2/6 uppselt**, mið. 7/6 nokkur sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6.
**Aðeins þessar 4 sýningar.** Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

**Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.

ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ

Fös. 2/6 nokkur sæti laus.
**Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.**

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



**BORGARLEIKHÚSIÐ**

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
MIÐASALA HAFIN Á SÝNINGAR Í HAUST!

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**
Fi 1/6 kl. 20 / Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 / Má 5/6 kl. 20
Þri 6/6 kl. 20 UPPS. / Fö 9/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 23 / Má 12/6 kl. 20
Þri 13/6 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Mi 31/5 kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. / Lau 3/6 kl. 20 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 / Fi 8/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 20 / Lau 10/6 kl. 20 UPPS.
Su 11/6 kl. 20 AUKASÝNING
Fi 15/6 kl. 20 / Sun 18/6 kl. 20

**SÖNGLIST**
Innritun á sumarnámskeiðin stendur yfir!
Nánari upplýsingar og skráning í miðasölu Borgarleikhússins.

**NAGLINN**
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

**25 TÍMAR**
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.

**RONJUVÖRUR**
Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.
Fæst í miðasölu Borgarleikhússins.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfirður.
Ótrúleg verð!!!!



Sími: 565-5566
sturta.is



**Fullt hús ævintýra**
Við opnum 2. júní



**KALDÁRSEL**
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími 588 8899



**Gítarnámskeið hefst 6. júní**
**4 vikur, 8 einkatímar**
GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Sími 581 1281 • gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is



**Sumarnámskeið Laugarneskirkju í Júní**
Fyrir börn fædd 1994-1999
Skráning stendur yfir til 2. júní
Upplýsingar og skráning:
Sr. Hildur Eir
s: 863-1504
hildurbo@simnet.is
Andri Bjarnason
s: 694-7083
andribja@hi.is



**ÞÓRUNN HJARTARDÓTTIR** Sýnir stað- og tímabundin verk í Suðsuðvestri.

# Suðsuðvestur kannað

Myndlistarkonan Þórunn Hjartardóttir sýnir um þessar mundir í sýningarýminu Suðsuðvestri við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Sýninginuna kallar hún „Hvernig er Suðsuðvestur?“. Þar eru stað- og tímabundin verk sem hún hefur unnið beint inn í sýningarýmið en hún hefur ekki unnið með þessum hætti áður. Þetta er fimmta einkasýning listakonunnar. Þórunn hefur einkum fengist við geómetrísk abstraktmálverk en á síðustu einkasýningu bættust ljósmyndir, hljóðverk og málverk með orðum bæst við.

Gallerí Suðsuðvestur er opið fimmtudaga og föstudaga frá kl. 16-18 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 14-17. Annars er opið eftir samkomulagi. Sýningin stendur til 18. júní.

# Meira en bara Strikið

„Ég hef unnið sem leiðsögumaður fyrir íslenska ferðamenn í Kaupmannahöfn í átta ár og því er þessi bók rökrétt framhald af starfi mínu. Fyrir ári gaf ég út bók sem fjallaði um gömlu góðu Kaupmannahöfn innan borgarveggjanna, en nýja bókin er jafnframt framhald af henni“, segir Guðlaugur Arason um nýútkomna ferðahandbók sem hann tók saman og ber titilinn „Kaupmannahöfn – ekki bara Strikið“.

„Margur Íslendingurinn hefur haft það á orði við mig að það hljóti að vera fleiri staðir í Kaupmannahöfn að heimsækja en Strikið og er það mikið rétt. Það eru ótal spennandi staðir sem liggja út fyrir akra borgarsíkjanna og hægt er að gera sér far um að skoða. Það er ekki síst að áeggjan þessarra Íslendinga sem ég ákvað að skrifa þessa gönguferðbók“. Eins og segir í lýsingunni á bókinni greinir Guðlaugur frá „tíu gönguleiðum um borgina, útskýrir heiti gatna, lýsir staðháttum, sögulegum byggingum og minnist á þekkta einstaklinga sem tengjast þeim“.

Þegar Guðlaugur er inntur eftir ástæðum þess að gönguleiðirnar bera heiti hinna ýmsu tegunda dýraríkisins, segir hann „það einfaldlega gert til heiðurs húsdýrum sem voru innan borgarveggjanna í gömlu Kaupmannahöfn, alveg fram á miðja 19. öld. Það var ekki bara fólkið sem setti svip sinn á bæinn heldur öll húsdýrin sem þar var að finna. Í hverjum bakgarði var búskapur“, heldur Guðlaugur áfram. „Ég gætti þess þó að velja ekki leið rottunnar og valdi músina í staðinn, enda aldeilis munur á fríðleika þeirra frænkna. Fleiri myndu eflaust vilja ganga í fótspor músarinnar en rottunnar,“ segir Guðlaugur og hlær dátt.

„Fyrri hluti bókarinnar er ætlaður sem ferðavísir fyrir þá sem eru á hlaupum um borgina og vantar einhverjar smá upplýsingar um hvað skal skoða. Hér hef ég textann knappan og forðast allt orðagjálfur. Ef fólk vill lesa sér eitthvað meira til um viðkomandi götur, torg eða hús í gamla bænum þá verður fólk einfaldlega að verða sér úti um fyrri bók mína. Seinni hlutinn í nýju bókinni er ítarlegri, en hann er hugsaður sem ítarefni. Þennan hluta bókarinnar reyni ég að hafa svolítið léttan og skemmtilegan“, útskýrir Guðlaugur.

Spurður hvort hann óttist ekkisamdrátt í leiðsögu sinni um Kaupmannahöfn í sumar með tilkomu ferðahandbókarinnar, hlær Guðlaugur og segist „vissulega uggandi yfir því að nú verði ekki lengur þörf fyrir nærveru hans þar sem bókin muni eflaust duga til, en bætir svo við að það sé allt í lagi, enda ætli hann sér ekki að verða ellidauður í þessum bransa“. **-brb**




**GÖNGULEIÐABÓK UM KAUPMANNAHÖFN** Ótal spennandi staðir eru innan marka borgarinnar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

27 28 29 **30** 31 1 2

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Söngkonan **Ragnheiður Gröndal** og trúbadorinn **Helgi Valur** halda tónleika í **Hveragerðiskirkju** og flytja frumsamið efni ásamt tökulögum. Sérstakur gestur er **Magnús Þór Sigmundsson**.

### FUNDIR

☐ 20.00 Framhaldsstofnfundur **Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi** verður haldinn í **Húsmæðraskólanum** gamla við **Þórunnarstræti** á Akureyri.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Afmælissýning **Braga Ásgeirssonar** stendur yfir í **Galleríi Fold** við **Rauðarárstíg**. Sýningin stendur til 11. júní.

☐ 12.00 Sýning á verkum þýska myndlistarmannsins **Rudolfs Reiter** stendur yfir í **Listasafninu á Akureyri.**

### LJÓÐAKVÖLD

☐ 20.00 Síðasta **Skáldspírukvöld Lafleaur útgáfunnar** í vetur verður í **Iðuhúsinu** við **Lækjargötu**. Gestur kvöldsins verður **Sveinn Snorri Sveinsson** sem les úr nýrri ljóðabók sinni **Að veiða drauminn**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


# Til hamingju Norðlendingar!






## Fögnum í dag fyrsta áætlunarflugi IcelandExpress milli Akureyrar og Kaupmannahafnar

The Arctic North
NORÐURLAND

**MARKAÐSSKRIFSTOFA FERÐAMÁLA Á NORÐURLANDI**
HAFNARSTRÆTI 82 • 600 AKUREYRI • Sími: 462-3300
**www.nordurland.is**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**ANDREW RIDGELEY** Dúettinn Wham! var gríðarlega vinsæll á níunda áratugnum.

## Wham! saman á ný

Hljómsveitin Wham! sem naut mikilla vinsælda á níunda áratugnum ætlar að koma saman á ný eftir tuttugu ára hlé.

Reyndar ætlar hljómsveitin, sem var skipuð þeim George Michael og Andrew Ridgeley, aðeins að taka eitt lag saman á tónleikum Michaels á Wembley í september; en það verður hið sígilda jólalag Last Christmas.

# Stjörnubarn komið í heiminn

**Fjölmiðlafárinu í kringum Angelinu Jolie og Brad Pitt mætti líkja við sirkus. Blaðamenn og ljósmyndarar hafa endasenst um heiminn í eltingarleik við parið sem eignaðist heilbrigða stúlku í Namibíu á laugardaginn.**



**JOLIE OG PITT** Hefur tekist á undraverðan hátt að halda sig fjarri ljósmyndurum enda hafa yfirvöld í Namibíu lofað þeim að vernd gegn ágangi fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Orðrómur um hugsanlega fæðingu Shilou Nouvel Jolie-Pitt fór af stað strax á fimmtudaginn þegar Brad Pitt afboðaði komu sína á Cannes-hátíðina en þar ætlaði leikarinn að kynna kvikmyndina Babel. Ljósmyndarar sátu um bæinn Walvis Bay í von um að geta smellt af myndum eða náð einhverju út úr íbúum bæjarins vegna komu þessa „frægasta“ nýbura fyrr og síðar. Íbúarnir hafa hins vegar haldið tryggð við stjörnuparið sem hefur fengið að njóta lífsins nánast óáreitt í Afríkuríkinu enda lýsti forseti landsins því yfir að stjórnvöld hygðust vernda hjónaleysin gegn hvers kyns ónæði. Yfirvöld í Walvis hafa einnig verið þögul sem gröfin en gáfu í gær út þá yfirlýsingu að bæði barni og móður heilsuðust vel. Öryggisgæsla í þessum litla bæ hefur verið stóraukin og öryggisverðir varna öllum óviðkomandi komu að sjúkrahúsinu því talið er að myndir af hinni nýfæddu Shilou geti selst á rúmlega sjötíu milljónir íslenskra króna til helstu slúðurblaða heimsins.

Rúm tvö ár eru síðan farið var að hvískra um ástarsamband Pitts og Jolie. Stjörnurnar tvær voru þá að leika í mynd um leigumorðingjahjónin Mr & Mrs. Smith, en Pitt var þá giftur leikkonunni Jennifer Aniston. Leikararnir virtust í fyrstu nýta sér umtalið til að kynna myndina og Aniston neitaði að eiginmaður hennar ætti í ástarsambandi við mótleikkonu sína, meintur ástarbrími væri bara markaðsbrella. Jolie neitaði jafnframt öllum sökum um að vera hjónadjöfull og sagðist ekki vilja vera eins og pabbi sinn, Jon Voight, sem hefði rústað hjónabandi sínu og móður Jolie með sífelldu framhjáhaldi. Annað kom þó á daginn.

Skilnaður Pitts og Aniston kom mörgum í opna skjöldu enda var hjónabandið talið eitt það traustasta í Hollywood. Jolie á hinn bóginn skilin við leikarann Billy Bob Thornton en samband þeirra var æði skrautlegt og var frægt þegar þau báru blóð hvort úr hinu um hálsinn. Hún var áður gift breska leikaranum Johnny Lee Miller sem sló í gegn í kvikmyndinni Trainspotting.

Ljósmyndarar og blaðamenn komu sér í startholurnar því langt var síðan annað eins stjörnubarn hafði litið dagsins ljós og einhverjir vildu líkja þessu við stormasamt samband Richards Burton og Liz Tayolor sem er eitt frægasta samband í sögu Hollywood. Slúðrið um Pitt og Jolie var með ólíkindum og versnaði nánast með hverjum deginum. Þau áttu að hafa gifst í villu George Clooney á Ítalíu en skömmu síðar fréttist að Jolie hafði víst hafnað bónorði Pitts. Þegar fregnir bárust um að barns væri von fóru fjölmiðlar offari og eltu parið á röndum sem lauk með því að það flúði til Afríku þar sem Jolie er öllum hnútum kunnug vegna góðgerðastarfa sinna fyrir flóttamenn á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Frá því að skötuhjúin komu til Namibíu hafa þau nánast farið huldu höfði. Hvorugt þeirra hefur gefið færi á sér í viðtal ef undanskilið er stutt spjall þar sem Jolie sagðist hlæja að öllum sögunum um sig og ástmann sinn. Samkvæmt helstu fréttavefjum eru litlar líkur á því að myndir af barninu berist fjölmiðlum og í yfirlýsingu frá bæjaryfirvöldum kemur fram að þau ætli sér að dveljast í Namibíu um stundarsakir.





CHRISTER BJORKMAN Telur að úrslitin hefði orðið önnur ef símakosning almennings væri ekki í gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Önnur úrslit

Úrslit í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefðu verið þau sömu fyrir níu efstu löndin þó þeim þrettán þjóðum sem heltust úr lestinni, auk Serba og Svartfellina, hefði verið meinað að kjósa. Háværar gagnrýnisraddir hafa heyrst um samstöðu austur-Evrópuþjóðanna, en eru samkvæmt þessu úr lausu lofti gripnar.

Hefðu aðeins þau lönd sem komust áfram fengið að kjósa um sigurlagið hefðu Tyrkir hins vegar lent í tíunda sæti og víxlað sæti við Íra, samkvæmt ESCtoday.com en Tyrkir þurfa að keppa í undankeppninni að ári. Það virðist þó ekki slæmur kostur því ekkert landanna tíu sem komst áfram úr undankeppninni lenti neðar en í þrettánda sæti í ár.

Úrslitin hefðu hins vegar orðið allt önnur ef innbyrðis kosning lagahöfunda úr keppninni hefði gilt en ekki símakosning almennings. Zeljko Joksimovic sem samdi lagið Layla fyrir Bosníu og Hersegóvínu vann keppni þeirra í ár. Christer Bjorkman, yfirmaður sænsku sendinefndarinnar kom kosningunni á vegna óánægju með að öll athyglin hefði færst af lagahöfundunum á flytjendurna. „Keppnin er svo stór og ber því fleiri en einn sigurvegara,“ sagði hann við Fréttablaðið í samnorrænni veislu í Aþenu á dögunum. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tók ekki þátt í valinu þar sem hann kaus að sitja í salnum á aðalkvöldinu en ekki baksviðs.
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| CRY WOLF | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 og 8 |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 3.50 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 6, 8.30 og 10.50 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 8 og 10.15 |
| CRY WOLF | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Haldið upp á afmælið með meti

„Við vitum ekki til þess að þetta hafi verið gert áður,“ segir Pétur Grétarsson hjá Tónlistarskóla FÍH. Skólinn fagnaði 25 ára afmæli sínu fyrir helgi og af því tilefni settu nemendur skólans tvö Íslandsmet í tónlistarflutningi. „Við spiluðum blús samfellt í einn og hálfan tíma, það voru örugglega 30-40 manns sem tóku þátt í þessu og við skiptum bara inn á eftir þörfum,“ segir Pétur. Nemendur skólans settu sömuleiðis met í svokölluðu „rhythm changes“.

Viðamikil dagskrá var í skólanum í tilefni af afmælinu. Haldin var tónverkasamkeppni sem Þóra Björk Þórðardóttir sigraði, auk þess sem fjöldi tónleika var haldinn. Meðal þeirra sem fram komu var hljómsveitin Mezzoforte.

Pétur Grétarsson kennir á trommur, tónfræði og sögu við skólann en hann hefur verið viðloðandi FÍH með hléum í um 20 ár. Hann segir miklar breytingar hafa orðið á þessum tíma. „Fyrir 25 árum var ekki auðvelt að fá kennslu í svokallaðri alþýðutónlist. Þá var þetta eiginlega litið hornauga. Það hefur allt breyst og þróunin hefur verið gríðarleg. Í dag er erfitt að finna starfandi tónlistarmann sem hefur ekki einhverja tengingu við skólann,“ segir Pétur.



**EINBEITTIR NEMENDUR** Tónlistarskóli FÍH er 25 ára um þessar mundir og nemendur skólans slógu upp sannkallaðri tónlistarveislu af því tilefni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Jackson þakkaði aðdáendum sínum

Popparinn Michael Jackson þakkaði aðdáendum sínum og öllum þeim sem hafa haft trú á sér er hann var staddur í Tókýó í Japan um síðustu helgi.

Jackson, sem er 47 ára, tók þar á móti heiðursverðlaunum japönsku MTV-sjónvarpsstöðvarinnar. Var þetta í fyrsta sinn sem hann kom fram opinberlega síðan hann var sýknaður af ákæru um barnamisnotkun.

„Ég vil þakka öllum þeim sem höfðu trú á mér. Ég hef trú á ykkur,“ sagði Jackson. „Ég vil líka þakka börnunum mínum Paris, Prince og Blanket, sem hafa stutt dyggilega við bakið á mér.“

Jackson var kallaður upp á svið af MTV og kynntur sem konungur poppsins, rokksins og sálartónlistarinnar. Á meðan var eitt vinsælasta lagið hans, Thriller, spilað.

„Mig langar að þakka Japönum innilega. Ég elska ykkur afar mikið,“ sagði hann er hann tók á móti verðlaununum.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn heimsfrægi kom fram opinberlega í fyrsta sinn síðan hann var sýknaður af dómstólum á síðasta ári. FR'ETTABLAÐIÐ/AP












# Gleason látinn

Paul Gleason, sem meðal annars lék vonda karlinn í Trading Places og skólastjórann í The Breakfast Club, er látinn úr lungnakrabbameini, 67 ára að aldri.

Gleason lék í yfir 60 kvikmyndum á ferli sínum, þar á meðal Die Hard, Johnny Be Good, National Lampoon´s Van Wilder og Not Another Teen Movie. Hann fór einnig með nokkur hlutverk í sjónvarpi og kom m.a. fram í þáttunum Friends og Seinfeld.



**PAUL GLEASON** Gleason lék í yfir fimmtíu kvikmyndum á ferli sínum, þar á meðal Trading Places og The Breakfast Club.

# Tónleikunum frestað

Fyrirhuguðum tónleikum rapparanna GZA úr Wu-Tang Clan og DJ Muggs úr Cypress Hill hefur verið frestað. Tónleikarnir áttu að vera á Gauki á Stöng 2. júní. Ástæðan er sú að umboðsmönnum kappanna tókst ekki að bóka hentugt tengiflug til Íslands frá Bandaríkjunum en þeir ætluðu að koma við á Íslandi fyrir tónleika sína í Moskvu. Aðdáendur þeirra hér á landi þurfa því að bíða eitthvað lengur eftir því að fá að berja þá augum.



**GZA OG DJ MUGGS** Tónleikum kappanna hefur verið frestað eftir að mistókst að bóka nógu gott tengiflug til Íslands.

FRUMSÝNING




## ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN 3 | KL. 3:30-5:45-8-10:10 | B.I. 12 |
| X-MEN 3 VIP | KL. 3:30-5:45-10:10 | |
| POSEIDON | BYLGJUFORSÝNING KL. 8 | |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 3:30-5:45-10:30 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 3:45-5:50-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 3:45-6-8:30-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 4-6 | B.I. 10 |
| FAILURE TO LAUNCH | KL. 8 | |
| FIREWALL | KL. 10:10 | B.I. 16 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900







## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN 3 | KL. 8-10:10 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 7:30-10:15 | B.I. 14 |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN DREAMZ | KL. 6-8-10 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 6 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170







## KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN DREAMZ | KL. 5:45-8-10:20 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8-10:40 | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG | KL. 5:50 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 10:20 | B.I. 10 |

M:i:III

SÝND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800










| | | |
|---|---|---|
| THE DA VINCI CODE | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG | KL. 6-8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5-8-10 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6-8 | B.I. 10 |
| V FOR VENDETTA | KL. 10 | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan unga **Sienna Miller** og hjartaknúsarinn **Jude Law** eru byrjuð aftur saman, í þriðja skiptið. Eins og kunnugt er hefur parið ekki átt sjö dagana sæla síðan framhjáld Jude með barnapíu komst í hámæli. Þau reyndu þó að lappa upp á samband sitt en ekki gekk það og skildu leiðir í janúar á þessu ári. Miller hefur verið orðuð við Star Wars-leikarann **Hayden Christensen** en þau leika saman i myndinni Factory Girl. Leikkonan knáa hefur þó viðurkennt við blaðamenn að hún og Law séu að reyna aftur og að þau séu hamingjusöm.



Fótboltahetjan **David Beckham** reyndi að feta í fótspor eiginkonu sinnar **Victoriu** sem poppstjarna og gaf út lag í tilefni af HM í fótbolta árið 2002. Mun kappinn hafa rappað lag sem eitt sinn var gefið út af hljómsveitinni New Order og ber nafnið „World in motion“. Lagið féll þó ekki í kramið hjá yfirmönnum fólboltahreyfingarinar í Bretlandi og höfnuðu þeir tilraun Beckhams á tónlistarsviðinu. Kappinn ætlar því að einbeita sér að knattspyrnunni fyrir þetta heimsmeistaramót enda fyrirliði enska landsliðsins og hefur því í nógu að snúast.



Leikkonan unga **Lindsay Lohan** segir að upptökur á síðustu mynd sinni, sem fjallar um morðið á **Robert Kennedy** árið 1968, hafi verið þær erfiðustu sem hún hafi tekið þátt í því. Besta vinkona hennar dó í miðjum tökum úr heilahimnubólgu og átti leikkonan erfitt með að einbeita sér eftir það. Í viðtali við tímaritið Interview segist hún hafa verið í daglegu símasambandi við fjölskyldu vinkonu sinnar og það eina sem hún hafi viljað var að vera hjá henni. Hún segir þó að þetta áfall hafi hjálpað sér að verða betri leikkona og nú geti hún tekið að sér alvarlegri og þyngri hlutverk en áður.



Aðþrengda eiginkonan **Teri Hatcher** sagði upp leyndum kærasta á dögunum sökum þess að hann vildi ekki gangast við þeirri ábyrgð sem fylgir því að eiga barn. Hatcher á níu ára gamla dóttur með fyrrum eiginmanni sínum, **Jon Tenney,** en þau skildu árið 2003 og síðan þá hefur lukkan ekki verið hennar megin í karlamálum. Þessi fagra leikkona hefur verið orðuð við bæði Idol-kynninn **Ryan Seacrest** og hjartaknúsarann **George Clooney** en ekki hefur fengist uppgefið hvort þetta hafi verið annar þeirra.







GUÐRÚN OG FELIX

Sex til 7

Alla virka daga á SkjáEinum og endursýndur milli 7-8 alla virka morgna.

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland



## Allir á völlinn

Heil umferð fer fram í Landsbankadeild kvenna í kvöld. KR tekur á móti Keflavík, FH sækir Breiðablik heim, Fylkir fær Val í Árbæinn og Þór/KA tekur á móti Stjörnunni.

**sport**

sport@frettabladid.is

BJARNI ÞÓRÐUR HALLDÓRSSON: LÉT ÝMISLEGT FLAKKA AF BEKKNUM Í LEIK GEGN FH

# *Of mikil virðing borin fyrir FH-ingum*

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, var ekki sáttur í viðtölum við fjölmiðla eftir leikinn gegn Fylki í Árbænum á sunnudaginn. Hann sagði að það hefðu komið skilaboð frá varamannabekk Fylkis um að slátra sínum mönnum. Það var þó ekki þjálfarinn Leifur Garðarsson sem var þar að verki heldur markvörðurinn Bjarni Þórður Halldórsson sem sat á bekknum í þessum leik en hann er að jafna sig af nárameiðslum.

„Það er ýmislegt sem er látið flakka í hita leiksins og ég viðurkenni það alveg að ég öskraði eitthvað inn á völlinn í þessum leik. Mér finnst það samt mikið blásið upp, þetta var ekkert verra en margt annað sem sagt er,“ sagði Bjarni Þórður. „Það hefði aldrei verið gert svona mikið út úr þessu ef þetta hefði verið öfugt. FH-ingar voru sjálfir ekkert rólegir á bekknum og létu ýmislegt út úr sér. Það er of mikil virðing borin fyrir þessum mönnum,“ Bjarni segir fáránlegt að halda því fram að þessi öskur hans hafi orðið til þess að einhverjar tæklingar hafi átt sér stað. „Ég kallaði inn á völlinn „slátrið þeim“, en ég var ekkert með neinar morðhótanir. Þessi frasi er notaður yfir marga hluti í leiknum og það er hægt að slátra andstæðingnum með því að gera betur en hann í ýmsum hlutum,“ sagði Bjarni sem vildi ekki meina að hans orð hafi verið eitthvað harðari en mörg önnur sem fá að fjúka í leikjum hér í deildinni.



Ólafur Jóhannesson var þó allt annað en sáttur við þessi orð Bjarna Þórs og fannst sumar tæklingar Árbæjarliðsins fara yfir strikið. Hann vildi til dæmis sjá Sævar Þór Gíslason fá rautt spjald fyrir að fara í markvörðinn Daða Lárusson undir lok leiksins. „Sævar setti sólann beint í Daða og það átti að reka hann út af fyrir það,“ sagði Ólafur.

## > Dönsk meiðsli hjá FH

Ólafur Jóhannesson þjálfari FH-inga býst við að Danirnir þrír verði allir orðnir heilir fyrir næsta leik liðsins í Landsbankadeildinni sem verður gegn Keflavík á mánudag. Allan Dyring fór meiddur af velli er þeir léku við Fylki en þau meiðsli eru ekki talin alvarleg. Þá var engin áhætta tekin með Tommy Nielsen sem átti við smávægileg meiðsli að stríða og var ekki teflt fram í Árbænum. Athygli hefur vakið að varnarmaðurinn Peter Matzen hefur engin tækifæri fengið það sem af er Íslandsmóti en Ólafur segir að það sé vegna nárameiðsla, hann ætti þó að vera orðinn góður á mánudag.



**TIL ÍTALÍU?** AC Milan vill fá Ruud van Nistelrooy. NORDICPHOTOS/AFP

Leitað arftaka Shevchenko:

# Nistelrooy á óskalista Milan

**FÓTBOLTI** Ruud Van Nistelrooy, sóknarmaður Manchester United, er efstur á óskalista AC Milan til að fylla skarð Andriys Shevchenko sem er á leið til Chelsea. Talsmaður ítalska liðsins lét hafa eftir sér í dagblaði þar í landi að Nistelrooy væri einn af sárafáum leikmönnum sem gæti fyllt skarð Shevchenkos.

United er tilbúið til að hlusta á tilboð í Nistelrooy en hann er ekki í náðinni á Old Trafford í augnablikinu og þurfti talsvert að verma varamannabekkinn undir lok síðasta tímabils. Hann hefur skorað 150 mörk í 200 leikjum fyrir United en hann hefur verið hjá félaginu í fimm ár.

Nistelrooy skoraði sigurmark Hollendinga sem lögðu Kamerúna 1-0 í æfingaleik á sunnudag en hann verður í eldlínunni á HM í Þýskalandi.

- egm

# Niðurstaða á næstu dögum

**Handknattleiksmaðurinn Einar Örn Jónsson fór í læknisskoðun hjá þýska úrvalsdeildarfélaginu Minden í gær. Niðurstöður verða ljósar á næstu dögum og verði þær jákvæðar þá gengur hann í raðir liðsins frá Torrevieja.**

**HANDBOLTI** Einar Örn flaug frá Spáni yfir til Þýskalands á sunnudag og gærdagurinn fór í hinar ýmsu skoðanir hjá læknum félagsins. Hann fór svo aftur til Spánar í morgun og bíður niðurstaðna úr skoðuninni en ljóst er að Einar verður ekki lengur í herbúðum Torrevieja.

Læknar Minden vilja skoða Einar vel og vera þess fullvissir að hann sé heill heilsu enda gekkst Einar undir aðgerð á hné í lok febrúar en hann hefur spilað og æft síðustu sex vikur án þess að kenna sér meins.

„Læknar Minden vilja skoða allar myndirnar vel og fá frekari upplýsingar frá lækninum á Spáni sem skar mig upp,“ sagði Einar Örn í gær en Minden lenti í því með Patrek Jóhannesson á sínum tíma að hann reyndist verr meiddur á hné en talið var í fyrstu og því eru læknisskoðanir leikmanna með hnémein mun ítarlegri nú en þær voru.

„Ég finn ekkert til í hnénu en ég skil vel að þeir vilji skoða hnéð gaumgæfilega. Ég vil líka sjálfur fá úrskurð um stöðuna á hnénu því ef eitthvað alvarlegt finnst þá er ég ekkert hrifinn af því að rústa á mér hnénu. Ég vil geta gengið eftir að handboltaferlinum lýkur,“ sagði Einar Örn en hann var nýkominn úr læknisskoðuninni þegar Fréttablaðið náði í hann. „Lokahnykkurinn á skoðuninni tók klukkutíma en fyrr í dag fór ég í blóðprufur og hjartaskoðanir.“

Minden er svo gott sem búið að tryggja sæti sitt í þýsku úrvalsdeildinni þegar ein umferð er eftir af mótinu. Með liðinu leikur miðjumaður íslenska landsliðsins, Snorri Steinn Guðjónsson. Einar Örn á ekki von á því að það verði mikið vandamál að ganga frá persónulegum kjörum verði niðurstaðan úr læknisskoðuninni jákvæð.



**Á LEIÐ Í NÝJAN BÚNING?** Einar Örn mátar hér brasilíska landsliðsbúninginn á ÓL í Aþenu. Hann gæti skipt um félag á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Umboðsmaðurinn minn sér eiginlega um það mál en ég hef ekki heyrt annað á honum en að það gangi allt saman upp. Ég er bara jákvæður og vona það besta,“ sagði Einar Örn Jónsson.

henry@frettabladid.is



**GRÉTAR** Harður nagli.

Grétar Sigfinnur Sigurðsson:

# Ákveðinn í að leika gegn Val

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Grétar Sigfinnur Sigurðsson í Víkingi þurfti að fara af velli þegar um hálftími var eftir af leik liðsins gegn ÍBV í Vestmannaeyjum á sunnudag. „Það var stuggað við mér, ég missti jafnvægið og lenti illa. Ég missteig mig í lendingu en tæklingin sjálf var alls ekki gróf. Ökklinn er bólginn og ég bað um skiptingu strax og þetta atvik kom fyrir. Ég trúi því samt ekki að þetta sé eitthvað alvarlegt, maður hefur oft misstígið sig og vona að þetta sé ekki eitthvað alvarlegra en áður,“ sagði Grétar.

Víkingur vann leikinn í Eyjum 1-0 og hefur því unnið tvo leiki í röð. Grétar spilaði með Valsmönnum í fyrra en næsti leikur Víkinga er einmitt gegn Val. Grétar er ákveðinn í að taka þátt í þeim leik. „Ég ætla mér að ná leiknum gegn Val, það kemur ekkert annað til greina. Ég spila á hækjum ef þess þarf,“ sagði Grétar.

- egm

FYLKIR

**Fylkir, handknattleiksdeild leitar eftir áhugasömum þjálfurum til að taka þátt í uppbyggingu yngri flokka félagsins.**

Umsóknir sendist á fylkirhandbolti@hotmail.com

**Nánari upplýsingar veitir Sigurður í 695-8843.**

**Golfmót Þróttar 2006**

Verður á Garðavelli Akranesi föstudaginn 2. júní.

Mæting kl. 13.15, ræst út kl. 14.00. Dregið í ráshópa.

Nánar á www.trottur.is eða mótaskrá www.golf.is

Skráning: Gunnar Árnason (garnason@vis.is) eða

Haukur Nikulásson (haukur@mtt.is)

blómaval

Mál Fram og Egidijusar Petkevicius ekki alveg án fordæma:

# Svipar til máls Robertas Pauzuolis

**HANDBOLTI** Það er fátt sem bendir til annars en að dómstóll HSÍ þurfi að útkljá mál Fram og markvarðarins Egidijusar Petkevicius. Fram ákvað að framlengja ekki viðaukasamningi (launasamningi) Petkeviciusar við félagið en krefst greiðslu fyrir hann þar sem leikmannasamningur markvarðarins við félagið rennur ekki út fyrr en næsta sumar.

Þetta sættir Petkevicius sig ekki við og segist tilbúinn að fara langt með málið láti Fram ekki af kröfunni. Í reglum HSÍ um leikmannasamninga kemur skýrt fram að leikmanna- og viðaukasamningur skuli hafa sömu tímamörk en þar stendur einnig að ef gildistími er ekki sá sami þá gildi tímamörk leikmannasamningsins.

„Nú þekki ég þetta mál ekki þar sem það er ekki komið inn á okkar borð en ég get þó sagt að í lögum og reglum HSÍ er ætlast til þess að það sé sami gildistími á þessum samningum. Menn eiga ekki að gera neitt annað en að hafa hlutina þannig. Það eru okkar leiðbeiningar og við ætlumst til þess að eftir þeim sé farið,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ.



**EGIDIJUS PETKEVICIUS** Tilbúinn að berjast gegn Frömurum standi þeir fast á því að krefjast greiðslu fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þessu máli svipar mjög til máls landa Petkeviciusar, Robertas Pauzuolis, er hann gekk í raðir Hauka frá Selfossi. Selfyssingar riftu samningi Litháans við félagið en fóru síðan fram á greiðslu fyrir hann þegar Pauzuolis samdi við Hauka. Það mál fór í gegnum bæði dómsstig HSÍ og hafði Pauzuolis betur og því greiddu Haukar ekkert fyrir hann. Stóri munurinn á þessum tveim málum virðist vera sá að Selfyssingar fóru eftir leiðbeiningum HSÍ og höfðu sama tíma á samningunum tveimur en því er ekki fyrir að fara í máli Fram og Petkeviciusar.

- hbg

# Heimsmeistarakeppni heima hjá þér

## Ef það er gaman að horfa

á eitthvað í **alvöru sjónvarpi** þá er það stórviðburður eins og **Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu**.

Skerpan í SAMSUNG veggsjónvörpunum er nefnilega þannig að þeir næmustu þykjast sjá grasið spretta og hljóðkerfið flytur þig upp á áhorfendapallana.

Það gildir með veggsjónvörp eins og önnur tæki að gæðin eru misjöfn. Þegar fjárfest er í **gæðamerki** eins og SAMSUNG þarf ekkert að efast – fjárfestingin skilar sér alla leið

***..að ekki sé talað um þegar annað eins tilboð er í gangi!***



*Þú sparar þér 70.000.- kr.*

40" háskerpu LCD sjónvarp

### GÆÐI Á EINSTÖKU **TILBOÐI**:

**SAMSUNG** LE40R51B
40" háskerpu LCD sjónvarp

- (High-Definition TV)
- Upplausn: 1366 x 768
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 500 cd/m2
- DNIe myndleiðrétting
- 170° sjónarhorn
- SRS TruSurround XT hljóðkerfi
- 1000 síðna textavarpsminni

&

**SAMSUNG** DVD-125
DVD upptökutæki og spilari

- DVD, DVD-RAM, DVD-R,
- DVD-RW, SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
- MP3 CD, JPEG CD DivX
- Sjálvirkur kaflaskiptir
- HDMI, scart,
- Komponent
- DV-Inngangur



SAMSUNG DVD Upptökutæki og spilari

***Aðeins kr.: 259.900,-***

FYRIR **BÆÐI** TÆKIN!

sýn

**FYLGIR FRÍTT**
með öllum 32" - og stærri sjónvörpum sem keypt eru hjá ORMSSON.*

*Undantekning er ofangreint tilboð á SAMSUNG LE40R51B

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

**ORMSSON**

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND
SÍMI 530 2900 | RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000 | HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535 | WWW.ORMSSON.IS

**Umboðsmenn: Suðurland:** Árvirkinn,Selfossi og Eyjaradio, Vestmannaeyjum. **Vesturland:** Model, Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur, Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki, SR Byggingavörur, Siglufirði, Krákur, Blönduósi, Verslunin Urð, Raufarhöfn. **Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf, Eskifirði, Beint í Mark, Vopnafirði.

**Valur 2-1 ÍA**

Laugardalsvöllur. Áhorf: 1204 Jóhannes Valgeirsson (6)

*0-1 Igor Pesic (40.)*
*1-1 Sigurbjörn Hreiðarsson (49.)*
*2-1 Garðar Gunnlaugsson (85.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 24–9 (15–4) |
| Varin skot | Kjartan 3 – Bjarki 11 |
| Horn | 10–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–19 |
| Rangstöður | 4–2 |

| VALUR 4–4–2 | | ÍA 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 7 | Bjarki Freyr | 9 |
| Steinþór | 7 | Kári Steinn | 4 |
| Valur Fannar | 7 | Heimir Einars. | 7 |
| Atli Sveinn | 7 | Bjarni Guðjóns. | 7 |
| Birkir Már | 8 | Guðjón Heiðar | 4 |
| Kristinn | 5 | Igor Pesic | 4 |
| (54. Örn Kató | 5) | Pálmi Haraldss. | 3 |
| Pálmi Rafn | 7 | Þórður Guðjónss. | 3 |
| Sigurbjörn | 7 | (63. Jón Vilhelm | 5) |
| (80. Ari Freyr | -) | Ellert Jón | 5 |
| Matthías | 5 | (46. Hafþór Ægir | 3) |
| (22. Baldur | 8) | Hjörtur | 3 |
| Guðmundur | 8 | (77. Andri Júl. | -) |
| *** Garðar** | **9** | Dean Martin | 6 |

**Maður leiksins*

**Breiðablik 2-3 Grindavík**

Kópavogsvöllur. Áhorf: 1050 Einar Örn Daníelsson (8)

*0-1 Óli Stefán Flóventsson (19.)*
*1-1 Marel Baldvinsson (vsp. 43.)*
*2-1 Marel Baldvinsson (vsp. 70.)*
*2-2 Óskar Örn Hauksson (83.)*
*2-3 Óskar Örn Hauksson (85.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–10 (6–4) |
| Varin skot | Hjörvar 3 – Colin 4 |
| Horn | 7–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–10 |
| Rangstöður | 1–2 |

| BREIÐA. 4–5–1 | | GRINDAV. 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hjörvar | 4 | Colin Stewart | 7 |
| Árni Kristinn | 7 | Kristján Vald. | 6 |
| Guðmann | 4 | (62. Ahandour | 5) |
| Srdjan Gasic | 6 | Óðinn Árnason | 6 |
| Stig Haaland | 6 | David Hannah | 6 |
| Gunnar Örn | 5 | Paul McShane | 7 |
| (83. Ragnar | -) | Óli Stefán | 7 |
| Magnús Páll | 5 | Guðmundur | 5 |
| (74. Olgeir | -) | (46. Ray Anthony | 4) |
| Petr Podzemsky | 4 | Eysteinn Húni | 6 |
| Oliver Risser | 6 | ***Óskar Örn** | **7** |
| Steinþór | 6 | Jóhann Þ. | 7 |
| Marel | 7 | (73. Guðm. Atli | -) |
| | | Sinisa Kekic | 7 |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 4 | 4 | 0 | 0 | 9-2 | 12 |
| **2. KEFLAVÍK** | **4** | **2** | **1** | **1** | **6-3** | **7** |
| 3. GRINDAVÍK | 4 | 2 | 1 | 1 | 8-7 | 7 |
| **4. FYLKIR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **5-4** | **6** |
| 5. BREIÐABLIK | 4 | 2 | 0 | 2 | 9-9 | 6 |
| **6. VALUR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **6-5** | **6** |
| 7. VÍKINGUR | 4 | 2 | 0 | 2 | 6-5 | 6 |
| **8. KR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **3-7** | **6** |
| 9. ÍBV | 4 | 1 | 0 | 3 | 3-9 | 3 |
| **10. ÍA** | **4** | **0** | **0** | **4** | **5-9** | **0** |

# Valsmenn eru vaknaðir

## Valur sýndi mátt sinn og megin gegn ömurlegu Skagaliði í Laugardal í gær. 2-1 voru lokatölurnar í leik sem Valur hefði getað unnið með enn meiri mun.

**FÓTBOLTI** Fyrsta færi leiksins kom strax á sjöttu mínútu þegar Guðmundur sendi fína sendingu á Garðar sem var í úrvalsfæri en slakur skalli Garðars fór beint á Bjarka. Leikurinn var tilþrifalítill framan af en það var aftur á móti mikið líf í Garðari sem fór illa með Kára Stein og litlu mátti muna að hann skoraði á 18. mínútu en skot hans datt ofan á slána.

Guðmundur Benediktsson fékk síðan besta færi ársins á 29. mínútu er hann stóð einn fyrir framan opið mark ÍA. Guðmundur gerðist kærulaus, var ekki nógu einbeittur og skaut boltanum fram hjá á ótrúlegan hátt.

Það var þvert gegn gangi leiksins að Igor Pesic skoraði síðan fyrir Skagamenn fimm mínútum fyrir hlé. Hann fékk fína stungusendingu frá Dean Martin, sólaði Kjartan markvörð og lagði boltann í netið. Reyndar verður að segjast að hann var grunsamlega nálægt því að vera rangstæður. Ef ekki þá var Valsvörnin að bíta gras því enginn varnarmaður Vals var nálægt Pesic.

Valur fékk fleiri úrvalsfæri fyrir hlé en leikmenn liðsins voru klaufar uppi við markið og Bjarki þar að auki vel á tánum. Valsmenn byrjuðu síðari hálfleik eins og þeir luku hinum fyrri – með miklum látum. Eftir aðeins fjögurra mínútna leik í síðari hálfleik skoraði Sigurbjörn með góðu skoti



**BROT?** Dean Martin er hér felldur í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BJARGAÐ** Bjarki Freyr Guðmundsson átti frábæran dag fyrir ÍA í gær, en því miður fyrir hann var það ekki nóg. Bjarki varði yfir tug skota í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

utan teigs eftir laglegt þríhyrningsspil við Guðmund.

Valsmenn réðu algjörlega ferðinni í leiknum og léku Skagamenn sundur og saman. Stórleikur Bjarka í markinu bjargaði ÍA hvað eftir annað.

Pressa Vals var í raun stöðug allan leikinn og eitthvað hlaut undan að láta. Það gerðist loks á 85.mínútu þegar Ari Freyr skeiðaði upp vinstri vænginn, gaf fyrir á Garðar sem fann loksins leiðina framhjá Bjarka. 2-1 og fullkomlega verðskulduð staða og að lokum sigur.

Valur lék frábæran fótbolta í þessum leik og undirritaður hefur ekki séð slíka yfirburði í háa herrans tíð hér á Íslandi. Skagaliðið var í einu orði sagt ömurlegt og leikmenn og þjálfari liðsins verða að líta í eigin barm. Ekki skrítið að Ólafur þjálfari skyldi gefa í skyn að hann væri að spá í að hætta enda virðist hann ekki ná til leikmanna liðsins lengur.

Valur sýndi og sannaði að hann er með hörkulið. Stórkostlegar fréttir fyrir liðið að Garðar og Baldur séu farnir að leika af eðlilegri getu sem og Guðmundur Benediktsson. Ef liðið heldur svona áfram fer það langt í sumar. Það er klárt mál.

„Ég er hjartanlega sammála þér, við vorum bara lélegir. Ef ég vissi af hverju, þá væri ég löngu búinn að leysa það. Vörnin var eins og gatasigti hjá okkur í dag og við máttum þakka fyrir að þeir skyldu ekki skora meira,“ sagði Ólafur Þórðarson í viðtali við Sýn eftir leikinn, þegar Arnar Björnsson tjáði honum að lið hans hefði hreinlega átt lélegan dag.

Aðspurður hvort hann væri orðinn þreyttur á þessu, lá ekki á svörunum hjá Ólafi. „Það vottar fyrir því að það sé komin þreyta á að stýra þessu liði þegar svona gengur. Ég get ekki neitað því að ég hef velt fyrir mér að hætta þessu, það hef ég gert í fullri alvöru,“ sagði Ólafur, bráðvondur eftir leikinn. **henry@frettabladid.is**

Hótel í Sviss stóð fyrir uppboði á hótelherbergjum:

# Mest borgað fyrir herbergi Ronaldo

**FÓTBOLTI** Hótel í Weggis í Sviss stóð fyrir uppboði á netinu þar sem hægt var að bóka sömu herbergi og leikmenn brasilíska landsliðsins gista á fyrir HM. Brasilíska liðið er nú í Sviss við æfingar og þeir sem buðu hæst geta fengið herbergið afhent aðfararnótt 3. júní, aðeins nokkrum klukkustundum eftir að brasilíska liðið yfirgefur hótelið og heldur til Þýskalands eftir tveggja vikna dvöl.

Athygli vekur að herbergi sóknarmannsins Ronaldos hjá Real Madrid var bókað á mestan pening eða 1.010 svissneska



**Í SVISS** Ronaldinho og Ronaldo við æfingar í Sviss. Mest var borgað fyrir herbergi þessara tveggja leikmanna á uppboði NORDICPHOTOS/AFP

franka sem eru rúmar sextíu þúsund íslenskar krónur. „Það kemur á óvart að hæsta boðið hafi verið í herbergi Ronaldos,“ sagði Philipp Musshafen, aðstoðarframkvæmdastjóri hótelsins. Herbergi Ronaldinho fór á 850 franka en þar á eftir var borgað mest fyrir að gista í sömu rúmum og Kaka, Adriano og Roberto Carlos.

Hæstbjóðendurnir fá ekki bara að gista eina nótt í sömu herbergjum og stjörnurnar heldur fá þeir einnig áritaðan landsliðsbúning Brasilíu.

Brasilíska landsliðið er í riðli með Króatíu, Ástralíu og Japan á HM og á fyrsta leik gegn Króatíu í Berlín þann 13. júní. Liðið er talið eitt það alla sigurstranglegasta í keppninni. **- egm**



**HEITUR** Tim Thomas kemur hér engum vörnum við þegar Dirk Nowitzki skýtur að körfunni.

NBA körfuboltinn:

# Dallas er yfir

**KÖRFUBOLTI** Dallas Mavericks bar sigurorð af Phoenix Suns 95-88 á útivelli í úrslitakeppni NBA deildarinnar í fyrrinótt. Það var fyrst og fremst frábær varnarleikur sem var lykillinn að sigri Dallas sem leiðir nú einvígið 2-1. Undir lok leiksins hirti Dallas hvert sóknarfrákastið á fætur öðru og gerði þar með út um leikinn.

Þjóðverjinn Dirk Nowitzki átti frábæran leik hjá Dallas og skoraði 28 stig auk þess að taka sautján fráköst en Josh Howard skoraði 22 stig og hirti 12 fráköst. Liðið hefur ekki tapað leik þar sem Howard hefur náð að skora yfir tuttugu stig. Steve Nash skoraði 21 stig fyrir Suns og gaf sjö stoðsendingar. Næsta viðureign liðanna verður í Phoenix. **- egm**



**Á MERSEYSIDE** Andy Johnson er á leið til Everton. NORDICPHOTOS/AFP

Andy Johnson á förum:

# Skrifar undir hjá Everton

**FÓTBOLTI** Sóknarmaðurinn Andy Johnson er á leiðinni í ensku úrvalsdeildina á ný en Everton hefur keypt hann á 8,5 milljónir punda. Þessi 25 ára leikmaður er aukamaður hjá enska landsliðinu fyrir HM og æfir nú með liðinu, viðbúinn því að vera kallaður inn í hópinn ef einhver meiðsli koma upp. Johnson skoraði grimmt fyrir Crystal Palace í úrvalsdeildinni en liðið féll niður í 1. deild og tókst ekki að komast upp á nýafstöðnu tímabili.

„Framtíð mín er hjá Everton, ég vil ná að afreka eitthvað með liðinu og vinna mér inn sæti í landsliðinu,“ sagði Johnson en hann mun skrifa undir fjögurra ára samning við félagið. Þá vildi hann þakka Wigan og Bolton en þau lið voru einnig með í baráttunni um að fá hann í sínar raðir. **- egm**




Allt um eftirmála Sveitarstjórnar-kosninganna. Fréttastofa NFS flytur glóðvolgar fréttir af framvindu meirihluta-viðræðna um leið og þær berast.

X 2006

EFTIRMÁL SVEITARSTJÓRNARKOSNINGANNA 2006

Hverjir ná völdum og hverjir sitja eftir? Fylgstu með á NFS

NFS digital ísland vísir VEFTV



**BARIST** Það var oft hörð barátta inni í teigunum á Kópavogsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Glæsimörk Óskars banabiti Blika

## Tvö mörk frá Óskari Erni Haukssyni í gær færðu Grindvíkingum sætan 3-2 útisigur gegn Blikum.

**FÓTBOLTI** „Maður hefur verið að æfa þetta með Janko (Milan Stefán Jankovic) og hann á því stóran þátt í þessu. Ég hef ekkert verið að gera í fyrstu leikjunum og því ljúft að ná að skora þessi mörk,“ sagði Óskar Örn Hauksson. Hann var hetja Grindvíkinga í gær með því að skora tvö stórglæsileg mörk með stuttu millibili í leik gegn Breiðabliki og færði sínum mönnum 3-2 sigur.

Leikurinn fór mjög rólega af stað og lítið um marktækifæri, en það dró loks til tíðinda á nítjándu mínútu leiksins þegar Óli Stefán Flóventsson kom gestunum yfir eftir slæm mistök í vörn Breiðabliks. Boltinn barst á Jóhann Þórhallsson sem átti skot að marki úr nokkuð þröngu færi, Hjörvar Hafliðason varði en hélt ekki boltanum og Óli Stefán skoraði auðveldlega.

Eftir markið virtust Grindvíkingar ná tökum á leiknum og voru meira með knöttinn. Það var því nokkuð gegn gangi leiksins sem heimamenn náðu að jafna metin á 43. mínútu.

Einar Örn Daníelsson var að dæma sinn fyrsta leik í efstu deild og hann benti á vítapunktinn eftir að Óðinn Árnason, fyrirliði Grindavíkur, fékk boltann í höndina. Marel Baldvinsson tók spyrnuna og skoraði af miklu öryggi framhjá hinum skoska Colin Stewart sem var að spila sinn fyrsta leik í marki Grindvíkinga og hafði fram að þessu átt náðugan dag. Stewart varði einmitt vel í upphafi seinni hálfleiksins þegar Stig Krohn Haaland náði hörkuskoti að markinu.

Allt annað var að sjá til Blikaliðsins í upphafi síðari hálfleiks og það skilaði sér í jöfnunarmarki á 70. mínútu. Þá fengu þeir aftur vítaspyrnu eftir að Grindvíkingur handlék knöttinn innan teigs og Ray Anthony Jónsson var dæmdur brotlegur. Aftur fór Marel á punktinn og gerði engin mistök.

En eftir magnaða sókn jafnaði Óskar með hreint frábæru marki og aðeins tveimur mínútum síðar skoraði hann annað glæsimark. Blikar reyndu að pressa undir lokin en það skilaði ekki marki og Grindvíkingar fóru því með öll stigin heim. „Við gáfum engin færi á okkur í fyrri hálfleik en fáum síðan á okkur þetta víti og það kveikti aðeins neistann í þeim. Við höfum verið að koma sjálfum okkur í vandræði með einbeitingarleysi,“ sagði Óskar eftir leikinn. Í síðustu þremur leikjum hafa Grindvíkingar fengið dæmdar á sig fjórar vítaspyrnur en sem betur fer fyrir þá kom það ekki að sök í gær.

- egm

Úrslitin réðust í austurríska handboltanum í gær:

# Dagur Sigurðsson og lærisveinar meistarar

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson stýrði liði sínu Bregenz til meistaratitilsins í Austurríki eftir 28-24 sigur gegn Fivers í hreinum úrslitaleik um titilinn. Bregenz vann einvígið 2-1.

„Við vorum fullir einbeitingar í leiknum. Leikáætlunin okkar gekk fullkomlega upp og stuðningsmennirnir voru frábærir og drifu okkur áfram,“ sagði Dagur eftir leikinn við fjölmiðla ytra.

„Það er liðsheildin okkar sem sem skilar þessu hjá okkur,“ bætti Dagur við, kampakátur í leikslok.



**DAGUR SIGURÐSSON** Hefur gert frábæra hluti með austurríska liðið Bregenz.










## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„We have to strike now, sir! Annihilate! Kill! Kill! Kill! Kill!“**

Svar: General Decker úr Mars Attacks! frá 1996

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR RAUNVERULEIKANUM**

# *Ameríski draumurinn í íslensku sjónvarpi*

Bandaríkst grín hefur löngum átt upp á pallborðið í íslensku sjónvarpi þótt sá raunveruleiki sem þar birtist sé í flestum tilvikum víðsfjarri hinum rammíslenska hversdagsleika. Simpson-fjölskyldan er varla til hér uppi á Fróni en þrátt fyrir það leyfi ég mér að efast um að fáir bæir séu jafn vinsælir og hinn eiturgræni Springfield ef undanskilin er Huxtable-fjölskyldan í Cosby-þáttunum sem á árum áður hélt uppi hlátrinum á íslenskum heimilum með uppeldisvænum húmor. Alla dreymdi um að eiga heimili eins og Claire og Cliff áttu í New York þar sem djassinn dunaði langt fram eftir nóttu.

Eftir að Huxtable-börnin flugu úr hreiðrinu birtist annar og nýr veruleiki sem endurspeglaðist í sjónvarpsþáttunum Vinir en hann sló öll met í vinsældum. Sú ímynd sem þar birtist er varla góð fyrirmynd fyrir ungt fólk á uppleið í dag; allt í lagi að vera atvinnulaus eða lifa á kreditkorti pabba því þú getur engu að síður búið í flottri þakíbúð í miðborg New York og eytt tímanum á besta kaffihúsi borgarinnar.



Þegar Friends hurfu af sjónarsviðinu tóku við heimskir amerískir karlmenn sem máttu þakka fyrir að eiga gáfaða konu en þá fyrst fór ég að finna mig í amerískri afþreyingu. Nöldurseggurinn Raymond í Everybody Loves Raymond myndi væntanlega ekki kunna að klæða sig í brók ef ekki væri fyrir Debru sem stjórnar heimilinu líkt og hún byggi með frummanni og Doug í King of Queens væri akfeitur og atvinnulaus ef hin röggsama Carrie væri ekki til að halda í höndina á honum. Ég væri þá væntanlega klæðalítill, sársvangur einbúi ef ekki væri fyrir konurnar í lífi mínu.

**RAYMOND** Hin nöldursami íþróttafréttamaður er ímyndin sem körlum er boðið upp á í amerísku og íslensku sjónvarpi.



▶ 21.05 *Kvikmyndir*

TAKA TVÖ



▶ 21.35 *Spenna*

PRISON BREAK



▶ 20.30 *Gaman*

TÍVOLÍ



▶ 20.00 *Veruleiki*

HOW CLEAN IS YOUR HOUSE



▶ 19.40 *Umræða*

HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**16.25** Út og suður **16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (38:52) **18.25** Andlit jarðar (1:6)

**18.30 Gló Magnaða (53:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Mæðgurnar (13:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður.
▶ **21.05 Taka tvö (3:10)** Ásgrímur Sverrisson ræðir við íslenska kvikmyndagerðarmenn um myndir þeirra og hugmyndirnar á bak við þær. Að þessu sinni er rætt við Erlend Sveinsson. Stjórn upptöku: Jón Egill Bergþórsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Víkingasveitin (4:4)** (Ultimate Force)Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál.

**23.15** Dýrahringurinn (5:10) **0.05** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Amazing Race **14.30** Supernanny **15.15** U2 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Amazing Race (10:14)** (Kapphlaupið mikla 8)Fimm lið eru eftir. Þau hefja leik í Arizona og halda sem leið liggur til Utah og Salt Lake City.
**20.50 Las Vegas (14:22)**
▶ **21.35 Prison Break (18:22)** (Bak við lás og slá) Michael þarf að finna út hvaða upplýsingar afmáði hluti teikningarinnar á baki hans hafði að geyma og leitar því til dáleiðara. 2005. Bönnuð börnum.
**22.20 The Robinsons** (Robinsons) Breskur gamanmyndaflokkur.
**22.50 Twenty Four (17:24)** (24)

**23.35** Bones (5:22) **0.20** Favour, The Watch and the Very Big Fish (Bönnuð börnum) **1.45** King Solomon's Mines **3.10** King Solomon's Mines **4.35** Fréttir og Ísland í dag **5.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (12:23)** (Vinir)
**20.30 Tívolí** Ágúst Bent mun sýna áhorfendum hvernig á að verja sig gegn ofbeldismönnum í borg óttans.
**21.00 Bernie Mac (8:22)**
**21.30 Supernatural (16:22)** Bönnuð börnum.
▶ **22.15 Light It Up** (Kveikt í kerfinu) Spennumynd um nemendur í miðskóla í Queens í New York sem segja kerfinu stríð á hendur. Aðalhlutverk: Usher Raymond, Forest Whitaker, Rosario Dawson, Judd Nelson. Stranglega bönnuð börnum.

**23.55** Extra Time – Footballers' Wive **0.20** Friends (12:23) (e) **0.45** Tívolí

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.30 All of Us (e)**
▶ **20.00 How Clean is Your House – lokaþáttur**
**20.30 Too Posh to Wash**
**21.00 Innlit / útlit – lokaþáttur** Nadia, Þórunn og Arnar Gauti leiða áhorfendur í allan sannleika um það nýjasta í hönnun, praktískar lausnir á öllu sem við kemur heimilinu og kynna áhorfendur fyrir bráðskemmtilegu og skapandi fólki. Innlit / útlit er án efa þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
**22.00 Close to Home** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Survivor: Panama – lokaþáttur (e) **0.30** Frasier (e) **0.55** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** World Traveler **8.00** Two Family House **10.00** The Five Senses **12.00** Under the Tuscan Sun **14.00** World Traveler **16.00** Two Family House **18.00** The Five Senses **20.00 Under the Tuscan Sun** (Undir Toscanasólu) Rómantísk og hugljúf gamanmynd með Diane Lane úr Unfaithful í hlutverki óhamingjusamrar og lánlausrar konu í ástarmálum sem ákveður að skella sér í ferðalag til Ítalíu eftir að hafa gengið í gegnum erfiðan skilnað.

**22.00 Smiling Fish & Goat on Fire** (Brosandi fiskur og geit í stuði) Rómantísk gamanmynd. Bræðurnir Tony og Chris deila húsi í Los Angeles. 1999. Bönnuð börnum. **0.00** Hunter: Back in Force (Bönnuð börnum) **2.00** Open Range (Bönnuð börnum) **4.15** Smiling Fish & Goat on Fire (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** The E! True Hollywood Story **14.30** E! News Special **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** Hot Love Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** The Soup **21.30** 10 Ways **22.00** Number One Single **22.30** Number One Single **23.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


FABRIKAN 2006



VEGNA FJÖLDA FYRIRSPURNA FRAMLENGJUM VIÐ UMSÓKNARFRESTINN TIL 1. JÚNÍ

Opið fyrir umsóknir á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Innlit útlit **Skjár einn** kl. 21.00

### *Lokaþáttur*

Innlit útlit er fyrir löngu orðinn góðvinur allra íslenskra áhugamanna um hönnun og lífsstíl. Í kvöld er hins vegar komið að lokaþættinum en þar má fylgjast með ýmsu forvitnilegu efni. Fylgst verður með breytingum á eldhúsi í rúmlega 100 ára gömlu húsi í miðbæ Reykjavíkur. Það var erfitt að finna innréttingu sem passaði í þetta gamla og fallega hús en eftir mikla leit tókst það. Umsjónarmenn þáttarins, þau Arnar Gauti, Nadia og Þórunn munu svo skoða nýja íbúð í Bryggjuhverfinu, svefnherbergi sem var tekið í gegn frá a til ö og einnig munu þau fylgjast með ungu pari sem er að berjast við að klára íbúðina sína áður en yngsti fjölskyldumeðlimurinn kemur í heiminn, en þau tóku við íbúðinni fokheldri fyrir þremur vikum síðan. Auk þess kynna þau nokkrar nýjungar sem eiga eftir að nýtast öllum vel í sumar.



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 2 | | | 4 |
| | 5 | 3 | 9 | | | | | |
| | | | | 6 | | | 5 | |
| 3 | | | 7 | | | 2 | | 6 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | | 4 | | | 3 | | | 9 |
| | 8 | | | 1 | | | | |
| | | | | | 7 | 8 | 3 | |
| 7 | | | 4 | | | | 9 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 | 1 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 9 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 5 | 2 | 7 | 4 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 9 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 |



KB-BANKA MÓTARÖÐIN 2006

▶ **21.00** *Golf*

SÝN *besta sætið*

**14.10** Miami-Detroit **16.10** Landsbankadeildin 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Gillette HM 2006 sportpakkinn** (Gillette World Cup 2006) Öll liðin og leikmennirnir á HM 2006 í Þýskalandi teknir ítarlega fyrir. Frammistaða einstakra leikmanna í undakeppninni rifjuð upp, viðtöl við lykilleikmenn og þjálfarana, leikvangarnir skoðaðir og sérfræðingar spá í spilin.
**18.55** **HM 2006** (England – Ungverjaland)
▶ **21.00 KB banka mótaröðin 2006**
**22.00** Sporðaköst II

**22.30** HM 2006 (England – Ungverjaland)
**0.10** Ensku mörkin

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn

**19.30** Laufskálinn **20.10** Kvöldtónar **20.20** Ástarbrall á Þingvöllum **21.00** Þau létu verkin tala **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Fiðlusnillingar barokksins **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


digital ísland
FRÁBÆR DAGSKRÁ - FULLKOMIN TÆKNI

# FJÖLGUN SJÓNVARPSSTÖÐVA

Áskrifendum sem ná digital sendingum í gegnum UHF loftnet bjóðast nú fleiri sjónvarpsstöðvar. Við bætast Sýn+, Sýn extra 1 og Sýn extra 2, sem er kærkomin viðbót fyrir HM 2006.



**Við þessa nýjung í dreifikerfi Digital Íslands missa viðskiptavinir okkar út NFS, Sirkus, Sýn og Stöð 2+.**

**Til þess að endurheimta stöðvarnar þarftu að gera eftirfarandi:**

1. Ýttu á MENU á fjarstýringunni
2. Veldu sjálfvirka leit og ýttu á OK
   (ef valmyndin er læst veljið þá 0000 og OK)
3. Fylgið upplýsingunum á skjánum og nýjar stöðvar bætast við
4. Til að fara út úr valmyndinni, veljið EXIT

2 2+ 2 BÍÓ NFS SIRKUS SÝN



## HRÓSIÐ

*...fær Völundur Snær Völundarsson fyrir að ætla að deila visku sinni um grillmat með landsmönnum í sumar.*

## AÐ MÍNU SKAPI: ANNA SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR EIGANDI HÁRSTOFUNNAR GEL

# *Erykah Badu, Brick Lane og tónlistarhátíð í Leeds.*

**Tónlist:** Ég hlusta mikið á tónlist en ég er rosalega léleg að muna nöfn. Í vinnunni hlusta ég mikið á teknó að hætti Jón Atla samstarfsmanns míns og ég fíla það mjög vel en þegar ég kem heim til mín eftir vinnu er það gömul dægurtónlist sem verður fyrir valinu. Lög Gylfa Ægissonar eru alltaf góð. Ég er einnig einlægur aðdáandi Erykuh Badu og finnst mér hennar tónlist alltaf standa fyrir sínu.
**Bókin:** „The Camino“ eftir leikkonuna Shirley McLaine er í miklu uppáhaldi hjá mér. Hún fjallar um göngu leikkonunnar milli Spánar og Frakklands en það er þekkt gönguleið fyrir fólk sem er að leita að sjálfu sér. Það er víst einhver ákveðin orka sem fylgir þessari leið. Ég væri meira en lítið til í að ganga þessa leið sjálf.
**Borgin:** Ég er nú ekki mikið borgarbarn og finnst best að vera úti í náttúrunni. Þess vegna verð ég að segja að Reykjavík sé mín uppáhaldsborg vegna þess að hún er nógu lítil og nógu stór fyrir mig. Í sérstöku uppáhaldi er auðvitað hornið á Klapparstíg og Hverfisgötu þar sem stofan mín er staðsett.
**Bíómyndin:** Það sem kemur fyrst upp í huga minn eru myndirnar Gammo og Kung Fu Hustle. Mér finnst Gammo góð vegna þess að hún sat lengi í mér bæði á óþægilegan og góðan hátt. Svo kom Kung Fu Hustle mér á óvart með brjálæðislega fyndnum húmor og skemmtilegum stíl en hún er sett í eins konar teiknimyndastíl. Ég er ekki mikið fyrir svona amerískar þvælumyndir þar sem endirinn er fyrirsjáanlegur og maður fær ekkert út úr að horfa á.
**Búðin:** Ég bjó í London fyrir nokkrum árum og þar fann ég mína uppáhaldsbúð. Þetta er lítil hönnunarbúð sem staðsett er á einni af skemmtilegustu götum Lundúnaborgar, Brick Lane. Þetta er búð sem var opnuð af ungum hönnuðum og vinna þeir mikið með að breyta gömlum jakkafötum. Þeir gera bara eitt eintak af hverri flík þannig að það er ekki möguleiki á að hitta einhvern í alveg eins flík og maður á. Ég er mikið fyrir það.
**Verkefnið:** Sumarfrí er nú bara ofarlega í huga mér þessa dagana enda farin að þrá að komast í frí eftir strembinn vetur. Ég er að fara ásamt kærasta mínum og hóp af góðu fólki á tónlistarhátíð rétt fyrir utan Leeds í júlí. Hún heitir „Moore, music festival“ og er þetta annað árið sem að hún er haldin. Þar er spiluð teknó- og elektró-tónlist og hlakka ég til að fara og dansa undir berum himni. Einnig ætlum við samstarfsfélagarnir á Geli að gera saman myndband sem verður ekki þetta týpíska hárgreiðslumyndband heldur skemmtilegt myndband sem verður vonandi sýnt í glugganum á Gel í vetur.





**LÁRÉTT:** 2 íþrótt 6 ryk 8 þrep í stiga 9 kóf 11 guð 12 langt op 14 örðu 16 tímaeining 17 flana 18 tilvist 20 í röð 21 gera við.

**LÓÐRÉTT:** 1 tif 3 klukka 4 þora 5 hljóma 7 mýrakalda 10 starfsgrein 13 líða vel 15 þraut 16 fiskur 19 skóli.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** 2 júdó, 6 im, 8 rim, 9 kaf, 11 ra, 12 klauf, 14 agnar, 16 ár, 17 asa, 18 líf, 20 tu, 21 laga.
**LÓÐRÉTT:** 1 tikk, 3 úr, 4 dirfast, 5 óma, 7 malaría, 10 fag, 13 una, 15 raun, 16 áll, 19 fg.

## VEISTU SVARIÐ

svör við spurningum bls. 8

1 Útrýmingarbúðir nasista í Auschwitch
2 Ómar Stefánsson
3 Fernando Alonso






## ÖNNUR PLATA BAGGALÚTS: UPPTÖKUM LÝKUR Á FLÚÐUM

# Glænýtt Hawaii-sánd með landsbyggðarívafi

Hljómsveitin Baggalútur lýkur upptökum á sinni annarri breiðskífu á Flúðum í næsta mánuði. Fyrsta plata Baggalúts, Pabbi þarf að vinna, hlaut mjög góðar viðtökur á síðasta ári, þar sem kántrílög voru í fyrirrúmi. Þeim til aðstoðar í titillagi plötunnar var enginn annar er Rúnar Júlíusson og náði lagið töluverðum vinsældum.

Að sögn Guðmundar Pálssonar, Baggalúts, hafa upptökurnar fyrir nýju plötuna gengið ljómandi vel. „Þetta verður tímamótaplata og við verðum með alveg glænýtt „sánd“. Þetta hefur aldrei verið gert áður; svona landsbyggðar Hawaii-glimmer-köntrí,“ segir Guðmundur í léttum dúr. „Við erum með glæsilegt lið hljóðfæraleikara með okkur, þar á meðal nokkra frá Nashville sem eru einhverjir þeir færustu í heimi,“ segir hann. „Við komumst í samband við hljóðver í Nashville í gegnum síðustu plötu. Þar náðum við sambandi við banjóleikara sem var gjörsamlega trylltur því hann spilaði svo vel og hratt. Okkur vantaði þessi ekta gömlu amerísku hljóðfæri fyrir þessa plötu sem voru mikið notuð upp úr aldamótunum 1900 þegar Hawaii-köntrí tónlistin var hvað vinsælust,“ segir Guðmundur. „Það eru ekki margir á Íslandi sem ráða við svona hljóðfæri. Reyndar er Guðmundur Pétursson að spila líka og ég held að hann sé búinn að slá öll met í gítarleik á þessari plötu. Hann er ótrúlegur.“

Guðmundur bætir við að þeir félagar í Baggalúti hafi einnig haft samband við panflautusnilling frá Rúmeníu, Gheorghe Zamfir, og óskað eftir kröftum hans á plötunni. „Hann er búinn að gefa út plötu með öllum helstu slögurum sögunnar. Við höfum náð sambandi við hann og hann er að bræða það með sér hvort hann ætli að leggja sitt af mörkum.“

Ef allt gengur að óskum mun nýja platan koma út í sumar en hún hefur enn ekki fengið nafn. Vegna anna við gerð hennar mun Baggalútur lítið spila í sumar. Einhverjir tónleikar eru þó fyrirhugaðir, þar á meðal á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Heimasíða Baggalúts, hin óborganlega baggalutur.is, fer síðan í sumarfrí samkvæmt venju í júní og opnar aftur í ágúst.

freyr@frettabladid.is



**BAGGALÚTUR** Baggalútsmenn verða í Hawaii-stuði á nýju plötunni sinni sem er væntanleg í sumar. MYND/GUÐMUNDUR FREYR VIGFÚSSON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Bubbi Morthens** fagnar fimmtugsafmæli sínu með stórtónleikum í Laugardalshöll eftir slétta viku. Aðdáendur kappans láta ekki bjóða sér svona tækifæri tvisvar og seldist upp á tónleikana á mettíma. Óhætt er að fullyrða að færri komast að en vilja enda tekur Höllin ekki nema um fimm þúsund gesti og Bubbi selur jafnan helmingi fleiri eintök af plötum sínum. Það er því gleðiefni fyrir þá sem ekki fengu miða að Stöð 2 mun sýna beint frá tónleikunum. Sjónvarpsáhorfendur geta því komið sér þægilega fyrir í sófanum að viku liðinni og horft á Bubba á tónleikum í næstum þrjár klukkustundir.



Fyrsta tölublað Reykjavíkmag kemur út á fimmtudaginn og samhliða því verður vefurinn Reykjavík.com opnaður. Hér er um að ræða nýjar upplýsingaveitur um lífið í Reykjavík, en blaðið og vefurinn eru á ensku og eru sérstaklega ætluð erlendum ferðamönnum. Reykjavíkmag verður dreift um alla borg og í blaðinu, sem og á vefnum, verður að finna ferska umfjöllun um menningarviðburði, veitingastaði, tísku og fleira. Ritstjóri blaðsins er **Anna Margrét Björnsson**, fyrrum ritstjóri Iceland Review og ritstjórnarfulltrúi er **Hanna Björk Valsdóttir**, fyrrum ritstjóri Málsins. Þá hefur frést að ljósmyndarinn **Silja Magg** sé viðriðin útgáfuna en hún hefur sést á nokkrum fundum.



Íslendingar gerðu það gott á kvikmyndahátíðinni í Cannes sem lauk um helgina. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fékk kvikmyndatökumaðurinn **Jakob Ingimundarson** Gullpálmann fyrir norsku stuttmyndina Sniffer. Önnur norsk mynd var verðlaunuð í Critic's Week flokknum, Den bryesomme mann, en meðframleiðendur hennar eru þeir **Ingvar Þórðarson** og **Júlíus Kemp** hjá kvikmyndafélaginu Kisa. Myndin var að hluta til tekin upp hér á landi á síðasta ári. **Ásgrímur Sverrisson** greinir frá því á vef Lands og sona að sjálfur **Brad Pitt** hafi keypt réttinn á að endurgera myndina svo það er hreint ekki útséð með velgengni Íslendinga í kvikmyndaheiminum.

-hdm








# Kallarnir aftur í útvarpið

„Þetta er náttúrlega mjög fyndinn þáttur enda erum við ekkert eðlilega skemmtilegir,“ segir Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillzenegger í Köllunum.is. Egill og félagar hans Hjöbbi Ká og Partí-Hjálmar eru farnir að stjórna nýjum útvarpsþætti á X-inu 977 á laugardögum á milli 14-17.

„Við munum auðvitað bjarga laugardeginum fyrir vinnandi menn, drengi sem eru að vinna á lager og eitthvað slíkt. Loksins er kominn skemmtilegur útvarpsþáttur á dagskrá hér á landi,“ segir Egill kokhraustur. Fyrsti þáttur Kallanna var síðasta laugardag og tókst þeim strax að vekja ómælda eftirtekt. „Við auglýstum þetta ekkert en samt stoppaði síminn ekki. Það sem vakti mesta eftirtekt var keppnin um þyngsta punginn. Það verður fastur liður þar sem menn vigta á sér punginn í beinni útsendingu og sá sem er með þyngsta punginn sigrar,“ segir Egill sem viðurkennir að þetta hafi verið með því ógeðfelldara sem hann hefur séð.

Kallarnir voru eitt sinn með útvarpsþátt á KissFM en eru nú komnir á X-ið. Egill segist kunna ágætlega við það að vera kominn á rokkstöð. „Þetta er nú bara nýbyrjað en við fílum alveg góða rokkslagara og líst afskaplega vel á þetta.“



**EGILL EINARSSON** Gillzenegger og félagar stjórna nýjum útvarpsþætti á X-inu á laugardögum.




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## Þriðja höndin

Frá landnámi og fram á síðustu öld bjuggu kynslóðirnar gjarnan undir sama þaki. Þetta var ekki tilviljun heldur útspekúlerað plott sem gekk fullkomlega upp. Allir höfðu praktískt hlutverk trúi ég, til dæmis gátu afinn og amman dillað börnunum á meðan foreldrarnir voru úti á engi.

**ÞEIM** sem lögðu þetta ágæta kerfi niður hefur varla verið sjálfrátt, að minnsta kosti er viljugri ömmunni ætíð tekið fagnandi á mínu heimili. Einhver sagði að amma nútímans hafi tekið við hlutverki þarfasta þjónsins en móðir mín kvartar aldrei yfir hlutskipti sínu. Á þannig kannski eitthvað sameiginlegt með klárnum sem leitar þangað sem hann er kvaldastur, að minnsta kosti er full vinna að heimsækja okkur. Litlu dæturnar vilja absolútt láta sinna sér viðstöðulaust svo hverjum sem til mín villast er umsvifalaust rétt smábarn. Þá get ég á meðan sinnt einhverju sem þarf tvær hendur til.

**SENNILEGA** mun ég síðar sjá þetta annasama tímabil ævinnar í rómantísku ljósi en akkúrat núna vantar mig helst þriðju höndina. Hún kæmi í góðar þarfir við ýmsar aðstæður. Til dæmis þegar ég kem heim með tvö gargandi börn, fimm innkaupapoka og fæ ekkert bílastæði. Rogast geðvond í slagveðri upp tröppurnar, kötturinn þvælist mjálmandi fyrir fótunum á mér á meðan ég reyni að gramsa eftir húslyklunum á víðáttumiklum töskubotninum. Einmitt þá sárvantar mig þriðju höndina.

**LÍKA** þegar ég spóla um heimilið og geng frá í snatri því sem liggur tvist og bast. Nýti ferðalagið á klósettið og til baka til að tína upp kubb, dúkku og skeið og held allt í einu líka á dagblaði, nærbol og hárugri karamellu. Eða þegar mata skal þrjá í einu. Þá væri upplagt að hafa þriðju höndina.

**EINMITT** þegar ég barma mér yfir öllum þessum önnum og finnst enginn hafa jafnmikið að gera rifjast upp blaðaviðtal við stúlku fyrir nokkrum árum. Hún hafði áður lent í slysi og misst annan handlegginn en var samt bara kát með lífið. Sinnti öllu sínu með hinni hendinni, þar á meðal hvítvoðungi. Sagði að þetta væri ekkert mál en henni fyndist tilhugsunin um tvo handleggi hreinn munaður.

**ÞÁ** man ég loksins eftir að þakka fyrir báða mína.


SIMPLY CLEVER

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4098

# RUGLVERÐ 1.690.000 kr.




## Takmarkað magn!

Aðeins
**19.790** kr. á mánuði.
Miðað við aðeins 20% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða í blandaðari myntkörfu.

**Skoda**Octavia Terno
Vegna hagstæðra samninga við Skoda verksmiðjurnar getum við núna boðið takmarkað magn Octavia Terno með 1,6 lítra vél, álfelgum, ABS hemlalæsivörn, rafmagni í rúðum, ASR spólvörn, aksturstölvu, hita í speglum o.fl. á aðeins **1.690.000 kr.**

HEKLA

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

FRJÁLSI

# FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is

VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,5%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 3.4.2006

Fíton/SÍA